








ÚTSALA
Á ERLENDUM BÓKUM
Opið laugardaginn 9. apríl
frá 11-16 á Háskólatorgi
35-70%
afsláttur



bóksala stúdenta
www.boksala.is


# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
9. apríl 2011
83. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Þarf að klípa mig

*Heiða Ólafsdóttir fer með sitt fyrsta burðarhlutverk í Þjóðleikhúsinu.*

**leikhús** 26

## Hagkvæm hugsjón

*Dr. Maximilian Conrad, nýr kennari í Evrópufræðum, ræðir stríð, frið og Ísland.*

**evrópusambandið** 28



## Allir geta spilað

*Hljómsveitin Samaris, sigurvegari Músíktilrauna, æfði stíft fyrir keppnina.*

**krakkasíðan** 54



**KOSIÐ UM ICESAVE-SAMNINGINN Í DAG** Rúmlega tíu prósent kjósenda, um 24 þúsund manns, höfðu á tíunda tímanum í gærkvöldi kosið utan kjörfundar í Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslunni. Svo mikil var þátttakan að upplagið af atkvæðaseðlum kláraðist og þurfti að prenta fleiri. Kjörstaðir opna klukkan níu í dag og lokar þeim víðast hvar klukkan tíu. Líkur eru á fyrstu tölum um ellefuleytið í kvöld. Sjá síður 2, 6 og 12. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna




# Vilja rannsaka blý í börnum

**Sérfræðingar hjá Háskóla Íslands og Matís reyna um þessar mundir að fjármagna rannsókn á allt að 120 börnum vegna mengunar frá sorpbrennslum. Leitað verður að þungmálmum, meðal annars blýi og díoxíni.**

**UMHVERFISMÁL** Verið er að leggja drög að nokkuð umfangsmikilli rannsókn þar sem leitað verður að þungmálmum í hári barna á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri.

Hugmyndin að rannsókninni er tilkomin vegna mengunar frá sorpbrennslum í sveitarfélögunum þremur.

Ætlunin er að skoða skólabörn á aldrinum fimm til tíu ára, allt að þrjátíu börn á hverjum stað auk viðmiðunarhóps, segir Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við heilbrigðisvísindasvið HÍ, sem vinnur að fjármögnun rannsóknarinnar ásamt Hrönn Jörundsdóttur, verkefnastjóra hjá Matís, en hugmyndin er þeirra.

Þórhallur segir að erlendis séu slíkar rannsóknir yfirleitt settar af stað þegar áþekk mál koma upp.

En af hverju börn á þessum aldri? „Börn eru mun viðkvæmari en fullorðnir fyrir þessum efnum og þau eru meira í snertingu við ryk og jarðveg utandyra en fullorðnir,“ segir Þórhallur. „Upptaka þessara efna er því oft hlutfallslega meiri hjá börnum en fullorðnum.“

- shá / sjá síðu 4

Ný – Bútasaumsverslun
Quiltkarfan • Faxafeni 9
Opið mán til föst. 10-18
Sími 572 3040
Vertu velkomin
Sæa, Ásta, Villa og Helga
www.quiltkarfan.is






## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, er snjótittlingur uppáhaldsfuglinn þinn?*

„Nei, mýrisnípa hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi.“

Sigurður Hjartarson, safnstjóri Hins íslenzka reðasafns á Húsavík, fullkomnaði safn sitt á dögunum. Hann stillti í gær upp eintaki sem Páll Arason ánafnaði safninu. Uppáhaldsfugl Sigurðar er í daglegu tali kallaður hrossagaukur.

Gunnar Jónsson ætlaði að flytja tíu kíló af amfetamíni frá Hollandi á Íslandsmarkað en var handtekinn:

# Íslendingur í átta ára fangelsi í Danmörku

**DÓMSMÁL** Íslendingur fæddur 1978, Gunnar Jónsson, var fyrir nokkrum vikum dæmdur í átta ára fangelsi í Danmörku fyrir fíkniefnasmygl.

Hann fór akandi með tæp tíu kíló af amfetamíni frá Hollandi til Danmerkur í gegnum Þýskaland og var handtekinn þegar hann kom yfir landamærin 17. nóvember síðastliðinn. Gunnar var búsettur á Íslandi.



KARL STEINAR VALSSON

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að Íslendingur hafi hlotið átta ára fangelsisdóm þar ytra fyrir fíkniefnabrot 8. mars.

Karl segir að málið hafi verið á forræði þarlendra lögregluyfirvalda en að þau hafi notið liðsinnis íslensku lögreglunnar við rannsóknina. „Það er sameiginlegt mat okkar að þessi fíkniefni hafi verið ætluð á Íslandsmarkað,“ segir hann.

Karl segir að einn maður, fæddur 1962, hafi verið handtekinn og yfirheyrður hérlendis í janúar grunaður um tengsl við málið. Honum hafi síðan verið sleppt.

Gunnar hefur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, lítils háttar afbrotasögu á Íslandi. - sh



**MIKIÐ MAGN** Lögregluyfirvöld hér heima og í Danmörku eru sammála um að Gunnar hafi ætlað að flytja amfetamínið til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mannslimurinn loks afhjúpaður á safninu

**Getnaðarlimur Páls Arasonar heitins var afhjúpaður við hátíðlega athöfn á Hinu íslenzka reðasafni á Húsavík í gær. Er þetta fyrsti limur af homo sapiens sem safnið fær til sýnis. Safnsins bíða þrír limir frá erlendum mönnum.**

**FÓLK** Hið íslenzka reðasafn hefur nú afhjúpað fyrsta karlmannsliminn. Eins og kunnugt er ánafnaði Páll Arason, ferðafrömuður og athafnamaður úr Hörgárdal, safninu lim sinn að sér gengnum.

Sigurður Hjartarson reðurstofustjóri er afar ánægður með nýjustu viðbót safnsins.

„Mér finnst gripurinn frábær. Þetta er fyrsta mannseintakið sem ég eignast og það af frægum manni, háöldruðum,“ segir Sigurður. „Þetta er glæsilegt eintak. En ég veit þó ekki hvaða mat konur leggja á glæsileg eintök. En þær verða bara að koma að sjá þetta og bera liminn saman við þá sem þær hafa séð og leggja sitt mat á málið,“ segir Sigurður.

Páll hét safninu getnaðarlim sínum árið 1996 og varð úr því mikið fjölmiðlafár. Pétur Pétursson, læknir á Akureyri, undirritaði samning þar sem fram kom að hann myndi framkvæma aðgerðina eftir andlát Páls, sem undirritaði skjalið einnig í viðurvist votta.

Um fimmtíu manns voru boðnir á frumsýningu á limi Páls í gær, en Pétur afhjúpaði gripinn, eins og samningurinn sagði til um. Páll hefur verið heiðurslimur safnsins frá því að hann útnefndi safninu getnaðarfæri sín, en hann lést 5. janúar síðastliðinn, þá 95 ára að aldri.

„Ég vona að þetta eigi eftir að gera mikið fyrir safnið,“ segir Sigurður. „Þetta á að minnsta kosti ekki eftir að draga úr aðsókninni.“

Sigurður hefur fengið þrjá samninga til viðbótar frá mönnum sem vilja gefa safninu lim sinn, einum Breta, einum Þjóðverja og einum Bandaríkjamanni. Sigurður segir þann bandaríska hafa lýst yfir gremju sinni yfir því að hafa ekki náð því að eiga fyrsta karlmannsliminn á safninu. „Hann ætlaði bara að gefa hann á meðan hann var enn á lífi,“ segir Sigurður.

Hið íslenzka reðasafn hefur fengið um 11 þúsund gesti á síðustu tveimur sumrum og er orðið eitt af vinsælustu ferðamannastöðunum á Húsavík. sunna@frettabladid.is



**STÓRA STUNDIN** Fjöldi manns var samankominn til að líta nýjasta djásn Reðasafnsins þegar mannslimurinn var afhúpaður við hátíðlega athöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRYGUR HNEFILL

### Beraði liminn í bresku sjónvarpi

Páll var staddur í Bretlandi árið 2001, þar sem hann kom fram í sjónvarpsþættinum Eurotrash. Í samtali við DV segir íslensk kona sem er búsett í Bretlandi að Páll hafi farið mikinn í „bersöglum lýsingum af bólfimi sinni á árum áður og kom fram að hann hefði veitt að minnsta kosti 300 konum unað á lífsleiðinni“. Nærmynd var síðan tekin af kynfærum Páls, en eins og gefur að skilja voru þau, og gjafmildi hans sjálfs, ástæðan fyrir komu hans í þáttinn.

Páll var einnig eftirminnilegur viðmælandi í þætti Erps Eyvindasonar, Íslenskri kjötsúpu, þar sem hann lét ýmislegt flakka um skoðanir sínar á lífinu og tilverunni.

> Mér finnst gripurinn frábær. Þetta er fyrsta mannseintakið sem ég eignast og það af frægum manni, háöldruðum“
>
> SIGURÐUR HJARTARSON REÐURSTOFUSTJÓRI

Kynferðisbrot á Akranesi:

## Mál kennara í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Kennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hefur verið kærður til lögreglu vegna gruns um að hafa átt mök við barn undir 15 ára aldri og hugsanlega greitt fyrir.

Fréttavefurinn Skessuhorn greindi frá því í gær að rannsóknarlögregla hafi gert húsleit í skólanum vegna málsins. Kennarinn, sem hóf störf við skólann árið 1977, hefur verið sendur í leyfi á meðan rannsókn stendur yfir.

Sá sem fundinn er sekur um mök við barn undir 15 ára aldri getur átt yfir höfði sér eins til sextán ára fangelsisdóm en sektargreiðslu eða eins árs fangelsi verði hann fundinn sekur um að hafa greitt fyrir kynmök. - jab

Óvissa á Fílabeinsströndinni:

## Gbagbo enn í byrginu sínu

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Enn ríkir óvissuástand á Fílabeinsströndinni þó Alassane Ouattara virðist hafa náð yfirráðum í landinu eftir fjögurra mánaða deilur í kjölfar forsetakosninga. Laurent Gbagbo, fráfarandi forseti, er enn í felum í neðanjarðarbyrgi undir forsetahöllinni.**



LAURENT GBAGBO

**Á meðan hafa tugir líka fundist á víð og dreif um borgina Abidjan og þar var enginn á ferli í gærdag.**

**Ástandið einkennist af óvissu um framhaldið og er alls óvíst hvort takast muni að afstýra borgarastyrjöld.** - þj



**10 PRÓSENTA HÆKKUN** Samkvæmt heimildum RÚV ræða SA og ASÍ um að laun hækki um 10,3 prósent næstu þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kjaraviðræður SA og ASÍ:

## Ræða um 10% hækkun launa

**KJARAMÁL Aðilar vinnumarkaðarins ræða nú tíu prósenta hækkun launa á næstu þremur árum.**

**Í sjónvarpsfréttum RÚV í gær kom fram að launaliðir hefðu verið til umræðu á samningsfundum SA og ASÍ og sú útfærsla sem sé til umræðu nú feli í sér 10,3 prósenta hækkun.**

**Samningar tækju samkvæmt því gildi 15. júní, en 50.000 króna eingreiðsla yrði greidd út við undirritun.**

**Þá sé einnig rætt um að lægstu laun verði hækkuð í þrepum upp í 200 þúsund fyrir lok samningstímans.** - þj / sjá síðu 8

Borgarastríð í Líbíu:

## NATO gagnrýnt fyrir mistök

**LÍBÍA, AP** NATO er nú harðlega gagnrýnt fyrir frammistöðu sína eftir að hafa tekið við stjórn aðgerða í Líbíu fyrir tíu dögum.

Sérstaklega er bandalaginu legið á hálsi fyrir mistök sem urðu í aðgerðum þess. Til dæmis voru gerðar loftárásir á skriðdreka uppreisnamanna á fimmtudag þar sem fimm létust og margir skriðdrekar voru eyðilagðir.

Talsmenn NATO neituðu hins vegar að biðjast afsökunar á atvikinu þó Anders Fogh Rasmussen, aðalritari bandalagsins sagðist harma mannfallið. -þj


FLOTTAR FERMINGARGJAFIR
HJÁ JÓNI OG ÓSKARI



Kærleikskrossinn úr silfri
kr. 10.600
m/festi – íslensk hönnun



Íshringur úr Icecold línunni
kr. 12.900
úr silfri – íslensk hönnun

PIPAR\TBWA • SÍA
ICECOLD
JÓN & ÓSKAR 1971-2011 40
WWW.JONOGOSKAR.IS LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN


Fyrrverandi forseti Íslands vill fara samningaleiðina í Icesave-málinu:

# Vigdís segir já við samningnum

**ICESAVE** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, segist í tilkynningu til fjölmiðla þegar hafa greitt atkvæði með samningi um lausn Icesave-deilunnar.

Hún segist ekki hafa lagt það í vana sinn að lýsa afstöðu sinni til umdeildra mála, en nú hafi mikill fjöldi fólks innt hana eftir skoðun hennar á málinu. Henni sé umhugað um framtíð þjóðarinnar og því upplýsi hún nú um ákvörðun sína að vel athuguðu máli.

Í tilkynningunni segir Vidís meðal annars: „Í afstöðu minni hef ég ekki síst haft í huga þau gömlu sannindi að deilur beri að leysa með samningum. Það er aðal friðsamra þjóða, en ekki að heyja langvinn stríð um óljós efni. Það er þannig sem traust myndast milli þjóða.“

Vigdís segir að frá hennar sjónarmiði leiki enginn vafi á því að orðstír Íslendinga muni bíða mikinn skaða af áframhaldandi deilum, dómsmálum og lagaþrætum.

„Þá er mikið í húfi að við Íslendingar snúum sem fyrst baki við sundrungu og deilum og stöndum heldur saman að því að byggja upp heildstæða og farsæla framtíð fyrir land og lýð. Þess kann ég best að óska Íslendingum.“ - þj



**SAGÐI JÁ** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, segist hafa kosið með Icesave-samningunum. Orðstír Íslendinga muni skaðast af áframhaldandi deilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kringlan
Fjölskyldudagur
Sunnudaginn 10. apríl
14.00 Íþróttaálfurinn og Solla Stirða skemmta og gefa Latabæjar skyrís frá Kjörís
15.00 Trúðurinn Wally
Andlitsmálun og fríar blöðrur
Taktu þátt í grettukeppni á Facebook-síðu Kringlunnar og þú gætir unnið miða í Sambíóunum Kringlunni.
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ. Latibær ®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

## GENGIÐ 08.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,32 | 112,86 |
| Sterlingspund | 183,73 | 184,63 |
| Evra | 161,81 | 162,71 |
| Dönsk króna | 21,696 | 21,822 |
| Norsk króna | 20,736 | 20,858 |
| Sænsk króna | 18,022 | 18,128 |
| Japanskt jen | 1,3165 | 1,3243 |
| SDR | 178,83 | 179,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,8229

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Framsóknarflokksins segir Íslendinga oft hafa þurft að berjast fyrir rétti sínum:

# Sigmundur minntist ekkert á Icesave-málið

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, vék ekki einu orði að Icesave-málinu í ræðu sinni við setningu 31. flokksþings Framsóknar í Háskólabíói í gær.

Skiptar skoðanir eru um Icesave-málið innan Framsóknarflokksins, líkt og margra annarra flokka. Þorri þingflokksins greiddi atkvæði gegn samningnum á þingi, en Guðmundur Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttir hafa lýst yfir opinberum stuðningi við hann.

Þótt Sigmundur hafi ekki nefnt Icesave á nafn sagði hann þetta: „Íslendingar hafa oft staðið frammi fyrir því að þurfa berjast hart fyrir réttindum sínum en ávallt gert það með rökum fremur en ofbeldi."

Þegar framsóknarmenn og sósíalistar hafi ákveðið að segja upp samningi við Breta frá 1901 sem gerði þeim kleift að veiða við strendur landsins hafi Alþýðuflokkurinn brugðist ókvæða við og hótað stjórnarslitum. „Rökin voru þau að ekki mætti ögra alþjóðasamfélaginu, mikilvægir markaðir í Bretlandi og víðar voru í húfi, lánafyrirgreiðsla o.s.frv. Framsókn fór sínu fram og þjóðin hafði sigur," sagði Sigmundur.

Formaðurinn vék einnig að Evrópusambandsumræðunni í ræðu sinni og sagði að flokksmönnum þætti mörgum að afstaðan til Evrópusambandsins þyrfti að vera skýrari. Sá vilji birtist í því málefnastarfi sem fram hefði farið í aðdraganda flokksþingsins. - sh



**KEIKUR FORMAÐUR** Sigmundur sagði Ísland vera land framtíðar. Framsókn myndi ryðja bæði ríkisstjórninni og skuldavanda þjóðarinnar úr vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vextir hækka á evrusvæðinu:

## Tilraun til að slá á verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL Líkur eru á að seðlabankar heimsins hækki stýrivexti á næstunni. Evrópski seðlabankinn ruddi brautina á fimmtudag og hækkaði stýrivexti úr 1,0 prósenti í 1,25. Camilla Sutton, sérfræðingur gjaldeyrismála hjá kanadíska bankanum Scotia Captial, sagði, í samtali við AP-fréttastofuna í gær, hækkunina tilraun til að draga úr verðbólgu. Hún taldi líkur á að aðrir seðlabankar fylgdu fordæminu fljótlega.**

**Gengi evrunnar styrkist nokkuð eftir vaxtaákvörðunina og hefur hún ekki verið sterkari gagnvart Bandaríkjadal síðan í janúar í fyrra.** - jab



JEAN-CLAUDE TRICHET

Nýjar reglur um dýrameðferð:

## Bannað að slíta eistu úr grísum

**LANDBÚNAÐUR** Óheimilt er að gelda grísi, eldri en sjö daga gamla, án deyfingar. Einnig er óheimilt að slíta úr þeim eistun og klippa halann af þeim án brýnnar nauðsynjar. Kemur þetta fram í nýútgefinni reglugerð frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu um aðbúnað og heilbrigði svína.

Dýralæknum er nú einum heimilt að gelda grísi, eða þeim sem hafa fengið til þess sérstakt leyfi frá Matvælastofnun, en eins og fram hefur komið hefur verið algengt að svínabændur geldi dýrin sjálfir. - sv

# Vilja mæla blý í hári barna

**Sérfræðingar hjá Háskóla Íslands og Matís undirbúa rannsókn þar sem leitað verður að þungmálmum í hári barna. Rannsóknin yrði sjálfstætt framhald af heilsufarsrannsókn á mengun frá sorpbrennslum.**

**UMHVERFISMÁL** Verið er að leggja drög að rannsókn þar sem leitað verður að þungmálmum í hári barna á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri. Hugmyndin að rannsókninni er tilkomin vegna mengunar frá sorpbrennslum í sveitarfélögunum þremur.

Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við heilbrigðisvísindasvið HÍ, segir hugmyndina vera að grennslast fyrir um hvað hafi hugsanlega gerst hjá þeim sem búa næst sorpbrennslunum. „Óháð því hvað kemur út úr rannsókn sóttvarnalæknis, sem gengur út á að mæla fullorðna einstaklinga sem mestar líkur eru á að hafi orðið fyrir útseytingu, þá viljum við skoða skólabörn á aldrinum fimm til tíu ára. Þá myndum við bæði mæla blý og díoxín. Hugmyndin gengur út á að allt að þrjátíu börn yrðu skoðuð á hverjum stað auk viðmiðunarhóps."

Þórhallur, sem undirbýr verkefnið ásamt Hrönn Jörundsdóttur, verkefnastjóra hjá Matís, segir verkefnið standa og falla með því hvort tekst að afla styrkja. Hann leggur áherslu á að verkefnið snúist ekki um að meta heilsufarslega vá heldur er verið að afla frekari vitneskju um það hvort mengun, sem sannanlega er til staðar frá sorpbrennslunum, hafi borist í íbúa á svæðinu. Slík athugun þurfi að fara fram áður en hægt sé að fara að velta fyrir sér heilsufari, sem væri svo næsta skref ef niðurstöður gæfu tilefni til þess.

„Okkur langar til að skoða hvort greina megi hækkuð gildi í börnum sem búa á þessum stöðum. Til að átta sig á umfangi málsins þarf mælingar á tiltölulega mörgum einstaklingum. Við vitum að útseyting fyrir þessum efnum er frekar lág hér á landi og því er mikilvægt að skoða hvort næruppspretta eins og sorpbrennsla leiði til hækkaðra gilda í íbúum þessara staða," segir Þórhallur. „Slíkar rannsóknir eru yfirleitt settar af stað þegar áþekk mál koma upp erlendis til geta metið hvort reglur um viðmiðunarmörk séu raunhæfar, með tilliti til almannahagsmuna."

En af hverju börn á þessum aldri? „Börn eru mun viðkvæmari en fullorðnir fyrir þessum efnum og þau eru meira í snertingu við ryk og jarðveg utandyra en fullorðnir," segir Þórhallur. „Upptaka þessara efna er því oft hlutfallslega meiri hjá börnum en fullorðnum."

Á svæðum þar sem jarðvegur er mengaður hafa oft mælst hækkuð gildi hjá börnum sem rekja má til mengaðs ryks, þó svo að matvæli séu ekki menguð. Slík hækkun er oft afleiðing af upptöku efnanna yfir mörg ár sökum þess hversu þrávirk þau eru. „Það er alls óvíst að slíkt hafi gerst hér en forsendur eru til staðar og því mikilvægt að fá úr því skorið," segir Þórhallur.

svavar@frettabladid.is



**HÁRSÝNI** Lítill hárlokkur getur geymt miklar upplýsingar um hvort einstaklingur hafi orðið fyrir mengun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Rannsóknir vegna mengandi starfsemi

- Fyrsta hluta heilsufarsrannsóknar sóttvarnalæknis vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum á Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum lauk fyrir stuttu. Tekin voru blóð- og hársýni auk sýnis af brjóstamjólk.
- Ákveðið var að taka sýni úr íbúum til að ganga úr skugga um hvort díoxín, sem greinst hefur í skepnum, afurðum og fóðri í nálægð við sorpbrennsluna Funa á Ísafirði, hefði náð til íbúa.
- Næsta skref er að koma sýnum á rannsóknastofu erlendis til greiningar. Niðurstaðna er að vænta eftir fimm til sex vikur.
- Mælingar í útblæstri frá sorpbrennslunum hafa sýnt að þungmálmar eins og blý hafa verið yfir mörkum eins og díoxín.
- Það er hagkvæmt og skilvirkt að mæla blý í hári þar sem það er margfalt ódýrara en díoxínmælingar. Finnist blý gefur það vísbendingar um að díoxín sé þar einnig að finna.
- Umhverfisstofnun mun gera sérstaka rannsókn á jarðvegi í nágrenni við sorpbrennslurnar, auk annarra svæða þar sem er mengandi starfsemi. Sýnatakan er áformuð í maí næstkomandi.

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BEST NA-LANDS**
Það lítur út fyrir veðurblíðu norðan- og austanlands í dag og hitinn ætti að ná 14-16 stigum nokkuð víða. Í öðrum landshlutum verður veður heldur síðra með strekkingsvindi og vætu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 18° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 15° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 12° |
| París | 21° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art 2b
Opið Alla daga frá 12:00 til 18:00
Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Blómvendir á betra verði!
Aðeins
1190kr
túlipanar og blandaðir vendir
tilboð
páskaliljur í potti
tet a tet
199kr
Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga
PÁSKARNIR KOMA
með Blómavali
Liljur
990
Laukblóm í pottum
Hægt að planta út í garð seinna í vor!
Koma upp og gleðja okkur árum saman!
699kr
399kr
Perlulilja í potti (Muscari)
Bridal Crown í potti
Kryddplöntur
Mikið úrval stórar og flottar plöntur
Útsæði
5 kg
890kr
Jarðaberjaplöntur
Roman og Sengan Sengana
Kryddplöntur:
Thymian, Oregano, Melissa, Lavender og Rósmarín
Útsæðiskartöflur
Gullauga, Helga, Premier og rauðar
KYNNING
Laugardag og sunnudag
Ræktun og klipping á ávaxtatrjám og berjarunnum
SKÚTUVOGI
KL. 14:00-16:00
Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufræðingur
Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufræðingur ráðleggur um ræktun og klippingu á berjarunnum og ávaxtatrjám í Blómavali Skútuvogi frá kl. 14:00-16:00, laugardag og sunnudag.
Berjarunnar og ávaxtatré
Margar tegundir
Rifsber
Epli
KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 10:00-17:00
Gulrótakaka og kaffi
290kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Hafa skoðanakannanir áhrif á skoðun þína í Icesave-málinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 5,7% |
| Nei | 94,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fannst þér dómurinn yfir Baldri Guðlaugssyni of þungur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Utanríkismálanefnd vill að rannsóknarnefnd fari yfir skjöl sem leynd hvílir yfir:

# Íraksrannsókn ljúki fyrir 1. desember

**ALÞINGI** Utanríkismálanefnd telur nauðsynlegt að rannsóknarnefnd um stuðning íslenskra stjórnvalda við Íraksstríðið fari yfir 25 skjöl í utanríkisráðuneytinu sem varða málið og leynd hvílir yfir. 67 af 92 skjölum ráðuneytisins um Íraksmálið voru birt opinberlega í nóvember.

Leyndin á skjölunum 25 er til komin þar sem þau varða samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir eða eru vinnuskjöl.

Telur utanríkismálanefnd að skjölin geti gefið skýra heildarmynd af aðdraganda „hinnar afdrifaríku ákvörðunar um stuðning við Íraksstríðið“. Vill hún jafnframt að skjölin verði gerð opinber í framhaldinu.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Nefndin lauk nýverið umfjöllun um þingsályktunartillögu um kosningu rannsóknarnefndar um aðdraganda ákvörðunar um stuðninginn við innrásina í Írak 2003.

Segir í áliti hennar að hún taki undir mikilvægi þess að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að málinu.

Nefndin leggur til nokkrar tæknilegar breytingar á tillögunni, meðal annars þá að rannsókninni ljúki fyrir 1. desember í stað 1. júní.

Formaður utanríkismálanefndar, Árni Þór Sigurðsson, er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar.

Við afgreiðslu nefndarinnar voru fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins fjarverandi.

- bþs

Nýyrði í ensku orðabókinni:

# LOL komið í Oxford English

**BRETLAND Skammstöfunin LOL, sem þýðir á ensku „laughing out loud“, eða „að hlæja upphátt,“ er nýjasta viðbótin í ensku orðabók Oxford háskólans.**

**Orðabókin skilgreinir LOL sem eins konar upphrópun, notuð til þess að draga athygli að brandara eða gamansömu atriði í rafrænum samskiptum, en einnig til að tjá gleði eða skemmtun. LOL, sem er mest notað í samskiptum manna á netinu, virkar bæði sem heildstætt orð og þegar stafirnir eru bornir fram hver og einn. - sv**


**Djúsfasta og hreinsun í Kríunesi um páskanna, 20 - 25 apríl 2011**



Gisting - Heilsudjúsar - Fræðsla - Hreyfing - Slökun,

General-prufa 50 % afsláttur

**Frekari upplýsingar**

kriunes@kriunes.is • 897 0749 og 898 7522


# Kannanir benda til afar góðrar þátttöku

**Rúmlega 230 þúsund eru á kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin. Kjörstaðir í fjölmennum sveitarfélögum eru opnir frá níu til 22. Atkvæðagreiðslan í dag er sú áttunda í röð þjóðaratkvæðagreiðslna á Íslandi.**

**KOSNINGAR** Búast má við mjög góðri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni um gildi Icesave-laganna sem fram fer í dag. Góð svörun hefur verið í þeim skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið síðustu daga og í könnun Fréttablaðsins, þar sem spurt var sérstaklega hvort fólk ætlaði á kjörstað, kom fram að um 90 prósent hygðust taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

232.539 þúsund eru á kjörskrá, 116.656 konur og 115.883 karlar. Af einstökum kjördæmum eru flestir á kjörskrá í Suðvesturkjördæmi, um 60 þúsund, og rúmlega 44 þúsund í hvoru Reykjavíkurkjördæmanna um sig.

Í tíu sveitarfélögum eru kjósendur á kjörskrá innan við eitt hundrað.

Fjölgað hefur á kjörskrá um 2.600 frá Icesave-atkvæðagreiðslunni á síðasta ári. Á tólfta þúsund kjósenda er með lögheimili erlendis.

Kjörstaðir opna víðast hvar klukkan níu eða tíu. Í fjölmennustu sveitarfélögunum stendur kjörfundur til tíu í kvöld en skemur þar sem færri eru á kjörskrá.

Von er á fyrstu tölum fyrir klukkan ellefu í kvöld. Þær munu líkast til koma úr Norðausturkjördæmi en í Reykjavík er stefnt að því að fyrstu tölur verði opinberaðar á tólfta tímanum. Óvíst er hvenær endanlegar tölur liggja fyrir. Þar ráða veður og færð ekki minnstu því talið er á einum stað í hverju kjördæmi fyrir sig. Gangi allt að óskum má búast við að endanleg niðurstaða liggi fyrir í síðasta lagi á fimmta tímanum.

Atkvæðagreiðslan í dag er sú áttunda í röð þjóðaratkvæðagreiðslna. Sú fyrsta var 1908 og snerist um setningu laga um innflutningsbann á áfengi. Greidd voru atkvæði um þegnskylduvinnu 1916, um dans-íslensk sambandslög 1918, afnám innflutningsbanns á áfengi 1933, niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins og um stjórnarskrá lýðveldisins 1944 og Icesave-lög 2010.

Fjölmargir hafa greitt atkvæði utan kjörfundar, fleiri heldur en fyrir ári. Fólki sem það hefur gert er heimilt að greiða atkvæði í dag. Utankjörfundaratkvæðaseðill þess kemur þá einfaldlega ekki til greina.

bjorn@frettabladid.is




**ICESAVE 2010** 63 prósent tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni í fyrra. Flest bendir til talsvert meiri þátttöku nú. 98,4 prósent þátttaka var í atkvæðagreiðslunum 1944 og tæplega 44 prósent tóku þátt 1918. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Svona er spurt á atkvæðaseðlinum

Lög nr. 13/2011 kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Lögin voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar.

Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?

**Svarkostirnir eru:**

☐ *Já, þau eiga að halda gildi.*

☐ *Nei, þau eiga að falla úr gildi.*


**Ert þú með framúrstefnuhugmynd til að efla íslenskan sjávarútveg og tengdar atvinnugreinar?**

**Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011**

Sjávarútvegsráðstefnan kallar eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum, sem veita á viðurkenningu fyrir á næstu ráðstefnu vettvangsins. Markmiðið er að hugmyndirnar séu framsæknar og frumlegar og skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:

**Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar landsins eða greinarinnar út á við**

Veitt verður verðlaunafé að upphæð kr. 400 þús., en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 13.-14. október, 2011.

Framúrstefnuhugmynd skal setja fram á hnitmiðaðan hátt þar sem fram kemur lýsing á hugmynd, tillaga að framkvæmd, væntanlegur afrakstur og áhrif til góðs fyrir ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls). Einstaklingar geta sent inn eigin hugmyndir og /eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- **Hugmyndin er framúrstefnuleg**
- **Hugmyndin er raunhæf**

Frestur til að skila inn umsóknum er 16. maí 2011.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

Sjávarútvegsráðstefnan er samskiptavettvangur allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

Íslandsbanki BRIM SEAFOOD TM


Lögregla telur að vélhjólagengi ætli að láta greipar sópa í skotvopnaverslun:

# Hugðist sitja fyrir byssuþjófum

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla lét verslanir á landinu sem selja skotvopn nýlega vita af því að hún teldi hérlent vélhjólagengi ætla að komast yfir slík vopn með ólöglegum hætti. Voru verslunareigendur hvattir til að huga sérstaklega að öryggismálum sínum vegna þessa.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins áskotnuðust lögreglunni upplýsingar um að annað vélhjólagengjanna sem hér eru starfrækt ætlaði innan skamms að vígbúast með því að láta greipar sópa í skotvopnaverslun að nóttu til.

Með þessar upplýsingar að vopni ætlaði lögreglan að grípa þjófana glóðvolga við innbrotið og hafði gert ráðstafanir til þess að svo mætti verða, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Meðal annars var setið um verslanirnar.

Morgunblaðið fjallaði um málið á forsíðu sinni í gær. Heimildarmaður Fréttablaðsins sagði að lögregla teldi að fréttin myndi líklega styggja við hópnum svo hann léti ekki verða af verkinu. Það væri í sjálfu sér ekki slæmt ef það leiddi til þess að mennirnir kæmust ekki yfir vopn með þessum hætti, en á hinn bóginn hefði lögregla bundið talsverðar vonir við að standa þá að verki.

- sh



**SKOTVOPN** Gengið er talið hafa ætlað að vopnvæðast með því að brjótast inn í byssubúð. Myndin er úr Sportbúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Dagana 7. - 10. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði og skóm.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. apríl 2011.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Jarðskjálftinn í Japan á fimmtudag olli miklu tjóni í viðbót við fyrri hamfarir:

# Hálf milljón án rafmagns

**JAPAN** Japönsk stjórnvöld fullyrða að ekkert viðbótartjón hafi orðið á kjarnorkuverinu í Fukushima á fimmtudag, þegar nýr skjálfti reið yfir á svipuðum slóðum og sá stóri, sem varð fyrir fjórum vikum og mældist 9 stig.

Rafmagn fór um stund af nokkrum kjarnorkuverum og voru varaaflstöðvar gangsettar þangað til í gærmorgun, þegar rafmagnið komst á að nýju.

Jarðskjálftinn á fimmtudag mældist 7,1 stig og kostaði þrjá menn lífið. Hann olli einnig verulegu tjóni á byggingum og nærri hálf milljón manna var án rafmagns í allan gærdag. Hann var mun stærri en eftirskjálftarnir, sem fylgt hafa þeim stóra, og svo öflugur reyndar að vart er hægt að tala um hann sem eftirskjálfta.



**MUNKUR BIÐUR FYRIR LÁTNUM** Í gær var tala látinna komin upp í 12.787 en að auki er nærri 15 þúsund manns saknað. NORDICPHOTOS/AFP

Samtökin Barnaheill segja hættu á að þúsundir barna verði af menntun í upphafi nýs skólaárs, þar sem skólar og aðrar opinberar byggingar eru notaðar til að hýsa 160 þúsund manns sem eiga hvergi höfði sínu að halla.

Góðar fréttir bárust þó frá helstu bifreiðaframleiðendum Japans, sem eru að hefja framleiðslu á ný eftir miklar tafir í kjölfar stóra skjálftans. - gb

# „Við tökum ekki nei fyrir svar“ – segja SA

**Samtök atvinnulífsins aftaka með öllu að víkja frá kröfu sinni um sátt í sjávarútvegi áður en skrifað verður undir kjarasamninga. Afstaða forsætisráðherra og stóryrði breyta þar engu um, segir framkvæmdastjóri samtakanna.**

**KJARAMÁL** „Jóhanna heldur fast við þessa afstöðu sína en hún má vita að við tökum ekki nei fyrir svar,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um afdráttarlausa yfirlýsingu forsætisráðherra í gær um að sáttatillaga samtakanna í sjávarútvegsmálum væri ekki inni í myndinni.

SA hafa sett það sem skilyrði í yfirstandandi kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði að niðurstaða fáist um fyrirkomulag sjávarútvegsmála til framtíðar. Ótækt er að mati SA að skrifa undir nýja kjarasamninga fyrr en vitað sé í hvaða umhverfi sjávarútvegurinn mun starfa. Í þeim anda var sáttatillaga kynnt sem að mati SA var talin líkleg til árangurs. Jóhanna sagði hins vegar að „himinn og haf“ væri á milli hugmynda atvinnurekenda, og vísaði þar til LÍÚ, og stjórnvalda.

Vilhjálmur vill litlu svara um það hvort afstaða forsætisráðherra hafi sett gerð kjarasamninga í óleysanlegan hnút en spurður um hvort ekki sé mögulegt að setja sjávarútvegsmálin út fyrir sviga er svarið stutt en skýrt: „Nei.“

Aðilar vinnumarkaðarins hittust í gær og héldu áfram að ræða kjarasamningana. Afstaða Jóhönnu kom til tals en viðræðurnar snerust um fjölmörg atriði. „Við ákváðum að leyfa helginni að líða,“ segir Vilhjálmur sem hefur sagt að verði Icesave-samkomulaginu hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslunni í dag verði að endurskoða allar forsendur kjarasamninga upp á nýtt, óháð sjávarútvegsmálunum.



**UNDIRRITUN STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLA** Vilhjálmur gagnrýnir Jóhönnu hart, en hún segir kröfur SA óbilgjarnar. Gylfi gagnrýnir stjórnvöld fyrir að hafa ekki samráð við vinnandi fólk og efast um sáttaleið SA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir það liggja fyrir að sjávarútvegsmálið hafi vegið þungt í yfirstandandi viðræðum. „Við hefðum kosið að þetta væri ekki til að flækja málið. Á sama tíma vilja Samtök atvinnulífsins ekki gera kjarasamning til þriggja ára nema sátt sé í sjávarútvegsmálum. Ríkisstjórnin er staðráðin í að breyta sjávarútvegsmálum án samráðs við nokkurn mann. Þetta er ekki gæfulegt,“ segir Gylfi.

Gylfi segir að innan ASÍ sé skýr vilji um það að sjávarútvegsmálin verði þróuð áfram í samstarfi og sátt við starfsmenn í greininni. „Við teljum að ríkisstjórnin eigi að hafa slíkt samstarf og samráð við fólkið sem byggir sína lífsafkomu á sjávarútvegi. Það hefur ekki verið gert. Við munum krefjast þess áfram og því verður komið rétta boðleið,“ segir Gylfi.

svavar@frettabladid.is

Mikilvægt er að þekkja annmarka og styrk yngstu barna í skýrslutökum:

# Of langur tími líður að skýrslutöku

**SAMFÉLAGSMÁL** Oft líða þrjár til fjórar vikur frá því að börn greina frá kynferðislegu ofbeldi þangað til skýrslutökur hefjast. Slíkt er of langur tími fyrir lítil börn sem eiga erfitt með að greina rétt frá atvikum eftir slíkan tíma. Mjög mikilvægt er að hraða skýrslutökum hjá þeim hópi og að fagaðili tali við þau eins fljótt og auðið er.

Er þetta mat Þorbjargar Sveinsdóttur, sem hefur nýlokið umfangsmikilli rannsókn á tengslum dóma í kynferðisbrotamálum gegn börnum og framburði þolenda. Einungis var dæmt í 16 prósentum mála sem vörðuðu yngsta aldurshópinn, þriggja og hálfs árs til fimm ára, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni. Þorbjörg skoðaði framburði 285 barna upp í átján ára aldur, yfir fimm ára tímabil.

„Það er mjög mikilvægt að þekkja annmarka og styrkleika þessara litlu barna og að taka fullt tillit til þeirra getu,“ segir Þorbjörg. „Áföll geta haft hamlandi áhrif á minnisgetu sem gerir það að verkum að þau eru stundum ekki hæf til þess að segja skýrt og rétt frá því sem henti þau.“

Þorbjörg segir að mikilvægt sé að gæta þess að utanaðkomandi tali ekki mikið við börnin um atvikin áður en skýrslutaka fari fram. Þau geti þannig upplifað sem þau séu alfarið búin að greina frá málinu og loki þar með á það. - sv


Of miklar kröfur gerðar til ungra barna í skýrslutökum

**GREIN FRÉTTABLAÐSINS Á FIMMTUDAG** Rannsókn Þorbjargar leiddi í ljós að einungis var ákært í 16 prósentum mála þar sem yngstu börnin áttu í hlut.


INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Innanríkisráðuneytið flutt í Sölvhólsgötu**

Afgreiðsla innanríkisráðuneytisins flyst næstkomandi mánudag, 11. apríl, að Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík. Gengið er inn frá Ingólfsstræti. Afgreiðslutími er sem fyrr 8.30 til 16.

Sími 545 9000
Bréfasími 552 7340
www.innanrikisraduneyti.is

**AÐALFUNDARBOÐ**

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2011 verður haldinn í sal RSÍ að Stórhöfða 31 1.hæð (gengið inn að neðanverðu) miðvikudaginn 13.apríl kl. 18.10

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning fulltrúa á RSÍ þing
3. Lagabreyting um stofnun ungliðahreyfingar RSÍ/ASÍ (Áhugasamir geta kynnt sér tillögu þessa á skrifstofu RSÍ)
4. Önnur mál

*Stjórn Félags ísl. símamanna*

www.simamenn.is




# Stundum þarf að segja NEI

## Í dag segjum við

**Nei** - við löglausum kröfum

**Nei** - við ósanngjörnum kröfum

**Nei** - við hótunum

**Nei** - við vondum samningum

Vantar þig aðstoð við að komast
á kjörstað eða viltu aðstoða aðra?

*Hringdu í síma 897 8700.*

ADVICE og Kjósum bjóða
í kosningakaffi milli kl. 10 og 18
á Amokka í Borgartúni 21a.

*Allir velkomnir.*

**Taktu upplýsta ákvörðun.**
**Fellum Icesave í dag!**

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl.
Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir safnstjóri Hins íslenzka reðasafns?*

**2** *Hvað fær Hreyfingin marga þingmenn samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Fréttablaðsins?*

**3** *Hvaða ár var íþróttahúsið við Strandgötu í Hafnarfirði reist?*

**SVÖR**

**1.** *Sigurður Hjartarson.* **2.** *Engan.* **3.** *1970.*

Mikill munur er á grunnlaunum og heildarlaunum starfsmanna Stjórnarráðsins:

# Vel smurt ofan á grunnlaunin

**ALÞINGI** Næstum 500 þúsund króna munur er á lægstu grunnlaunum sérfræðinga í Stjórnarráðinu og hæstu heildarlaunum sérfræðinga. Almennt er mikill munur á grunnlaunum og heildarlaunum starfsmanna Stjórnarráðsins.

Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki spurðist nýverið fyrir um launamálin. Í svari fjármálaráðherra eru laun fjögurra flokka starfsmanna tilgreind; skrifstofustjóra, deildarstjóra, sérfræðinga og stjórnarráðsfulltrúa.

Fulltrúarnir hafa lægstu grunnlaunin, tæplega 245 þúsund krónur en hæstu heildarlaun stjórnarráðsfulltrúa eru rúmlega 585 þúsund.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Töluverður munur er á lægstu grunnlaunum sérfræðinga og hæstu heildarlaunum þeirra.

Lægstu grunnlaun sérfræðinga eru tæplega 280 þúsund krónur en hæstu heildarlaun 770 þúsund. Deildarstjórar hafa lægst 295 þúsund í grunnlaun en hæst verða heildarlaun þeirra 635 þúsund. Lægstu grunnlaun skrifstofustjóra eru 535 þúsund en hæstu heildarlaun þeirra 715 þúsund.

Nokkur munur er á hæstu og lægstu grunnlaunum hvers starfsmannaflokks fyrir sig. Minnstur hjá stjórnarráðsfulltrúum; 100 þúsund krónur en mestur hjá sérfræðingum; 350 þúsund krónur. Flestir starfsmenn Stjórnarráðsins falla í flokkinn sérfræðingar samkvæmt svarinu; alls 228. **- bþs**

200 milljóna verk í útboð:

# Bæta skólalóðir og gönguleiðir

**REYKJAVÍK Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að bjóða út verk fyrir yfir 200 milljónir króna á næstunni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar skapi tímabundin störf sem jafngilda fimmtán ársverkum.**

**Um er að ræða framkvæmdir við lóðir grunnskóla sem áætlað er að kosti um 100 milljónir króna og lóðir leikskóla sem kosta munu um 35 milljónir króna. Þá verður 70 milljónum króna varið til framkvæmda sem bæta eiga umferðaröryggi. - bj**


Landsvirkjun

ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2011
15. apríl 2011
kl. 14–16 á Grand Hótel Reykjavík

Arður í orku framtíðar

Eftirspurn eftir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum hefur aukist verulega. Landsvirkjun hefur staðið fyrir umfangsmikilli greiningarvinnu á þýðingu þessara breytinga fyrir fyrirtækið og eigendur þess.

Niðurstöðurnar sýna áhugaverð tækifæri sem meðal annars fela í sér uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar, sölu á grænum þætti raforkunnar og tengsl við nýja markaði. Ef rétt er unnið úr tækifærunum getur orkugeirinn á Íslandi haft sambærilega þýðingu og olíuiðnaðurinn í Noregi.

Landsvirkjun býður til kynningar og opinnar umræðu um þau tækifæri sem fyrirtækið stendur frammi fyrir, auk kynningar á árangri ársins 2010.

DAGSKRÁ

- **Steingrímur J. Sigfússon,** *fjármálaráðherra*
  Opnunarávarp
- **Stjórnarformaður** Landsvirkjunar
  Ávarp
- **Hörður Arnarson,** *forstjóri*
  Ísland árið 2025: Fjölbreyttur iðnaður, sæstrengur og grænar tekjur
- **Rafnar Lárusson,** *framkvæmdastjóri fjármálasviðs*
  Ársreikningur og lykiltölur úr rekstri Landsvirkjunar 2010

Fundarstjóri
- **Ragna Árnadóttir,** *skrifstofustjóri*

Allir velkomnir.
Skráning á: **landsvirkjun.is/skraning**

**Landsvirkjun er í eigu þjóðarinnar.**

Háaleitisbraut 68 – 103 Reykjavík – Sími: 515 90 00 – landsvirkjun@lv.is




**NAFNARNIR JEAN-CLAUDE JUNCKER OG JEAN-CLAUDE TRICHET** Fjármálaráðherra Lúxemborgar og bankastjóri Seðlabanka Evrópu á fundinum í Ungverjalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Portúgal þarf 80 milljarða

**Portúgölum verða sett skilyrði um strangar aðhaldsaðgerðir. Grikkir fengu áminningu frá Evrópusambandinu um að standa við þau skilyrði sem þeim voru sett um aðhald í ríkisfjármálum.**

**PORTÚGAL, AP** Fjármálafróðir embættismenn Evrópusambandsins munu sitja næstu vikurnar við að reikna út hve mikið fé portúgalska ríkið þarf í aðstoð frá ESB til að geta staðið við skuldbindingar sínar næstu mánuði og misseri.

Olli Rehn, peningamálastjóri framkvæmdastjórnar ESB, sagðist í gær telja að Portúgalar muni þurfa 80 milljarða evra, eða rétt rúmlega 13.000 milljarða króna, en tók fram að þetta væri algjört bráðabirgðamat. Endanleg upphæð verði ekki ljós fyrr en að loknum nokkurra vikna rannsóknum.

Samningur ætti þó að verða tilbúinn til undirritunar um miðjan maí, rétt í tæka tíð fyrir gjalddaga stórra lána í júní.

Nú í vikunni fór Portúgal fram á aðstoð frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það kom í hlut Jose Socrates, sem gegnir embætti forsætisráðherra landsins þangað til nýtt þing hefur verið kosið, að biðja um aðstoðina, en hann sagði af sér í síðasta mánuði eftir að þjóðþing landsins hafnaði áformum hans um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum.

Portúgal er þriðja evruríkið sem fer þessa leið, en áður hafa bæði Grikkland og Írland neyðst til að leita á náðir Evrópusambandsins til að bjarga sér út úr óviðráðanlegri kreppu.

Fjármálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna, sem hittust í Ungverjalandi í gær, segja að jafnframt aðstoðinni verði Portúgölum sett ströng skilyrði um aðhald í ríkisfjármálum, sem eiga að tryggja að landið geti greitt af lánum sínum næstu þrjú árin. Þau skilyrði verða enn strangari en þær aðhaldsaðgerðir, sem portúgalska þingið hafnaði, þannig að nú bíða evrópskra og portúgalskra ráðamanna erfiðar samningaviðræður.

Ekki er þó víst að stjórnvöldum Grikklands, Írlands og nú Portúgals takist að standa við þau ströngu skilyrði, sem þeim hafa verið sett. Mikil reiði hefur verið meðal almennings, sem hefur átt erfitt með að sætta sig við að aðhaldsaðgerðirnar bitni á þeim sem síst skyldi.

Þannig fengu Grikkir í gær áminningu frá Seðlabanka Evrópu um að standa við tímaáætlun um þær aðgerðir, sem þeir hafa skuldbundið sig til að hrinda í framkvæmd.

„Við minntum grísk stjórnvöld á það að mikilvægt sé að halda sig við markmið um fjárlagahalla næstu árin,“ sagði Jean Claude Juncker, fjármálaráðherra Lúxemborgar, sem jafnframt er aðaltalsmaður evruríkjanna.

**gudsteinn@frettabladid.is**





BÓKARI

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vönum bókara í hálfsdags vinnu sem fyrst. Þarf að vera vanur/vön DK bókhaldskerfi í rekstrar- og verkbókhaldi.

Umsóknir sendist á netfangið tsh@centrum.is fyrir 15. apríl nk.

Myndavélar í fangaklefum:

# Amast ekki við eftirliti í klefum

**PERSÓNUVERND Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við notkun eftirlitsmyndavéla í fangaklefum sem nýttir eru til að vista handtekna menn í stuttan tíma að mati Persónuverndar.**

**Fram kemur í áliti stofnunarinnar að tilgangurinn með vöktun klefanna sé að koma í veg fyrir að fólk vinni sjálfu sér mein sökum ölvunar eða vímuefnaneyslu. Klefarnir séu aðeins ætlaðir til vistunar í minna en sólarhring, og því sé ekki ástæða til að amast við vöktuninni.** - bj

Menntamálaráðuneyti og menntamálanefnd segja misskilnings gæta hjá 365:

# ESA vísaði til sérlaga um Ríkisútvarpið

**FJÖLMIÐLAR** Í minnisblaði menntamálaráðuneytisins til menntamálanefndar Alþingis kemur fram að eftirlitsstofnun EFTA, ESA, vísi til sérlaga um Ríkisútvarpið ohf. í ákvörðun sinni um stöðu Ríkisútvarpsins (RÚV). Ákvörðun ESA varðar umbætur sem íslenska ríkið á að gera til að skilja á milli samkeppnisreksturs og almannaþjónustu í rekstri RÚV.

Í bréfi 365 miðla til menntamálanefndar um mánaðamótin, sem greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni, er átalinn seinagangur í umbótum á lagaumhverfi fjölmiðla og talið að ESA vísi til þess að taka eigi á samkeppnisumhverfi í nýjum heildarlögum um fjölmiðla sem í vikunni voru tekin til annarrar umræðu á Alþingi. Skúli Helgason, formaður menntamálanefndar, segir hins vegar ekki óeðlilegt að 365 miðlar hafi misskilið efni ákvörðunar ESA. „Enda hefur félagið ekki í höndum þau bréf og önnur samskipti á milli ESA og íslenskra stjórnvalda sem liggja til grundvallar ákvörðuninni,“ segir hann.

Í athugasemd sem menntamálaráðuneytið sendi blaðinu vegna málsins er áréttað að tekið sé á samkeppnismálum í frumvarpi til fjölmiðlalaga í kafla um dreifingu hljóð- og myndefnis. Eðlilegt sé hins vegar að sérstakar takmarkanir eða heimildir til handa RÚV séu í sérlögum um það félag. - óká



**ÚTVARPSHÚSIÐ EFSTALEITI** ESA vill umbætur til að skilja á milli samkeppnisreksturs og almannaþjónustu í rekstri RÚV.




**ÁKAFUR STUÐNINGSMAÐUR** Með kosningaspjald á fjölmennum fundi.
NORDICPHOTOS/AFP

Dóttir umdeilds forseta:

# Keikó vill verða forseti í Perú

**PERÚ, AP** Keiko Fujimori, dóttir umdeilds fyrrverandi forseta í Perú, á samkvæmt skoðanakönnunum raunhæfa möguleika á öðru sætinu í forsetakosningum í Perú, sem haldnar verða á morgun.

Reiknað er með að kosið verði milli tveggja efstu í seinni umferð kosninganna, sem haldnar yrðu í júní.

Faðir hennar er Alberto Fujimori, sem var sakaður um spillingu árið 2000 og flúði þá til Japans, en þaðan voru foreldrar hans. Hann var svo handtekinn í Síle árið 2005 og afplánar nú 25 ára fangelsisdóm fyrir mannréttindabrot.

Keiko tók í reynd við stöðu forsetafrúar um skeið eftir að faðir hennar, þá forseti, skildi við móður hennar. - gb

**ALÞINGI**

**Guðfríður Lilja á þing á ný**

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður VG, er snúin til baka úr árs fæðingarorlofi. Ólafur Þór Gunnarsson gegndi störfum í fjarveru hennar.


Fyrirlestrar
Christopher Vasey

## Að deyja er að fæðast fyrir handan

14. apríl 2011 kl. 20:00
Radisson Blu Saga Hotel
v/Hagatorg, 107 Reykjavík

## Þess vegna lifum við eftir andlátið

15. apríl 2011 kl. 20:00
Radisson Blu Saga Hotel
v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Erindin verða flutt á ensku.
Aðgangseyrir 500 kr.
Skipuleggjandi:
Christof.Leuze@leuze.de



# Hvaða sparnaður hentar best á ólíkum æviskeiðum?

**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld** hjá Landsbankanum og nú eru í gangi námskeið sem fjalla um sparnað á ólíkum tímum á lífsleiðinni. Námskeið verður haldið 14. apríl kl. 20 í Landsbankanum Grafarholti, Vínlandsleið.

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans.

**Aðgengileg umfjöllun um sparnað**

Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans, ræðir hvernig best er að haga sparnaði um ævina. Kristinn Tómasson, forstöðumaður fjármálaráðgjafar, ræðir um almennan lífeyrissparnað og Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar, spyr hvort hagfræðin skipti máli í daglegu lífi.

24. mars » Útibúið í Austurstræti 11
31. mars » Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1
7. apríl » Útibúið á Akureyri, Strandgötu 1
14. apríl » Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

**Námskeiðin hefjast kl. 20. Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Við hlökkum til að sjá þig.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Verðbólguvæntingar aukast vegna Icesave

**Ávöxtunarkrafa á óverðtryggð skuldabréf ríkisins hefur hækkað síðustu daga. Hækkunin er meðal annars rakin til væntinga um „nei“ við Icesave-samningnum. Gengisveiking vegna gjaldeyriskaupa Seðlabankans þrýsti á verðhækkanir.**

**EFNAHAGSMÁL** Hækkandi ávöxtunarkrafa á óverðtryggð skuldabréf ríkisins er meðal annars talin endurspegla væntingar um aukna verðbólgu ef Icesave-samningarnir verða felldir í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ef svarið á laugardag verður „nei“ eins og síðustu kannanir benda til þá þarf Seðlabankinn að fara að safna forða fyrir eyðimerkurgönguna sem fram undan verður og kaupa gjaldeyri í mun meiri mæli. Það þýðir lægra gengi og meiri verðbólgu,“ segir Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Þegar Seðlabanki Íslands kynnti ákvörðun um stýrivexti í síðasta mánuði sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri það mat bankans að hafnaði þjóðin nýjum Icesave-samningi tefði það fyrir og torveldaði endurkomu ríkissjóðs á erlenda fjármálamarkaði. „Og þar með mun það hafa þau áhrif að áform um afnám gjaldeyrishafta munu ganga hægar fram heldur en ella,“ sagði hann. Seðlabankinn kynni þá að þurfa að grípa til gjaldeyrisforðans til að greiða niður erlend lán ríkisins sem væru á gjalddaga í lok þessa árs og byrjun þess næsta. „Og þá munum við væntanlega þurfa að auka eitthvað gjaldeyriskaupin, sem þýðir eitthvað lægra gengi og aðeins meiri verðbólgu og aðeins minni kaupmátt,“ sagði hann þá.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir þess vissulega merki að væntinga um afdrif Icesave gæti á skuldabréfamarkaði. Hún áréttar hins vegar að fleiri hlutir en Icesave-kosningin ein ýti undir væntingar um verðbólgu, svo sem hækkandi olíuverð og aukin umsvif á fasteignamarkaði. Þá segir hún einnig gæta áhrifa vegna væntinga markaðsaðila um hvaða áhrif aukið innstreymi aflandskróna, vegna fyrsta skrefs í afnámi gjaldeyrishafta, muni hafa á eignaverð í landinu og þar með verðbólgu.

Friðrik Már bendir hins vegar á að þótt mikilvægir áhrifaþættir kunni að auka væntingar um verðbólgu þá hafi hækkun á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfanna orðið síðustu tvo til þrjá daga, en þá tóku kannanir að sýna meirihluta fyrir „nei-i“ í kosningunni um Icesave. „Olíuverðið, fasteignamarkaðurinn og afnám hafta eru allt hlutir sem hafa legið fyrir í lengri eða skemmri tíma og áhrifin hefðu átt að vera komin fram áður,“ segir hann.

olikr@frettabladid. is

## Ríkisskuldabréf




**Útgefandinn** Viðskipti með ríkisskuldabréf síðustu daga þykja endurspegla væntingar fjárfesta vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave.

## Óvissa hefur áhrif

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka um skuldabréfamarkaðinn í gær segir að töluverðar sviptingar hafi verið síðustu daga, einkanlega í lengri flokkum óverðtryggðra ríkisbréfa. Velta með bréfin hafi verið óvenjumikil og söluþrýstingur ráðandi. Þannig hafi ávöxtunarkrafa skuldabréfa með gjalddaga á árunum 2016 til 2031 í fyrradag hækkað um 0,06 til 0,23 prósentustig. Ástæðan er talin aukin óvissa meðal fjárfesta um þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave.

Taíland
Verð frá 199.000 kr[1]




18. maí – 1. júní
Pattaya
Verð frá 199.000 kr[2]

11. – 27. júlí
Koh Samui
Verð frá 275.000 kr[2]

11. – 23. október
Hua Hin
Verð frá 239.000 kr[2]

30. október – 20. nóvember
Phuket
Verð frá 287.500 kr[2]

12. – 25. nóvember
Krabi
Verð frá 267.000 kr[2]

Jólaferð 17. desember – 2. janúar
Hua Hin
Verð frá 388.000 kr[2]




Balí og Java




Verð frá 368.000 kr[2]





14. september - 6. október
Fjölbreytt ferð um Jakarta á Jövu og Seminyak og Ubud á Balí. Fjöldi skoðunarferða innifaldar. Íslensk fararstjórn.





Bútan
ALLT INNIFALIÐ
Verð frá 687.000 kr[2]
11. – 23. október
Örfá sæti fáanleg.

Hjólað um Laos
ÍSLENSK FARARSTJÓRN
Verð frá 377.000 kr[2]
12. – 25. nóvember
Mögnuð ævintýrareisa.

Óriental
5 ÁRA 2006-2011
Ferðaskrifstofan Óriental ehf.
www.oriental.is
oriental@oriental.is
Sími 514 14 99

[1] Verð per mann í tvíbýli í ferð til Pattaya 18. maí – 1. júní.
[2] Verð miðað við einstakling í tvíbýli.
Með fyrirvara um prentvillur. Nánari upplýsingar á www.oriental.is



Laugardagur til *lista*

Í dag milli kl. 13.30 – 14.30 munu þeir Pétur Ármannsson og Ólafur Gíslason fjalla um *Hörð Ágústsson, listmálara og fræðimann* í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Jafnframt verða verk Harðar úr einkaeign til sýnis.

Sýningin verður opin alla virka daga kl. 11.00 – 15.30 og á laugardögum kl. 12.00 – 17.00 í apríl.

Verið *velkomin.*

Arion banki

# Viltu veðja?



## Nei við Icesave er óábyrgt veðmál um framtíð okkar allra.

Nei kostar okkur að lágmarki 135 milljarða
– ef við vinnum bæði dómsmálin –
en 456 milljarða ef þau tapast.

Ár deilna og dómsmála verða ár samdráttar
og erfiðleika sem munu bitna á okkur öllum.

## Við borgum líklega ekkert ef við kjósum já.

*Samkvæmt frétt Financial Times í fyrradag*
*munu eignir þrotabúsins greiða allan samninginn*
*– ef við samþykkjum hann.*

Í dag höfum við tækifæri til að ljúka málinu með sátt
**– það tækifæri kemur ekki aftur.**

Veljum það sem er best fyrir Ísland.

*Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

***Viljir þú leggja fjárhagslegt lið: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.***

*Já er leiðin áfram!*

*Facebook | www.afram.is*

## Ráðhúsið

Kjörsvæði
**1**
norður



**1. kjördeild**
Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

**2. kjördeild**
Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhlöðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekkustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur

**3. kjördeild**
Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur

**4. kjördeild**
Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 1-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut, sléttar tölur
Hverfisgata

**5. kjördeild**
Ingólfsstræti
Kárastígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5-100
Leifsgata

**6. kjördeild**
Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

**7. kjördeild**
Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólabrú
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

**8. kjördeild**
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut, sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata
Unnarstígur

**9. kjördeild**
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

**10. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 16.-31. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Laugardalshöll

Kjörsvæði
**2**
norður



**1. kjördeild**
Auðarstræti
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri 2-36

**2. kjördeild**
Álftamýri 37-75
Ármúli
Ásholt
Ásvegur
Barðavogur
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Brekkulækur
Brúnavegur

**3. kjördeild**
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund
Eikjuvogur
Einholt
Engjateigur
Fellsmúli 2-17

**4. kjördeild**
Fellsmúli 18-22
Ferjuvogur
Flókagata
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gullteigur
Gunnarsbraut

**5. kjördeild**
Háaleitisbraut
Háteigsvegur

**6. kjördeild**
Hátún
Hjallavegur
Hjálmholt
Hlunnavogur
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrefnugata

**7. kjördeild**
Hrísateigur
Höfðatún
Jökulgrunn
Kambsvegur
Karfavogur
Karlagata
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kjartansgata
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-54

**8. kjördeild**
Kleppsvegur 56-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppur starfsmannahús
Langahlíð
Langholtsvegur 1-115

**9. kjördeild**
Langholtsvegur 116-208
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi
Laugarnesvegur

**10. kjördeild**
Laugateigur
Laugavegur 103-162
Ljósheimar
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún

**11. kjördeild**
Mjölnisholt
Mörkin
Njálsgata 90-112
Njörvasund
Norðurbrún
Nóatún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur

**12. kjördeild**
Rauðarárstígur
Reykjavegur
Safamýri
Samtún
Selvogsgrunn
Sigluvogur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skaftahlíð 1-28

**13. kjördeild**
Skaftahlíð 29-42
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skeiðarvogur
Skipasund
Skipholt

# Kjörstaðir í Reykjavík

# við þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011

# Hvar kýst þ

## Hagaskóli

Kjörsvæði
**1**
suður



**1. kjördeild**
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

**2. kjördeild**
Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

**3. kjördeild**
Frostaskjól
Gnitanes
Gógugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2-40

**4. kjördeild**
Hagamelur 41-53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49-62
Hringbraut, oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

**5. kjördeild**
Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

**6. kjördeild**
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

**7. kjördeild**
Sörlaskjól
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi

**8. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 1.-15. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Hlíðaskóli

Kjörsvæði
**2**
suður



**1. kjördeild**
Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

**2. kjördeild**
Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

**3. kjördeild**
Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Víðihlíð

## Ölduselsskóli

Kjörsvæði
**4**
suður



**1. kjördeild**
Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkusel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel 1-83

**2. kjördeild**
Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

**3. kjördeild**
Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jörusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

**4. kjördeild**
Kambasel 49-85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

**5. kjördeild**
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

## Breiðagerðisskóli

Kjörsvæði
**3**
suður



**1. kjördeild**
Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland

**2. kjördeild**
Breiðagerði
Brekkugerði
Brúnaland
Búðagerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur

**3. kjördeild**
Furugerði
Garðsendi
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði

**4. kjördeild**
Heiðargerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland
Hvammsgerði
Hvassaleiti 1-37

**5. kjördeild**
Hvassaleiti 38-157
Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland

**6. kjördeild**
Kvistaland
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti

**7. kjördeild**
Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur

**8. kjördeild**
Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland

14. kjördeild
Skúlagata 52-80
Snekkjuvogur
Snorrabraut, oddatölur
Sólheimar
Sóltún
Sporðagrunn
Stakkholt

15. kjördeild
Stangarholt
Starmýri
Stórholt
Stúfholt
Suðurlandsbraut 16-66
Suðurl.br. Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Úthlíð
Vatnsholt
Vesturbrún
Vífilsgata
Þverholt

## Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

**Kjörsvæði 3 norður**



**1. kjördeild**
Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Brekkuhús
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannafold 1-157

**2. kjördeild**
Fannafold 158-251
Frostafold
Funafold
Funahöfði
Garðhús

**3. kjördeild**
Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

**4. kjördeild**
Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

**5. kjördeild**
Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salthamrar
Smiðshöfði
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbr. Keldur

## Borgaskóli

**Kjörsvæði 4 norður**



**1. kjördeild**
Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1-16

**2. kjördeild**
Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi
Fróðengi 1-9

**3. kjördeild**
Fróðengi 10-20
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

**4. kjördeild**
Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

**5. kjördeild**
Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyrengi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi 1-23

**6. kjördeild**
Sóleyjarimi 33-123
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Viðarrimi
Vættaborgir
Æsuborgir

## Ingunnarskóli

**Kjörsvæði 5 norður**



**1. kjördeild**
Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Gerðarbrunnur
Gissurargata
Grænlandsleið
Gvendargeisli, oddatölur
Haukdælabraut
Iðunnarbrunnur
Jónsgeisli
Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

**2. kjördeild**
Kristnibraut, oddatölur
Lambhagavegur
Lofnarbrunnur
Marteinslaug
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lundur
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbraut Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri
Þórðarsveigur

## Klébergsskóli

**Kjörsvæði 6 norður**



**1. kjördeild**
Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrund
Esjugrund
Furugrund
Helgugrund
Hofsbraut
Jörfagrund
Víkurgrund




Þjóðaratkvæðagreiðsla 2011
Kjörstaðir og kjörhverfi

ú?

# Reykjavíkurkjördæmi norður

# Reykjavíkurkjördæmi suður

## Íþróttamiðstöðin Austurbergi

**Kjörsvæði 5 suður**



**1. kjördeild**
Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki

**2. kjördeild**
Brúnastekkur
Depluhólar
Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar
Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

**3. kjördeild**
Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar
Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólastekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Iðufell
Írabakki 2-24

**4. kjördeild**
Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg
Kóngsbakki
Kriuhólar
Krummahólar 1-8

**5. kjördeild**
Krummahólar 9-59
Kötlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstaberg
Norðurfell
Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

**6. kjördeild**
Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar
Súluhólar
Torfufell 1-32

**7. kjördeild**
Torfufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

**8. kjördeild**
Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangbakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

## Ingunnarskóli

**Kjörsvæði 7 suður**



**3. kjördeild**
Gvendargeisli, sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut, sléttar tölur
Laxalón
Maríubaugur

**4. kjördeild**
Ólafsgeisli
Prestastígur
Vesturlbr. Grafarholt
Þorláksgeisli

Hægt er að slá inn kennitölu á **www.kosning.is** og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

## Árbæjarskóli

**Kjörsvæði 6 suður**



**1. kjördeild**
Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Dísarás
Eyktarás

**2. kjördeild**
Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

**3. kjördeild**
Hraunbær 14-110

**4. kjördeild**
Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lyngháls
Lækjarás

**5. kjördeild**
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1-25

**6. kjördeild**
Reykás 26-49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlbr. Árbæjarsafn
Suðurlbr. Bakkakot
Suðurlbr. Elliðavatn
Suðurlbr. Hella
Suðurlbr. Hólmur
Suðurlbr. Litlaland
Suðurlbr. Reykhólar
Suðurlbr. Sólnes
Suðurlbr. Tungufell
Urriðakvísl

**7. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

# Athugaðu þetta:

- **Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 9. apríl kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurkjördæmi suður í síma 411-4925
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í Hagaskóla
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum
- Ekki er kosið á Kjarvalsstöðum að þessu sinni

Skrifstofa borgarstjórnar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Verður niðurstaðan að við höfnum Icesave og sitjum að auki uppi með stjórnina í tvö ár enn?

## Já fyrir atvinnu og uppbyggingu

Hverjir ættu að setja krossinn við já á kjörseðlinum í Icesave-kosningunni í dag?

Það ættu þeir klárlega að gera sem vilja ljúka stjórnmáladeilum og lögfræðiþrefi við nágranna- og vinaríki okkar og tryggja Íslandi þann stuðning og samstarf sem við þurfum á að halda til að vinna okkur út úr efnahagskreppunni.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Þeir ættu sömuleiðis að kjósa já sem vilja ljúka Icesave-málinu með samningi og hafa þar með stjórn á niðurstöðunni og hversu dýr hún verður okkur. Ef höfðað verður dómsmál á hendur Íslandi, sem er nokkurn veginn öruggt kjósi meirihluti nei í dag, getur svo farið að niðurstaðan verði miklu dýrari en Icesave-samningurinn sem nú liggur fyrir. Það er vel skiljanlegt að fólki þyki súrt að þurfa að borga fyrir vondar ákvarðanir útrásarvíkinga og vanhæfra stjórnmála- og embættismanna, en annars vegar erum við nú þegar búin að borga miklu meira en nemur Icesave-samningnum og hins vegar viljum við ekki taka þá áhættu að enda með að borga meira en við þurfum.

Þeir sem vilja snúa vörn í sókn gegn atvinnuleysinu og koma atvinnuuppbyggingu aftur á skrið ættu að segja já. Annars er hætta á að lánshæfiseinkunn Íslands falli og erlendar lántökur ríkissjóðs komist í uppnám. Þá verður áfram erfitt að fá peninga inn í landið, hvort heldur er erlent lánsfé eða beina fjárfestingu. Dragist málið á langinn fjölgar störfum því ekki eins og þarf og ekki verður heldur hægt að tryggja þá kaupmáttaraukningu almennings sem vonir standa til. Þar á ofan yrðu auknar byrðar lagðar á ríkissjóð, sem þýðir að minna yrði afgangs til að standa undir velferðarkerfinu og margvíslegri annarri opinberri þjónustu.

Atkvæðagreiðslan í dag snýst um hvort Ísland hyggist standa skil á innistæðutryggingum Icesave-reikninganna, ekki eitthvað allt annað.

Hún snýst til dæmis ekki um Evrópusambandið. Þeir sem vilja hindra að Ísland gangi í þann félagsskap fá tækifæri til að segja hug sinn í annarri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðslan snýst ekki heldur um ríkisstjórnina. Þeir sem vilja losna við hana eiga alls ekki víst að kross við nei beri þann árangur. Stjórnarandstöðuna skortir afl á þingi til að bera fram vantraust á stjórnina. Hún hefur sjálf alls ekki gefið til kynna að nei í Icesave-kosningunni þýði að hún fari frá, ekki fremur en önnur tilefni sem stjórnin hefur fengið til að pakka saman og boða til kosninga. Þvert á móti er líklegast að stjórnin sitji sem fastast.

Tilhugsunin um tvö ár enn af atvinnustefnu núverandi ríkisstjórnar og afleiðingar af höfnun Icesave-samkomulagsins þar ofan á er raunar lítt bærileg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

PÁSKATILBOÐ



Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður
Mikil orka
16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Mjög sterk viðargrind með hillu að framan og á hliðum
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 150 x 110 x 60 cm
54.900
FULLT VERÐ 79.900
16,5 kw/h
Nr.12224
Opið til kl. 16:00 laugardaga
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Já, já; nei, nei

En þegar þér talið sé já yðar já og nei sé nei.“ Þetta er nýjasta þýðingin á þekktri setningu úr fjallræðunni sem fyrir einhverjar sakir festist með öfugri merkingu við Framsóknarflokkinn á sinni tíð. Boðskapurinn er að tala skýrt og meina það sem sagt er. Í dag er Íslendingum ætlað að hlýða þessu kalli.

Þjóðin tekur sjálf ákvörðun um Icesave-lögin og situr uppi með hana hver sem hún verður, án þess að geta kallað nokkurn til ábyrgðar eins og gerist þegar Alþingi á síðasta orðið um mál.

Ríkisstjórnin fékk mikinn meirihluta Alþingis til að samþykkja Icesave-lögin með stuðningi Sjálfstæðisflokksins. Segi þjóðin nei ætlar ríkisstjórnin eigi að síður að sitja eins og hún hafi sjálf sagt nei. Segi þjóðin já ætlar forsetinn að sitja eins og hann hafi samþykkt lögin.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Fyrir hvorugum málstaðnum er forysta sem ætlar að bera ábyrgð. Þannig gefur ríkisstjórnin til kynna að sigur andstæðinganna hafi ekki meiri efnahagsáhrif en svo að allt verði með felldu þótt þeir hafi betur.

Með nokkrum sanni má segja að markmið þjóðaratkvæðagreiðslunnar sé að gera út um gildi laga en ekki hvort ríkisstjórn eða forseti skuli sitja. En málið er flóknara.

Hvernig eiga kjósendur að vita hvort alvöruþungi býr að baki hjá ríkisstjórninni annars vegar og forsetanum hins vegar? Eina skýra leiðin til þess að kalla það fram er að úrslitin hafi afleiðingar fyrir þá sem tillögurnar gera þannig að já þýði já og nei sé nei. Flóttinn frá ábyrgð skýrir að hluta minnkandi stuðning við lögin í skoðanakönnunum og að margir hyggjast nota tækifærið til að segja ríkisstjórninni til syndanna.

## Þöggun

Forystumenn SA og ASÍ hafa gert þveröfugt við ríkisstjórnina. Þeir hafa í fullri hreinskilni sagt að fall laganna muni hafa áhrif á tilraun þeirra til að semja til þriggja ára. Þessi ábyrga afstaða fór öfugt í formann Framsóknarflokksins og innanríkisráðherrann. Tvo daga í röð fengu þeir forsíðu Morgunblaðsins til að staðhæfa að í þessari afstöðu fælust hótanir er græfu undan lýðræðinu.

Þetta eru staðhæfingar án röksemda. Á það er að líta að fulltrúar launafólks og atvinnufyrirtækja sitja andspænis hvor öðrum við samningaborðið. Geta þeir hótað hvor öðrum þegar þeir eru sammála? Erfitt er að færa rök fyrir því. Þegar kenningin um hótunina er fallin leiðir af sjálfu sér að engin rök eru lengur fyrir ásökunum um andlýðræðislega hegðun.

Raunveruleikinn er sá að formaður Framsóknarflokksins og innanríkisráðherrann eru að ásaka forystumenn SA og ASÍ fyrir að vera samkvæmir sjálfum sér. Bæði samtökin hafa lýst því að samning til þriggja ára sé ekki unnt að gera nema fjárfestingar aukist í atvinnulífinu.

SA og ASÍ hafa fyrir löngu sagt að höfnun Icesave-laganna dragi úr líkum á að sá hagvöxtur verði sem þeir stefna að til að styrkja fyrirtækin og bæta kjörin. Nú geta menn eðilega haft ólíkar skoðanir á slíku mati. En fram til þessa hefur enginn dregið í efa að þeir hefðu rétt til að byggja á því. Þegar þeir leggja skipum sínum saman er verið að gæta almannahagsmuna.

Forystumenn vinnumarkaðarins verða vitaskuld að rökstyðja sitt mál. Það verða hinir einnig að gera sem andmæla þeirra rökum. En það er ekki gild fullyrðing að röksemdafærsla eins sé andstæð sjálfu lýðræðinu. Þvert á móti er lýðræðinu fyrst hætta búin ef viðurkenna ætti umræðuþöggun af því tagi.

## Er hægt að segja nei en fá út já?

Þá spyrja menn: Var ekki óvarlegt að segja þetta? Því má svara með annarri spurningu: Ef báðir aðilar máls eins og hér um ræðir eru sammála um mikilvæga forsendu þess, hví ættu þeir að draga fjöður yfir þá sannfæringu þegar við blasir að þessi forsenda gæti fallið í þjóðaratkvæði?

Hefðu þeir sagt að niðurstaða Icesave-kosninganna hefði engin áhrif á kjarasamningana væru fyrri orð þeirra ómerk. Þeir yrðu eins og ríkisstjórnin. Já þeirra yrði ekki já og nei ekki nei. Málflutningur þeirra yrði ótrúverðugur. Það væru ósannindi ef þeir segðu nú að niðurstaðan í þjóðaratkvæðinu hefði ekki áhrif. Og þögn væri hvít lygi.

Þeir sem ábyrgð bera í samfélaginu, hvort sem er í stjórnmálum eða á vinnumarkaði, verða að segja satt. Efnahagslífið verður ekki talað í gang eins og menn héldu að unnt væri að tala gengi krónunnar upp fyrir hrun hennar.

Það getur verið hreystimerki að hafa stór orð um mikilvægi þess að standa í lappirnar og kikna ekki í hnjánum. En hagvöxtur verður aðeins til með ákvörðunum sem byggjast á skynsamlegu hyggjuviti. Formaður Framsóknarflokksins og innanríkisráðherrann hafa ekki lagt mest til af því.

Umræðan um Icesave-lögin hefur verið á þeim nótum að unnt væri að segja nei en fá út já. Verst að lífið hefur aldrei verið svo einfalt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Heimsins fyrsti snjallsími með DUAL CORE örgjörva
LG optimus 2X
...ræður þú við hraðann?
LG
5:53 AM
London
12/13/2010 MON
05 53
AccuWeather.com
Browser
Gmail
Market
Camera
Phone
Contacts
Messaging
LG
Android OS v2,2 (Froyo)
Quad-band GSM 850/900/1800/1900
4,0" capacitive WVGA snertiskjár
1 GHz DUAL CORE NVIDIA Tegra 2 örgjörvi
8MP myndavél með auto-fókus og LED flassi
1,3 MP myndavél á framhlið fyrir video-símtöl
Full HD video upptaka og afspilun
Tenging við WiFi, GPS, HDMI og styður DLNA
ELKO
Síminn
og endursöluaðilar um land allt.
www.lgmobile.is
Skannaðu QR kóðann

# Vinnum saman

ráðstefna um starfsendurhæfingu



GRAND HÓTEL

miðvikudaginn 13. apríl kl. 8.30-16.30

Ráðstefnan er sérstaklega ætluð fagfólki í starfsendurhæfingu

Dagskrá

08:30 – 09:00 Morgunkaffi

09:00 – 09:45 VIRK – staða og þróun
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK

09:45 – 10:15 Mikilvægi starfsendurhæfingar
Guðrún Sigurjónsdóttir, Velferðarráðuneyti

10:15 – 10:45 Starfsendurhæfing í samstarfi við atvinnulíf
Svava Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sérfræðingur hjá VIRK

10:45 – 11:00 Kaffi

11:00 – 11:30 HVERT starfsendurhæfing
Jón Steinar Jónsson, heilsugæslulæknir og lektor við Læknadeild HÍ

11:30 – 12:00 Áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni
Halldór Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafadeild HÍ
og Kristján Már Magnússon, sálfræðingur

12:00 – 12:45 Matur

12:45 – 13:30 Að ryðja úr vegi! Starfsendurhæfing frá ólíkum sjónarhornum
Kristjana Fenger, lektor í iðjuþjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri

13:30 – 14:15 Starfshæfnismat og ICF – þróun og rannsóknir hjá VIRK
Ása Dóra Konráðsdóttir, sjúkraþjálfari, sérfræðingur hjá VIRK

14:15 – 15:00 Þrálátir verkir og óvinnufærni – árangur þverfaglegrar endurhæfingar
Magnús Ólason, yfirlæknir Verkjasviðs Reykjalundar

15:00 – 15:15 Kaffi

15:15 – 15:45 Starfsendurhæfing í kjölfar andlegra veikinda
Sveina Berglind Jónsdóttir, sálfræðingur, sérfræðingur hjá VIRK

15:45 – 16:15 Orkubúskapur og endurhæfing
Magna Fríður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ

16:15 – 16:30 Samantekt og ráðstefnulok

Ráðstefnustjóri er Þorsteinn Sveinsson, sérfræðingur hjá VIRK

Dagskrá og veitingar eru í boði VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig á heimasíðu VIRK, ***www.virk.is*** eða með því að senda tölvupóst á ***virk@virk.is*** fyrir kl. 12.00 þriðjudaginn 12. apríl

Ráðstefnan verður send út með fjarfundarbúnaði til:

- **Akureyrar** / hjá Símey / skráning hjá Önnu Guðnýju / anna@ein.is eða í síma 460-3600
- **Austurlands** / hjá Þekkingarneti Austurlands skráning hjá Katrínu / katrinas@tna.is eða í síma 470-3800

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

www.virk.is

ATARNA


# Hættan á að ekkert gerist

Icesave


Árni Oddur Þórðarson
forstjóri Eyrir Invest




Í dag er kosið um hvort samþykkja eigi Icesave-samningana sem gerðir voru á milli Íslendinga, Breta og Hollendinga í desember síðastliðnum. Nýju samningarnir hafa náð að létta byrðarnar verulega miðað við eldri samningana og ég tel að það muni reynast hagkvæmara fyrir þjóðfélagið í heild að samþykkja þá fremur en freista dómstólaleiðar. Ég mun segja JÁ við sáttaleiðinni.

**Björgunarlínur til Íslands á grunni samningaleiðar**

Mikill meirihluti alþingismanna hefur verið hlynntur því að við Íslendingar færum samningaleiðina í Icesave-málinu. Víðtæk sátt skapaðist um að skipa nýja samninganefnd undir forystu Lee Buchheit með fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu innanborðs. Á þeim grunni veittu frændþjóðir okkar á Norðurlöndum lánalínur á afar viðkvæmum tíma. Ljóst er að ekki verður gengið lengra í samningaleiðinni en hinn nýi Icesave-samningur segir til um og þegar hefur verið samþykktur af 2/3 hluta alþingismanna. Betra er hér að fara þá sáttaleið sem er í boði en freista þess að ná fullum sigri í dómsmáli. Sáttaleiðin er því ekki einungis gagnvart Bretum og Hollendingum heldur einnig gagnvart Norðurlandaþjóðunum í þessu tilviki.

> Nýju samningarnir hafa náð að létta byrðarnar verulega miðað við eldri samningana

Sá sem kann að leysa erfið deilumál með sátt er metinn verðugur samningamaður til framtíðar. Það þarf að meta hvort kostnaður Icesave-samningsins hins nýja sé ásættanlegur í samanburði við þann kostnað sem kann að hljótast við dómstólaleiðina eða við það að tefja þetta mál frekar. Oft er það svo að kakan sem er til skiptanna er ekki sú sama fyrir og eftir erfið og tímafrek dómsmál.

**Gerist þá ekki neitt ef við segjum NEI?**

Fjölmargir andstæðingar sáttaleiðar segja að engin lagaleg skylda sé til að samþykkja samning og ekkert muni gerast við það að við Íslendingar höfnum samningi sem er í samræmi við bestu niðurstöðu hér að ofan. En það langt einmitt málið – hættan er að það gerist ekki neitt! Á árinu 2010 var 3,5% samdráttur í vergri landsframleiðslu á Íslandi á meðan heimshagvöxtur var 5% að meðaltali, drifinn að mestu af hagvexti nýmarkaðsríkja. Hagvöxtur í Evrópu var að meðaltali um 2% í fyrra. Stöðnun í 2-3 ár til viðbótar veldur beinu fjárhagstjóni sem er mun hærra en sá kostnaður sem nú reiknast af sáttaleið. Sálfræðilegt tjón Íslendinga að halda áfram að deila um þetta mál í stað þess að halda áfram fram á veginn getur vegið enn þyngra. Það þarf kraft, hóflega bjartsýni og jákvæðni til að byggja upp!

Líklegasta niðurstaðan af dómstólaleið er þó verri en hér er lýst, þar sem NEI kýs yfir okkur stöðnun í 2-3 ár í stað hagvaxtar auk þess sem Íslendingum verði gert að greiða höfuðstól í samræmi við þann samning sem nú liggur fyrir. Þá er hins vegar alls óljóst hvaða vaxta- og greiðslukjör bjóðast.

Að segja NEI við sáttaleiðinni eykur óvissu og áhættu í augum erlendra fjárfesta og lánastofnana gagnvart íslenska ríkinu og aðilum með tekjur í íslenskum krónum. Það mun bitna á lánskjörum og fjármögnunarmöguleikum ríkis, sveitarfélaga, smærri og meðalstórra fyrirtækja og heimila landsins. Skert aðgengi að fjármögnun í formi lánsfjár eða eiginfjár skerðir samkeppnisstöðu, sem leiðir til þess að minna er til skiptanna hjá atvinnurekendum og launþegum. Ríki og sveitarfélög hafa þá minna fé til rekstrar samfélagsþjónustu á borð við skóla og heilbrigðisþjónustu.

Kaupmáttur launatekna er hér með lægsta móti og atvinnuleysi það hæsta á Norðurlöndum nú um stundir. Við áframhaldandi kyrrstöðu á Íslandi á sama tíma og hagvöxtur ríkir hjá grannþjóðum breikkar það bil frekar.

**En hvað gerist ef við segjum Já?**

Miðað við stöðu eignasafns gamla Landsbankans nú eru allar líkur á því að heildarkostnaður ríkisins við að fara sáttaleiðina fari ekki yfir 20-50 milljarða króna. Þó að það séu vissulega umtalsverðir fjármunir eru þetta ekki háar tölur í samanburði við þá hagsmuni sem hér er um að tefla.

Með því að segja JÁ stígum við skref til þess að rjúfa kyrrstöðuna og stígum fyrstu skref til að hefja endurreisn íslenska hagkerfisins.

Svo þarf að sjálfsögðu fleira að koma til, eins og skýr og trúverðug stefnumörkun til framtíðar af hálfu stjórnvalda sem veitir þátttakendum í atvinnulífinu umgjörð til að skapa langtímaverðmæti til handa viðskiptavinum, launþegum, eigendum fyrirtækja og samfélagsins alls.

Ég ætla að segja JÁ við sáttaleiðinni.

# Nei mun bitna á sjálfum okkur

Icesave


Vilhjálmur Árnason
prófessor í heimspeki




Það var sorglegt að horfa upp á manninn á Álftanesi eyðileggja húsið sitt hér um árið til að ná sér niður á bönkunum. Ég fæ ekki varist þeirri tilhugsun að íslenska þjóðin, illa haldin af sorg og reiði eftir bankahrunið, muni með svipuðum hætti eyðileggja fyrir sjálfri sér, hafni hún Icesave-samningnum. Gremja landsmanna er skiljanleg og nú ætla margir að finna þessum tilfinningum útrás með því að segja nei í þjóðaratkvæðagreiðslu. En haldi menn að þar með bjóði þeir fjármálamönnum birginn er það misskilningur. Nei-ið er miklu líklegra til þess að stórauka vanda þjóðarinnar, auk þess sem það er siðferðilega óverjandi. Frá siðfræðilegu sjónarmiði virðist mér Icesave-málið vera einfalt. Með neyðarlögunum var innistæðueigendum Landsbankans mismunað í grófum dráttum þannig að Íslendingar fengu allt sitt bætt, útlendingar ekkert. Samningurinn sem nú er kosið um dreifir byrðinni af því hörmulega máli á sanngjarnan hátt milli þeirra þriggja þjóða sem hlut eiga að því (auk þess sem eignir gamla Landsbankans munu líklega duga fyrir nær öllum hlut Íslendinga). Segjum því já við samningnum.



Vodafone IS 3G
10:32
Dýrð í Apphæðum!
Fermingartilboð í öllum verslunum Vodafone
Stórsnjallir símar á frábæru verði, auk úrvals framúrskarandi fermingargjafa.
Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.
power to you
200 MB
á mán. fylgir með í 6 mán.
2 miðar
í Sambíóin fylgja
á meðan birgðir endast
3.333 kr
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 39.990 kr.
Nokia C5-03
200 MB
á mán. fylgir með í 6 mán.
2 miðar
í Sambíóin fylgja
á meðan birgðir endast
2.499 kr
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 29.990 kr.
LG Optimus Me

# Tveir snjallir Nokia farsímar hjá Nova!



**Nokia C7**

**4.490 kr.**
**á mánuði í 18 mánuði**
**500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 74.990 kr.**



**Nokia N8**

**5.490 kr.**
**á mánuði í 18 mánuði**
**500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 89.990 kr.**

DAGUR & STEINI



Páskaegg nr. 4 og 500 kr. símnotkun á mánuði í 6 mánuði fylgir!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
**www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.


# Icesave með augum Íslendings í Hollandi

Icesave

**Gestur Viðarsson**
ónæmisfræðingur



Kæru Íslendingar.

Brátt verður kosið um nýjasta Icesave-samninginn. Allir eru sammála að málið sé afar flókið og að kosið verður um hvor afarkosturinn sé skárri. Breyturnar eru mikilvægar og þónokkrar og því vandi um að velja. Fyrir marga er þetta samviskuspurning, en með samviskunni má færa góð rök fyrir því að svara bæði með eður ei. Fyrir marga er spurningin greinilega sú hvort það sé til dæmis réttlátt að „óviðkomandi“ þriðju aðilar fari að borga innistæður reikninga ókunnugra einstaklinga og félaga í öðru landi? Hvort almenningur eigi að borga skuldir „óreiðumanna“?

En málið er auðvitað flóknara en það. Með þeim samningum sem voru og eru í gildi, skuldbundum við okkur til að standa vörð um innistæður reikningseigenda í erlendum útibúum, allt að 20 þúsundir evra. Hollendingar tóku upp á sitt einsdæmi að tryggja innistæður upp á 100 þús. evra. Það er þeirra böggull. Heildarskuldir þrotabús föllnu bankanna (skuldir „óreiðumannanna“) sem afskrifuðust við fall þeirra voru auðvitað margfalt hærri. Það sem eftir stendur eru inneignir einstaklinga og félaga allt að 20 þúsundum evra. Mörgum þessara eigenda finnst auðvitað réttlátt að Íslendingar borgi allar innistæður og er er heitt í hamsi.

Væri dæminu snúið við fyndist mörgum Íslendingum ekkert sjálfsagðara en að erlendir bankar eða ríki stæðu við sínar skuldbindingar gagnvart innistæðueigendum. Annað væri samningsbrot, glæpsamlegt, og frekar ljóst hvernig það mál færi fyrir dómstólum. Það er ekki bara að dómstólaleiðin sé áhættumeiri vegna dóma sem þá kynnu að falla og gætu þannig auðveldlega leitt til enn hærri Icesave reiknings, heldur líka vegna þess hversu mikils álithnekkis Íslendingar þá fengju á sig. Og það ofaná þann stimpil sem var byrjað að nota á okkur í kjölfar bankahrunsins 2008. Þá var Ísland og Íslendingar lítið þekktir, en þeir sem til þekktu, þekktu okkur af góðu og heiðarlegum háttum. Þá fengum mikinn skell og villimannabragðkeim var að finna af okkur í sumum fjölmiðlum Evrópu, sem endurspeglaði almenningsálitið a.m.k. í Hollandi. Sá faraldur hefur rénað, en myndi herja aftur af mun meiri styrk í kjölfar kosninganna sem framundan eru ef svarið við Icesave 3 verður neikvætt.

> Veljum viðstöðuminnstu leiðinar út úr þessum vanda, bætum ekki gráu ofan á svart og segjum já við síðasta og lokasamningi Icesave.

Viljum við þá finna enn betur fyrir þeim umræðum sem þá voru uppi með öllum þeim áhrifum á Íslenskt efnahagslíf sem veikt er fyrir? Verða fyrir enn frekari álitshnekki og fá „óreiðumannastimpilinn“ á alla Íslendinga? Eða veljum við öruggari leiðina, látum innistæður þrotabúanna ganga upp í Icesave skuldirnar og verum borgunarmenn fyrir restinni ef einhver er? En umfram allt að við stöndum við þær lágmarksskuldbindingar sem við gengumst við og berum þannig höfuðið hátt í framtíðinni? Veljum viðstöðuminnstu leiðina út úr þessum vanda, bætum ekki gráu ofan á svart og segjum Já við síðasta og lokasamningi Icesave.

# *Stöndum hvert með öðru*

Icesave

**Jóna Rúna Kvaran**
blaðamaður og rithöfundur



Ekki fyrir löngu voru vorjafndægur og við flest hugsum okkur gott til glóðarinnar þegar fer að birta og veður að breytast til hins betra. Það er þó rétt að benda á að mars-mánuður er oft mjög erfiður vegna þess að snjólega séð er engu líkara heldur en að risafoss gangi fram í nokkrar vikur og svo komi eins og stöðuvatn í kjölfarið sem verður lygnara eftir því sem líður á.

Það er ótrúlega margt að gerast í okkar ágæta samfélagi og nú standa fyrir dyrum eftir nokkra daga, svokallaðar IceSave-kosningar. Ég er algjörlega mótfallin því að við borgum fyrir dómgreindarlausa, siðblinda og hrokafulla einstaklinga sem víluðu sér ekki við að fara með fé Íslendinga hingað og þangað um heiminn og fannst það í lagi. Ég vil benda á ef að ég fæ símareikning minn inn um mína lúgu þá fer ég ekki með hann í næsta hús og heimta að konan þar borgi í hennar óþökk, geng svo í burt og finnst þetta í lagi. Ég fengi væntanlega á mig kæru og yrði látin borga reikninginn minn hvort sem mér líkaði betur eða verr, annars fengi ég jafnvel dóm á mig. Að sama skapi á að láta þá sem eru ábyrgir greiða fyrir syndir sínar, ekki saklausa borgara.

Vegna atburðanna með nokkurra vikna millibili á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli fengu margir Íslendingar áfall vegna jarðskjálftanna í t.d. Japan að undanförnu. Ég vil benda á að þó alltaf sé jafnerfitt að takast á við afleiðingar svona alvarlegs jarðróts og hræringa í heiminum þá er munurinn á íslenskum jarðhræringum og þeim japönsku eða víðar, eins og munurinn á milli hvals og fálka þó tölurnar séu svipaðar. Það er ólíklegt að við fáum svipaða skjálfta hér. Við megum því vel við una í okkar vanda þótt vandi sé alltaf erfiður.

Það er furðulegt hvað gengið hefur á í heiminum á mjög stuttum tíma og þjóðinni er fullkunnugt um. Það eru erfiðleikar í Miðausturlöndum, Asíu og Afríku og víðar. Mikil veraldleg og úthugsuð mannleg átök eru í gangi sem eiga upphaf sitt hjá fólki en ekki náttúru. Ég vil bara segja að lokum að það er greinilegt að fólk þarf að átta sig á því meira nú en nokkru sinni áður, þar sem upplýsingaöldin er algjör, að við þurfum að standa hvert með öðru og trúlega breyta á einhvern hátt viðhorfum okkar til alheimsins og ýta kannski frekar undir réttsýni, lítillæti, auðmýkt og trú, heldur en hroka, yfirgang, siðblindu og trúleysi.

# Viltu játa glæp?

Icesave

**Sveinn Valfells**
eðlisfræðingur og hagfræðingur



Landsbankinn var seldur í skömmtum á almennan markað fram á sumarið 2002, allir gátu skráð sig fyrir hlut. Án skýringa var ferlinu þá kúvent. Í málamyndarútboði var þremur mönnum af verulegum hluta. Fyrirvarar um afhentur ráðandi hlutur. Þeir voru lægstbjóðendur. Kaupin voru fjármögnuð af ríkinu að verulegum hluta. Fyrirvarar fylgdu um afskriftir og uppgjörsgjaldmiðil.

Málverkasafn bankans fylgdi með.

Nýir eigendur bankans settu allt í botn. Eimskip, Sjóvá, Morgunblaðið, Atlanta, Samskip, Landsbankinn eirði engu, reyndi við allt, gaf engin grið. Þekktur maður úr viðskiptalífinu komst svo að orði að dómarinn sæti upp í stúku að borða pulsu og kók.

Svona var Ísland. Sérstakur saksóknari hefur lítið aðhafst vegna Landsbanka. En nú berast tíðindi að utan. Efnahagsbrotadeild breskra yfirvalda, Serious Fraud Office, hefur hafið að rannsaka færslur Landsbankans með breskar innistæður rétt fyrir hrun.

Vitnað er í bréf frá skilanefnd Landsbanka til fyrrum stjórnarmanna sem lýsir hvernig 174 milljón pund, rúmir 32 milljarðar króna, voru færð út úr bankanum daginn sem hann fór í þrot. Með „ólögmætum hætti“. Megnið af peningunum hafi verið sendir til félaga í eigu eða undir stjórn Björgólfs Thors Björgólfssonar og föður hans Björgólfs Guðmundssonar.

Feðgarnir voru ekki aðeins aðaleigendur heldur líka stærstu lántakendur Landsbankans. Fjármálaeftirlitið fullyrti að lánveitingar bankans til Björgólfs Thors hefðu farið langt fram yfir lögbundið hámark árið 2007.

Björgólfur Thor segist hvergi hafa komið nálægt stjórn Landsbanka. En hann var aðalfulltrúi á neyðarfundum um mögulega björgun bankans rétt áður en bankinn fór í þrot. Rétt áður en fullyrt er að innistæður breskra sparifjáreigenda voru látnar renna í vasa þeirra feðga, aðaleigenda bankans, með „ólögmætum hætti“ korter fyrir hrun. Það eru þessar innistæður sem Bretar og Hollendingar vilja að íslenskir skattgreiðendur borgi til baka.

> Björgólfur Thor segist hvergi hafa komið nálægt stjórn Landsbanka.

Varst þú einn af aðaleigendum Landsbanka Íslands? Fékkst þú færslur úr bankanum skömmu áður en skilanefnd tók hann yfir? Vilt þú játa glæp?

Viltu „redda“ þessum mönnum? Trúir þú því að hjól atvinnulífsins taki að snúast við það eitt að skera þá niður úr snöru á meðan ekkert annað er aðhafst, engu öðru breytt? Kjóstu þá „Já“ við Icesave, þá samþykkir þú óbreytt ástand og að borga fyrir peningana sem hurfu úr Landsbanka Íslands korter fyrir hrun.

# Dómstólaleiðin eða samningaleiðin

Icesave
Þorbjörn Atli Sveinsson
hagfræðingur í greiningardeild Arionbanka



Áætlaður kostnaður Íslendinga vegna Icesave, annars vegar af dómstólaleiðinni og hins vegar samningaleiðinni, er metinn í meðfylgjandi greiningu. Samkvæmt neðangreindu mati liggur væntur kostnaður af Icesave-málinu á bilinu 0-585 milljarðar króna. Helstu óvissuþættirnir fyrir allar niðurstöður í matinu felast í óvissu um gengi krónunnar, útborgunum og endurheimtum úr þrotabúinu ásamt þróun vaxta hér heima og erlendis.*

### Væntur kostnaður Íslendinga

Hér er einungis verið að meta þær fjárhæðir sem „gætu“ fallið á íslenska ríkið og hver staðan gæti orðið út frá mismunandi niðurstöðum árið 2016. Ekki er hér lagt mat á það hver sé líklegasta niðurstaðan af dómstólaleiðinni. Þó eru niðurstöðurnar ansi afdráttarlausar sama hvernig horft er á dæmið. Versta niðurstaðan fyrir íslenska ríkið (Ísland tapar svokölluðu mismununarmáli) yrði verulega íþyngjandi og gæti leitt til greiðsluþrots, hvort sem gengið er út frá því að Bretar og Hollendingar (B&H) fengju greiddar bætur í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Aftur á móti myndi sigur í dómsmáli lágmarka tjón ríkisins. Samningsleiðin er þó mun nær bestu mögulegu útkomu heldur en verstu mögulegu útkomu.

*Í öllum dæmum hér á eftir er gert ráð fyrir sama innheimtuhlutfalli (skv. mati skilanefndar 2.mars 2011), að endurgreiðslur úr þrotabúi hefjast á þriðja ársfjórðungi 2011 og ljúki árið 2016 og óbreyttu gengi krónunnar. Greiddir verði íslenskir skaðabótavextir frá október 2008 til ársins 2013 en þessir vextir eru í dag 3,5% (gert ráð fyrir að þeir verði óbreyttir til 2013). Eftir 2013 er gert ráð fyrir að íslenska ríkið geti fjármagnað „þáverandi“ skuldbindingu á sömu kjörum og Írum bauðst hjá „bjargráðasjóði“ Evrópusambandsins, þ.e. 5,8%.

**Staðan á Icesave um mitt ár 2016**
**miðað við óbreytt gengi**




### Mögulegur kostnaður af báðum leiðum:

1. Töpum málinu, skaðabætur vegna mismununar: Í forsendum hér er gert ráð fyrir Ísland tapi málinu og kröfur B&H um fulla endurgreiðslu og áfallna vexti vegna allra innstæðna yrðu teknar til greina, en þjóðirnar greiddu út á sínum tíma um 1170 milljarða króna til innlánshafa. Áætlaður kostnaður af þessari sviðsmynd fyrir Íslendinga er í kringum 585 milljarðar króna en nú þegar væru áfallnir vextir hátt í 250 milljarðar króna.
2. Töpum og greiðum skaðabætur vegna lágmarkstryggingar: Hér er gert ráð fyrir að Ísland tapi málinu og B&H fái greiddar bætur vegna lágmarkstryggingarinnar (630 ma.kr) að viðbættum íslenskum skaðabótavöxtum. Núverandi samningur byggir á svipaðri forsendu – en vaxtaforsendur eru ólíkar. Kostnaðurinn af þessari sviðsmynd er um 215 ma.kr. fyrir íslenska ríkið.
3. Töpum mismununarmálinu, engar skaðabætur : Ísland tapar málinu og þarf ekki að greiða skaðabótavexti til B&H. Þessi niðurstaða myndi kosta íslenska ríkið um 160 milljarða króna. Hér er gert ráð fyrir að íslenska ríkið fái fjármögnun á sömu kjörum og Írar eftir 2013 líkt og í dæminu að ofan.
4. Samningurinn í dag: M.v. þær forsendur sem gefnar eru hér (sömu forsendur í öllum dæmum) verður áfallinn kostnaður um 40 milljarðar króna.
5. Töpum málinu og greiðum lágmarkstryggingu án skaðabóta: Þurfum því líkt og í hinum dæmunum að leita á erlenda fjármagnsmarkaði eftir að dómsniðurstaða liggur fyrir árið 2013. Þessi niðurstaða myndi kosta um 12 ma.kr. fyrir íslenska ríkið.
6. Vinnum málið: Íslendingar vinna málið, 0 kr. falla á íslenska ríkið.





Markaðssókn | Nýsköpun | Þekkingaryfirfærsla | Erlend markaðsfærsla | Viðskipta- og vöruþróun

Iðnaðarráðuneytið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Auglýst eftir umsóknum um styrki

**Iðnaðarráðuneyti** auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefnisins *Atvinnusköpun í sjávarbyggðum*, sem byggja á tekjum af sölu aflaheimilda fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 til að veiða á skötusel og til frístundaveiða, sbr. lög um stjórn fiskveiða.

**Atvinnusköpun í sjávarbyggðum** er tímabundinn verkefnasjóður sem hefur það að markmiði að skapa varanleg störf, efla atvinnusköpun og auka fjölbreytni atvinnulífs í sjávarbyggðum.

**Áhersla verkefnisins er á hagnýtingu nýrra hugmynda** og leitast verður við að styðja verkefni sem fela í sér nýsköpun, þekkingaryfirfærslu og hugverk. Stuðningur getur m.a. falist í viðskipta- og vöruþróun, markaðssókn og erlendri markaðsfærslu.

Atvinnusköpun í sjávarbyggðum leitar eftir verkefnum sem fela í sér **ný atvinnutækifæri** og byggja á **styrkleikum sjávarbyggða**.

Hvatt er sérstaklega til **stærri samstarfsverkefna fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnanna** þar sem fram koma skýrar hugmyndir um afurðir í formi vöru eða þjónustu sem skila varanlegum verðmætum og atvinnu. Lögð er áhersla á klasasamstarf en það er ekki forsenda fyrir stuðningi úr *Atvinnusköpun í sjávarbyggðum*.

**Í umsókn þarf að koma fram:**
- Skýr lýsing á verkefninu
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Lýsing á væntum ávinningi fyrir sjávarbyggðir

Styrkir geta að hámarki numið 50% að heildarkostnaði verkefnisins.

Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

**Rafræn umsóknareyðublöð** eru á **www.nmi.is** og nánari upplýsingar veitir Arna Lára Jónsdóttir, verkefnastjóri á Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, **arnalara@nmi.is**.

**Umsóknarfrestur** er til og með **15. apríl 2011**.



Iðnaðarráðuneytið
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstaðir | Húsavík | Höfn | Ísafjörður | Reykjavík | Sauðárkrókur | Vestmannaeyjar



Vinsælustu Nokia farsímarnir hjá Nova!



Páskaegg nr. 4 og 500 kr. símnotkun á mánuði í 6 mán. fylgir!

1.790 kr. á mán. í 12 mán.
Nokia C2-01
19.990 kr./stgr.
500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!



2.590 kr. á mán. í 12 mán.
Nokia 5230
29.990 kr./stgr.
500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!



2.790 kr. á mán. í 12 mán.
Nokia X3-02
32.990 kr./stgr.
500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

Snertiskjár og lyklaborð

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gott verð í BÓNUS



**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

**1359** KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**



**Sérskorið kryddað lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

**1498** KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ **FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI**



**1298** KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ **LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**



**CAJ-P**
**GRILLOLÍA 500ml**
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
**398** kr.




**HUNTS** BBQ SÓSA
**225** kr. 612ml




BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ml
**HVÍTLAUKS OG PIPAR**
**198** KR. 270ml



**EUROSHOPPER ÍSTOPPAR 8 STK.**
**498** KR. 8 stk




EUROSHOPPER **ORKUDRYKKUR**
**159** kr. 1/2 ltr.

**BÓNUS**




FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1959** KR.KG.




**BÓNUS RISA**
**PÁSKAEGG 1 KG.**
SAMA VERÐ OG Í FYRRA
**1998** KR.STK




**LAMBHAGA SPÍNAT** 100g BOX
**298** KR.

**KJÖRFUGL**




FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1959** KR.KG.



**BÖKUNARKARTÖFLUR** Í LAUSU
**185** KR. KG.

**AFGREIÐSLUTÍMI**
**LAUGARD: 10-18**
**SUNNUD: 12-18**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í BÓNUS
FERSK BÓNUS
SALÖT Á BRAUÐIÐ
RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g
NÝBAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
BÓNUS NÝBAKAÐIR
KORNKUBBAR 2 TEG.
198 KR. 4 stk.
Pizzadeig
198 KR.
VENJULEGT
PIZZADEIG 400g
BÓNUS FERSKT
PIZZADEIG
259 KR.
SPELT
PIZZADEIG 400g
OS HEIMILIS-
OSTUR
25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ: 1221 KR.KG
25% AFSLÁTTUR
916 KR.KG
4x1.5l
4 flöskur x 1.5 ltr.
COCA COLA
659 KR.6 ltr
PIZZA OSTUR
PIZZA
OSTUR 200g
295 KR.
KORNBRAUÐ
1 KG / 26 SNEIÐAR.
KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.
PIZZU SKINKA
PIZZU
SKINKA 125g
139 KR.
pepsi MAX
pepsi
Egils APPELSÍN
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR.500ml.
BÓNUS
KJARNABRAUÐ
KJARNABRAUÐ
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
179 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Ný stjórnarskrá – nýtt Ísland

Stjórnlagaráð

Sigurður Líndal
prófessor



Ný stjórnarskrá og nýtt Ísland virðist eiga að vera leiðarljós stjórnlagaráðs sem nú hefur komið saman. Þetta nýja Ísland á að rísa úr rústum hins gamla sem hrundi 2008, einkum vegna gallaðrar stjórnarskrár. Reyndar hefur aldrei verið sýnt fram á með viðhlítandi rökum að stjórnarskrá eigi þar neina sök. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur hins vegar (einkum í þeim hluta sem fjallar um siðferði og starfshætti) lagt áherzlu á að orsök þess ófarnaðar sem gengur undir heitinu „hrunið“ liggi ekki sízt í virðingarleysi fyrir lögum og reglum, jafnt í stjórnarháttum sem viðskiptalífi, og birtist í stöðugri viðleitni til að finna leiðir framhjá þeim. Þetta eigi jafnt við þröngar lagareglur sem siðferðileg viðmið.

Nú er skipun stjórnlagaráðs stjórnarskrárbrot, eða a.m.k. gróf stjórnarskrársniðganga þar sem löggjafinn hefur með henni gengið inn á svið dómsvaldsins og breytt ákvörðun Hæstaréttar sem er endanlegur dómur eða að minnsta kosti ígildi dóms. Þetta er nánar útlistað í grein minni í Fréttablaðinu 16. marz sl. Með þessu hafa stjórnlagaráðsmenn að einum frátöldum samsamað sig þeim sem sniðgengu lög og siðferðisviðmið og áttu drýgstan þátt í hruninu. – Er þetta leiðarljós hins nýja Íslands?




FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Aðalfundur**

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja
verður haldinn mánudaginn 11. apríl 2011 kl. 18.00
að Stórhöfða 27 1. hæð, gengið inn að norðanverðu.

**Dagskrá**:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Áætluð inngangа símsmiða í FÍR
Önnur mál.

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja.*

http://www.rafis.is/fir/

# Þjóðin fékk síðasta orðið

Icesave

Ragnar Halldórsson
ráðgjafi



Þegar forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, veitti þjóðinni kosningaréttinn í fyrra gaf hann Íslendingum tækifæri til að spara sjálfum sér meira en fjögur hundruð og fimmtíu þúsund milljónir króna(!) fyrir tilstilli samninganefndar Lee Buchheits. Okurkjör höfðu verið þvinguð fram með ofbeldi og hótunum en fengu samt grænt ljós frá meirihluta Alþingis. Allir vita núna að án yfirvofandi beinnar íhlutunar þjóðarinnar hefðu engin betri tilboð komið í hús. En þau fóru að berast á færibandi bæði fyrir og eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave fyrir ári. Sparnaðinn má rekja beint til forseta Íslands. Enginn hafði vald til þess að færa þjóðinni rétt sinn til þjóðaratkvæðagreiðslu um afarkostina nema hann.

### Lifandi réttindi

Forseta Íslands hefur þrisvar sinnum tekist að vekja stjórnarskrárvarinn málskotsrétt forsetaembættis íslenska lýðveldisins upp frá dauðum. Því ónotuð réttindi eru dauð réttindi. Í þessu tilfelli atkvæðaréttindi íslensku þjóðarinnar sem stjórnarskráin fól forsetanum að tryggja henni. Tæp 40% af ákvæðum stjórnarskrárinnar fjalla beint um forseta Íslands [2.-30. gr.]. Strax í 2. gr. segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið“. En þýðingarmest er þessi: „[...]Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu[...]“ [26].

Með því að vekja málskotsréttinn upp frá dauðum undirstrikaði forsetinn virðingu sína fyrir þjóðinni sjálfri og valdinu sem henni ber. Um leið tempraði hann meinsemdirnar í alræði framkvæmdarvalds og þings. Og nú liggur mun betri samningur á borðinu. Sem betur fer var þessi eini beinkjörni þjóðhöfðingi til staðar til að bjarga málum þegar á þurfti að halda. Sem sameiningartákn. Merkisberi. Lýðræðisvörður þjóðarinnar. Við skulum athuga að forsætisráðherra er „bara“ einn maður. Halldór Laxness var „bara“ einn maður. Snorri Sturluson var „bara“ einn maður. Og Jón Sigurðsson. Er forseti Bandaríkjanna annað en „bara“ einn maður?

> Með því að vekja málskotsréttinn upp frá dauðum undirstrikaði forsetinn virðingu sína fyrir þjóðinni sjálfri og valdinu sem henni ber

Segja má að með framvísun mála til þjóðarinnar þjálfi forsetinn Íslendinga í þjóðaratkvæðagreiðslum og skapi þýðingarmikla hefð sem furðulegt er að hafi ekki í raun hafist miklu fyrr. Ef til vill skilur forsetinn embætti sitt betur en fyrirrennararnir. Og stjórnarskrána. Sem virðist hafa verið mistúlkuð allt frá 17. júní 1944. En þótt óteljandi valdamenn hafi vísvitandi lesið stjórnarskrána vitlaust sér í hag breytir það henni ekki. Þú breytir ekki embætti með því að beita því. Þú breytir ekki stjórnarskrá með því að fara eftir henni.

### Hreint lýðræði

Frá því frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, þurfti að þola hótanir og svívirðingar frá hinum handhöfum löggjafarvaldsins á þeirri stundu sem hún íhugaði að vísa EES-samningnum í þjóðaratkvæði hefur ný sýn á lýðræðið orðið til: Sú krafa að færa valdið ennþá nær fólkinu. Íslendingar hefðu vel getað kosið um það að ganga í EES-samstarfið sem hefur verið einn mesti happafengur þjóðarinnar. Að ganga í Nató. Að leyfa bjórinn eða afnema einokun RÚV. Að einkavæða bankana á sínum tíma. Um þátttöku Íslands í Íraksstríðinu. Eða um eftirlaunaforréttindi stjórnmálastéttarinnar íslensku.

Almennir borgarar Vesturlanda hafa undanfarna áratugi horft upp á hvernig firring og forréttindavæðing stjórnmálastéttarinnar hefur smám saman orðið að stærstu meinsemd fulltrúalýðræðisins: Hvernig sumir þjóðkjörnir fulltrúar virðast halda daginn eftir kjördag að þeir viti allt betur en við hin. Hvernig þeir loka sig af, valsa um stjórnkerfið eins og þeir eigi það í fjögur ár, skammta sjálfum sér fjarstæðukennd forréttindi og tala niður til Hæstaréttar Íslands. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru ein besta lækningin við þessu meini. Ekkert er lýðræðislegra en bein atkvæðagreiðsla þjóðar. Hreinna lýðræði er ekki til.

Orðið lýð-veldi þarf ekki að útskýra fyrir neinum sem er læs. Þjóðin á valdið. Hún á lýðræðið. Fólk eins og ég og þú. Hvað óttast menn? Íslensku þjóðina? Lýðveldið? Ég hvet þig til að mæta á kjörstað og nota skynsamlega valdið í þínum atkvæðisrétti sem forsetinn færði þér. Forseti lýðveldisins stendur með þjóðinni. Hann hlaut að gefa henni síðasta orðið.

# Já, það er ekki eins gaman eftir...

Icesave

Sverrir Björnsson
hönnuður í Noregi



Jón Ásgeir Jóhannesson er alveg með það, sá hitti naglann á höfuðið hjá Sveppa og Audda um daginn. „Auðvitað er þessi tími eftir hrun búinn að vera ekkert skemmtilegur tími,“ sagði hann. Hárbeitt analýsa hjá Jóni. Ekki eins gaman eftir að þjóðin var „tekin“ eins og Auddi segir og sérstaklega lítið gaman núna þegar þjóð Ragnars Reykáss sem hefur hringsnúist í stofustólnum þarf að taka afgerandi ákvörðun.

Eins og kemur fram í þeirri góðu bók Rannsóknarskýrslu Alþingis var þjóðin „tekin“ síðasta eina og hálfa árið fyrir hrun. Þegar bankarnir og útrásarfyrirtækin gátu ekki lengur fjármagnað sig erlendis. Þá voru góð ráð dýr, en útrásarvíkingarnir fundu sannkallað þjóðráð: Að gerast innrásarvíkingar og halda fyrirtækjum sínum á floti með sparifé og eignum fólksins í landinu. Hófst nú „takan“ mikla með smölun fjár í réttir útrásarfyrirtækjanna, banka og sjóði. Farið var á milli byggðarlaga með fundi sem minntu meira á samkomur hjá Krossinum en viðskiptafundi eins og nýlegar hörmungarsögur bera vitni um. Endurfjármögnun var töfraorðið og farið var hamförum í skuldsetningu fyrirtækja. Mestallt fémætt í landinu var ryksugað upp. Sorglegt að á þessum tíma vissu ráðamenn að staða gömlu bankanna var vonlaus. Fyrrverandi seðlabankastjóri hefur marglýst því yfir að hann hafi vitað það. Eðlilegt að bankastjórinn í banka bankanna viti þetta fyrstur og ríkisstjórarnir vissu það í upphafi hrunársins. Datt engu þeirra í hug að stöðva landhreinsunina? Staðan væri mun betri ef þetta hefði verið stöðvað fyrr, þar hefði munað mikið um hvern mánuð. Ég var t.d. ekki „tekinn“ fyrr en seint um sumarið. Þá fór ég til ráðgjafa míns hjá bankanum og bað hann að losa það sem hægt væri og kaupa gjaldeyri. Hann taldi mun betra fyrir mig að leggja þetta inn á erlendan skuldabréfasjóð. „Hvað er á bak við hann?“ spyr ég. „Breitt safn skuldabréfa frá stórum traustum erlendum fyrirtækjum, þá færðu vexti á féð en getur alltaf losað það.“ O.K. segi ég. Þetta var gaman, sloppinn frá íslensku undrafyrirtækjunum, sem ég hafði reyndar sem reglu að eiga aldrei neitt í eins og ráðgjafi minn vissi mætavel. Svo hrynja bankarnir en ég er hinn rólegasti. Eftir hrun kemur í ljós að svo til allt er tapað. Í sjóðnum reyndust vera skuldabréf í erlendri mynt gefin út af Baugi. FL Group og fleiri íslenskum útrásarfyrirtækjum, einskis virði pappírar. Ekki mjög gaman. Tjón mitt þó bærilegra en þeirra sem voru narraðir til að skuldsetja sig. Því miður er þetta bara ein ljót saga af tugum þúsunda um hvernig fólk var lokkað, ginnt og platað í stærstu hreinsunum íslandssögunnar.

Skúringarnar fengu að fara fram átölulaust og þessa vegna er miklu minna gaman á Íslandi í dag. Miklu minna gaman að hafa ekki lengur efni á þotu, snekkju, bíl, reiðhjóli, skóm... miklu miklu minna gaman.

Því miður fyrir þjóðina voru líka settar upp afkastamiklar fjársugur utan landsteinanna. Vefreikningar með óeðlilega háa vexti, hannaðir til að ná peningum beint af óupplýstu fólki á Englandi og í Hollandi. Eftir hrun vildi þetta fólk peningana sem það lagði í svikamylluna til baka. Skiljanlegt, sérstaklega í ljósi þess að þeir sem áttu inni á reikningum í bönkunum hér fengu borgað upp í topp. Ekkert þak á því, bara tekið risavaxið erlent lán sem allir borga saman, líka þeir sem áttu engar innistæður, bara skuldir sem tvöfölduðust. Stjórnvöld lofuðu strax að semja um að borga tap enskra og hollenskra sparifjáreigenda. Ergo: Eftir að vera „tekin“ í hreinsuninni, og „tekin“ aftur í endurreisninni, á fólk að borga það sem svikahrappar þess náðu erlendis. Engin furða hvað stólpípan er orðin vinsæl.

> Ég hef snúist eins og skopparakringla í Icesave-málinu enda býsna snúið mál

Ég hef snúist eins og skopparakringla í Icesave-málinu enda býsna snúið mál, „lose-lose situation“. Annars vegar að borga óræða en stóra upphæð sem við eigum ekki fyrir og ber kannski ekki að borga. Hins vegar að lenda í frystikistu alþjóða fjárvaldsins ef við förum dómstólaleiðina. (Fyrstu einkenni kuldans; nístandi skortur á brúðkaupsboðskorti á Bessastöðum.) Praktíska spurningin er hvor leiðin felur í sér stærra tap og ekki er svarið við því á hreinu. Kannski er sjálfsvirðingin það eina sem hægt er að bjarga í Icesave-atkvæðagreiðslunni. Ég þarf þá bara að velja hvort ég vil bjarga virðingu íslenskra stjórnvalda eða minni eigin. Eftir það sem á undan er gengið verður það auðvelt val.

# DOKTORS- OG MEISTARANÁM
## VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

### LAGADEILD
- PhD í lögfræði
- ML í lögfræði*

### TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
- PhD í verk- og tæknivísindum

**BYGGINGARSVIÐ**
- MSc í byggingarverkfræði
  - Framkvæmdastjórnun
  - Mannvirkjahönnun
  - Steinsteyputækni
  - Umferð og skipulag
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í skipulagsfræðum og samgöngum

**HEILBRIGÐISSVIÐ**
- MEd í heilsuþjálfun og kennslu
- MSc í íþróttavísindum og þjálfun
- MSc í heilbrigðisverkfræði
- MSc í lífupplýsingafræðum

**VÉLA- OG RAFMAGNSSVIÐ**
- MSc í rafmagnsverkfræði
- MSc í vélaverkfræði
- MSc í orkuverkfræði (í samstarfi við REYST)

**FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ**
- MSc í ákvarðanaverkfræði
- MSc í fjármálaverkfræði
- MSc í rekstrarverkfræði

### TÖLVUNARFRÆÐIDEILD
- PhD í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í tölvunarfræði

### VIÐSKIPTADEILD
- PhD í viðskiptafræði
- MABI | stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- MACC | reikningshald og endurskoðun
- MBA
- MCF | fjármál fyrirtækja
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í OBTM
  *Organisational Behaviour and Talent Management*
- MSIM | fjárfestingarstjórnun




UMSÓKNARFRESTIR ERU TIL **15. APRÍL OG 5. JÚNÍ**

* Umsóknarfrestur er til 30. apríl

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
**SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST**

www.hr.is

# Ennþá þessi landsbyggðartútta

**Aðalheiður Ólafsdóttir,** sem oftast er kölluð Heiða, hefur starfað sem söngkona í mörg ár en útskrifaðist úr leiklistarnámi í Bandaríkjunum fyrir tæpum tveimur árum. Hún fer nú með sitt fyrsta stóra hlutverk í verkinu Bjart með köflum í Þjóðleikhúsinu. Heiða spjallaði við *Kjartan Guðmundsson* um sönginn, leikinn, New York og eftirminnilega kosningu um kynþokka.

Reyndu nú að bulla ekki of mikið, Heiða mín," segir Pálmi Gestsson þegar hann rekur nefið inn í fundarherbergi Þjóðleikhússins, þar sem blaðamaður hefur sest niður með Aðalheiði Ólafsdóttur, sem oftast er kölluð Heiða og var einu sinni þekkt sem Heiða Idol. „Ég lofa því," svarar Heiða að bragði að útskýrir hlæjandi að leikarinn sé sérstakur ráðgjafi sinn, enda séu þau bæði að vestan.

Pálmi er einn af hópi landskunnra leikara sem stíga á svið með Heiðu í nýju verki eftir Ólaf Hauk Símonarson, Bjart með köflum, sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í gær. Sögusvið verksins er sveitin undir jökli á Snæfellsnesi árið 1968. Þar kemur ungur rokkari úr Reykjavík til dvalar og er fyrr en varði orðinn miðpunkturinn í rammíslenskum og ævafornum fjandskap milli bæjanna Gils og Hvamms og ekki síður tilefni til togstreitu milli heimasætnanna á bæjunum. Heiða fer einmitt með hlutverk Gunnvarar, sem býr á fyrrnefnda bænum.

„Gunnvör hefur meiri trú á að sjómennskan skili meiru til bæjarins en landbúnaður og veiðir því fyrir heimilið. Hún er algjör strákastelpa og töffari," segir Heiða. Í verkinu hljóma mörg af þekktustu popplögum landsins frá ofanverðum sjöunda áratugnum, meðal annarra lagið Leyndarmál sem Heiða syngur og er þegar farið að heyrast á öldum ljósvakans, en líka eitt erlent, Chuck Berry-lagið Johnny B. Goode, sem heitir Gott hjá þér, Jón í íslenskri þýðingu.

### Þarf ennþá að klípa mig

„Auðvitað er það draumur allra að stíga á svið í Þjóðleikhúsi Íslendinga," segir Heiða, en þetta er hennar fyrsta stóra hlutverk í leikhúsi. Áður hefur hún þó tekið þátt í ýmsum uppfærslum, meðal annarra Buddy Holly í Austurbæ, Sögunni af Nínu og Geira á Broadway, Footloose í Borgarleikhúsinu og sýningum á meðan hún stundaði nám í Verslunarskóla Íslands, auk þess að starfa sem söngkona í mörg ár.

„Ég þarf ennþá að klípa mig við og við því þetta er svo óraunverulegt og fáránlegt. Pálmi Gestsson leikur pabba minn, Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur mömmu mína og Örn Árnason manninn á hinum bænum. Þessu fólki hef ég dáðst að í mörg ár og þetta er mikill heiður," segir Heiða og bætir við að henni hafi verið tekið afar vel af starfsfólki Þjóðleikhússins. „Við erum fjögur í þessu verki sem erum ný í húsinu, Ég, Hilmir Jensson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Ævar Þór Benediktsson, og fáum öll sömu frábæru viðtökurnar. Það er mjög flott hjá Þjóðleikhúsinu að gefa ungum leikurum svona tækifæri. Að sjálfsögðu er þetta stressandi, en ég nýti mér stressið til góðs. Það er ekki sjálfsagður hlutur að standa á sviði Þjóðleikhússins og ég er afar þakklát."

### Tvær flugur í einu höggi

Heiða vakti fyrst athygli almennings þegar hún lenti í öðru sæti í Idol Stjörnuleit árið 2005. Síðar sama ár kom eina platan hennar, Hluti af mér, út á vegum Senu og hefur hún síðan tekið þátt í mýmörgum verkefnum í tónlistarbransanum eins og íslenskra tónlistarmanna er siður.

Heiða segist þó alla tíð hafa gengið með leikkonu í maganum og ákvað því árið 2007 að láta drauminn rætast. Hún sló tvær flugur í einu höggi með því að innrita sig í Circle In The Square Theater School í New York, borg sem hún



**BJART MEÐ KÖFLUM** Ljósu lokkarnir á Heiðu eru litaðir rauðir þessa dagana vegna hlutverks hennar í Þjóðleikhúsinu. Hún segist reglulega fá heimþrá til New York, þar sem hún stundaði leiklistarnám, en er þó sátt við að vera komin heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafði lengi verið forvitin um, þaðan sem hún útskrifaðist sem leikkona sumarið 2009.

Hún ber dvölinni í New York vel söguna og telur skólann hafa passað sér fullkomlega. „Þetta er pínulítill og virtur skóli sem hefur útskrifað frábæra leikara á borð við Kevin Bacon, Felicity Huffman og síðast en ekki síst Philip Seymour Hoffman, sem er ennþá góður vinur aðalkennarans og kemur reglulega í skólann og spjallar við nemendurna. Kennararnir við skólann starfa margir hverjir líka við hinn heimsfræga Juilliard-skóla, þar sem þeir fá mun hærra kaup, en halda tryggð við Circle In The Square vegna þess að þeim þykir svo vænt um hann. Ég er ekki hissa á því, af því að skólinn er alveg yndislegur."

### Bjó í gettói í New York

Aðspurð segir hún vissulega hafa tekið á að vera fátækur námsmaður í hinni rándýru stórborg. Hún og skólafélagar hennar hafi þó komist upp á lagið með að sníða

> Auðvitað er það draumur allra að stíga á svið í Þjóðleikhúsi Íslendinga. Ég þarf ennþá að klípa mig við og við því þetta er svo óraunverulegt og fáránlegt.

sér stakk eftir vexti og leita uppi ódýrustu kostina í mat og drykk. „Fljótlega urðum við afar fær í að finna staði sem buðu upp á pitsur sem kostuðu bara einn dollara, kokteila á þrjá dollara og þar fram eftir götunum. Fyrst um sinn bjó ég í svartasta gettóinu í Brooklyn, Bed-Stuy, og það var alveg svakalegt. Ég er ljóshærð að upplagi, þótt ég hafi þurft að lita hárið fyrir hlutverk Gunnvarar í Bjart með köflum, og strákarnir í hverfinu kölluðu gjarnan á eftir mér „Hey, snowflake! What up?" Ég fór líka stundum út að skokka og ég held að enginn nema ég, hvorki fyrr né síðar, hafi nokkurn tíma sést skokka í þessu hverfi. Fólkið hélt ábyggilega að ég væri svo hrædd að ég þyrfti að flýja undan því í ofboði," segir Heiða og hlær. „Þetta var ekki nógu sniðugur staður til að búa á og hættulegt að vera einn á ferli á kvöldin."

Eftir fyrra árið í leiklistarnáminu flutti Heiða svo í hverfið Spanish Harlem, þar sem allir töluðu spænsku, og loks yfir á Manhattan, þar sem hún var fram að útskrift. Hún segist hafa íhugað vel og lengi að ílengjast í New York, en eftir vandlega umhugsun afráðið að flytja heim.

„Ég fæ ennþá brjálaða heimþrá til New York, en ég saknaði fjölskyldunnar mjög mikið og fannst ekki þess virði að geta ekki verið til staðar ef eitthvað kæmi upp á. Auk þess fylgir því svo rosaleg vinna að ætla að koma sér á framfæri í New York. Þú þarft að vera í prufum alla daga, færð milljón nei og getur jafnvel tekið þig tíu ár að fá eitt já. Svo ég er sátt við að vera komin heim," segir Heiða.

### Glatað að vera kynþokkafyllst

Söng- og leikkonan segist hafa verið mjög meðvituð um að Íslendingar sem læra leiklist erlendis eiga oft og tíðum til að lenda milli skips og bryggju þegar kemur að því að tryggja sér hlutverk í leikhúsum þegar heim er komið.

„Ég hugsaði með mér að þótt ég fengi engin hlutverkið að náminu loknu væri það samt ómetanleg reynsla fyrir mig. Ég var dálítið skeptísk á að einhverjir myndu kaupa mig, söngkonuna, sem leikkonu, að fólk myndi draga mig í dilk eins og oft gerist á Íslandi. En auðvitað vonaðist ég til þess að fá tækifæri til að sanna mig."

Tækifærið bauðst þegar Félag íslenskra leikara (FÍL) var með venjubundnar opnar prufur fyrir leikara sem lært hafa erlendis, þar sem leikstjórar og fleiri úr geiranum kanna úrvalið sem í boði er á þeim bænum. „Tinna og Þórhallur Sigurðsson [leikstjóri Bjart með köflum] sáu mig í þessum prufum og höfðu ekki hugmynd um að ég gæti leikið. Ég kom þeim greinilega svona skemmtilega á óvart og var í kjölfarið boðið í prufu fyrir Bjart með köflum. Og fékk svo hlutverkið," segir Heiða. „En þetta gerðist síðastliðið vor og ég hef þurft að telja niður mánuðina, dagana og klukkutíma eftir að fá að byrja."

Meðan á biðinni löngu stóð fór Heiða meðal annars til Noregs og söng bakraddir hjá Heru í Eurovision og sá einnig um þætti á Rás 2, en þar hóf hún störf við sumarafleysingar vorið 2008 og fékk í kjölfarið fasta stöðu að námi loknu. Hún segist kunna afar vel við sig í útvarpi og hafi alla tíð þótt vænt um Rás 2. „Það er stöðin sem ég hef hlustað á síðan ég fæddist, því við náðum engri annarri stöð þegar ég var lítil á Hólmavík. Ég er ennþá þessi landsbyggðartútta í mér," viðurkennir Heiða.

Hún segir vandræðalegasta augnablik ævi sinnar hafa tengst starfinu á Rás 2, en það var í upphafi síðasta árs þegar hún var kosin kynþokkafyllsta kona landsins í hlustendakönnun stöðvarinnar. Þar sem hún var sjálf starfsmaður stöðvarinnar og tók á móti atkvæðum í könnuninni þótti henni sú aðstaða afar óþægileg.

„Já, það var alveg ofboðslega glatað," segir hún og skellir upp úr. „Það kom til greina að hagræða úrslitunum, en svo var ákveðið að láta þau standa. Ég dró mig alveg út úr þessu, vildi ekki eiga þátt í neinum ákvörðunum sem tengdust þessu, en þetta var vissulega asnalegt."

### Langar til að gera allt

„Mig langar bara til að gera allt," svarar Heiða spurð um helstu framtíðaráform. „Nú brennur á mér að klára að semja aragrúa af lögum sem ég á ókláruð og gefa út á plötu. Ég þarf bara að sparka í rassgatið á sjálfri mér og drífa í því, en platan kemur á endanum. Ég hef fulla trú á því að ég geti sinnt söngkonustarfinu samhliða leikkonustarfinu, að þetta tvennt eigi ágætlega saman. Svo vil ég auðvitað vera sem lengst hér á sviðinu í Þjóðleikhúsinu, því Bjart með köflum mun slá rækilega í gegn."

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Dublin um Páskana?

☒ Já ☐ Nei







## Dublin
**21. - 25. apríl**

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 79.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

M.v. 2 í tvíbýli á Camden Court Hotel með morgunverði 21. apríl í 4 nætur. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

## Golf um páskana
**21. - 25. apríl**

4 nátta ferð með 5 golfdögum

Tulfarris Hotel and Golf Resort er ekki nema um 50 mín. aksturs-fjarlægð frá Dublin flugvelli. Hótelið er hið glæsilegasta í alla staði.

Hótelið stendur við frábæran 18 holu keppnisgolfvöll. Tulfarris golfvöllurinn er hannaður inn í einstaklega fallega náttúru staðarins, umlukinn Wickow fjallgarðinum og Blessington vatni.

**Verð frá 129.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

M.v. 2 í tvíbýli á Tulfarris Hotel and Golf Resort 21. apríl í 4 nætur. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði, flutningur golfsetts, akstur milli flugvallar og hótels, ótakmarkað golf nema komudag og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 139.900 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54527 04/11



# Friður er hagkvæm hugsjón

**Dr. Maximilian Conrad** kennir Evrópufræði við HÍ og hefur sérhæft sig í því sem heitir lýðræðishalli ESB. Hann segir að áhyggjur af lýðræðisleysi í ESB séu mestar meðal tortrygginna andstæðinga Evrópusambandsins. ***Klemens Ólafur Þrastarson*** settist niður með Max, sem segir afstöðu Íslendinga áhugaverða. Margir þeirra vilji taka þátt í Evrópusamvinnu en ekki hafa áhrif á hana.

Evrópufræði fjalla um Evrópusamrunann sem hefur orðið síðan síðustu heimsstyrjöld lauk. Fjallað er meðal annars um kenningar þær sem notaðar eru til að skýra þetta fyrirbæri, það er hvers vegna nær öll ríki Evrópu hafa kosið að deila fullveldi sínu með öðrum þjóðum. Fjallað er um ESB sjálft, þróun þess allt frá því að vera kola- og stálbandalag sem átti að koma í veg fyrir stríð og yfir í að vera þetta einstaka fyrirbæri í heimssögunni: hvorki sambandsríki né gamaldags millirríkjastofnun. Þá er fjallað um stöðu Íslands í alþjóðakerfinu. Sérsviðið sem Max hefur tileinkað sér eru kenningar um lýðræðið innan ESB.

„Evrópusambandið hefur fært okkur frið og stöðugleika. Það er ekki þjóðríki og ég tel að lýðræði eins og það fer fram í þjóðríki þurfi ekkert endilega að vera eitt af helstu gildum ESB. Sú lýðræðiskrafa kemur að miklu leyti frá mönnum sem telja að evrópsk samvinna sé slæm. Svo vill til að þeir eru oft ánægðir með Sameinuðu þjóðirnar og EFTA, þótt hvorug þessara stofnana sé lýðræðisleg," segir Max. Umræðan um lýðræðishalla sé fyrst og fremst akademískt vandamál sem íbúarnir séu ekki mikið að velta sér upp úr.

„Það er til dæmis strákur frá Frakklandi í tímum hjá mér núna sem þolir ekki þessa lýðræðishallaumræðu! Fyrir honum er þetta bara gervivandamál, því í Frakklandi er það talið af hinu góða að ESB taki yfirþjóðlegar ákvarðanir."

Þar eins og víðar sé hugsað um hvernig væri umhorfs í Evrópu ef ESB hefði ekki verið stofnað.

„Við hefðum getað haldið áfram, eftir seinna stríð, á óbreyttri braut þjóðríkisins með tilheyrandi árekstrum, til dæmis Þjóðverja og Frakka. En besta leiðin til að koma í veg fyrir átök er að vinna saman. Þetta réttlætir yfirþjóðlega löggjöf að mínu viti."

*Á Íslandi heyrist stundum að þessi rök um stríð og frið nágrannaþjóða komi Íslendingum lítið við. Að styrjaldir á meginlandinu hafi bara fært þjóðinni hagsæld.*

„Það eru tvær meginhugsanir um þetta. Í fyrsta lagi hvað má græða á þessu, hagkvæmnisspurningar. Síðan hugmyndafræðilegar: hvað er gott við þetta? Mér finnst svolítið sláandi að hér eru hagkvæmnisspurningar miklu meira áberandi en þær hugmyndafræðilegu. Ef fólk vill ekki ræða um annað en hagnað og tap þá gott og vel. Ég held hins vegar að það hangi meira á spýtunni og ég veit að margt fólk hér á landi telur að jafnvel þótt aðild að ESB væri beinlínis slæm efnahagslega þá séu pólitísku ástæðurnar mikilvægari eftir sem áður."

*Hver væri pólitískur ábati af aðild að ESB?*

„Pólitískt er uppi vafi um lýðræðislegt lögmæti þeirra reglna sem koma hingað í gegnum EES. Þið þurfið að samþykkja þær, án þess að hafa nokkuð um þær að segja. Pólitískt séð hljóta allir að vilja endurheimta eitthvað af þessu glataða fullveldi. Það hljóta allir að vilja sitja við borðið þar sem er verið að semja um þá. Þetta er augljósasti punkturinn og um leið áhugaverður við afstöðu Íslendinga til Evrópu. Þið viljið taka þátt í samvinnunni, og af góðum ástæðum, en þið gangið ekki alla leið heldur eruð tilbúin til að greiða þetta lýðræðislega gjald sem er að vera ekki viðstödd þegar ákvarðanir eru teknar.

Þessi spurning um hagkvæmni og hugsjónir, hún endurspeglast líka í muninum á afstöðu meginlandsþjóða og hinna. Á meginlandinu er meira litið til hugmyndafræðinnar, en hún er líka talin fara saman við hagkvæmnina: kjarni og tilgangur ESB er mjög hagkvæmur: að skapa frið og stöðugleika. Þetta er ansi hagsýnt markmið enda vilja allir frið frekar en stríð og stöðugleika frekar en átök."



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Nú stendur yfir innritun í nám í Evrópufræðum við Háskólann og er boðið upp á nám frá 30 og til 120 eininga á meistarastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## RÍKIN HALDA FÉLAGSMÁLUM FYRIR SIG

Max segir að önnur ástæða liggi að baki síauknum samruna í Evrópu en hagkvæmnin. Eftir því sem samvinnan aukist sjái fólk fleiri möguleika. Eitt kallar á annað. Sem dæmi er fyrst settur á sameiginlegur markaður, svo er leyfð frjáls för launafólks, þá vill launafólkið geta fengið atvinnuleysisbætur greiddar í öllum löndunum, síðan vill það geta safnað þar lífeyrisréttindum og svo framvegis.

Ein gagnrýnin á ESB er sú að það sé ofar öðru markaðsverkefni, en minna sé hugsað um félagslegu víddina. Max útskýrir markaðs-slagsíðuna með því að aðildarríkin tími ekki að láta ESB hafa vald yfir félagslegum málum heldur haldi þeim í þjóðríkinu. Að auki séu lög um velferðarmál gjörólík milli landa og erfitt að samræma þau.

„En það koma reglulega upp álitaefni sem geta þótt kalla á frekari samstillingu, svo sem um réttindi launafólks sem starfar utan heimalandsins. Sameiginlegi markaðurinn leyfir lettneskum fyrirtækjum og verkamönnum að starfa í Svíþjóð. Þá kemur upp deila um hvort lettneska fyrirtækið eigi að greiða lettnesk laun eða sænsk og skapar þrýsting um að jafna kjör í ríkjunum, sem er dæmi um hvernig eitt leiðir til annars."

Spurður hvort slík samstilling þýði ekki að tekinn verði upp lægsti mögulegi samnefnarinn í ríkjunum, og lettnesk laun greidd út frekar en sænsk, segir Max að það að kjör launafólks á alþjóðamarkaði lækki sé ekkert frekar tengt ESB heldur en þjóðríkinu. Í alþjóðavæðingunni sé ESB verndari velferðarkerfisins frekar en hitt.

„Margt fólk heldur hins vegar að hlutir sem eru afleiðing alþjóðavæðingarinnar séu afleiðing Evrópusambandsins og að þjóðríkin gætu varið velferðarkerfi sín betur án ESB. Ég held að það sé mjög ljóst að svo er ekki. Ég sé ekki hvernig það á að draga úr neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar að snúa aftur til einfalds þjóðríkjakerfis. Það er raunhæfara að ganga lengra og berjast fyrir því að ESB taki upp félagsstefnu, einhver lágmarksviðmið."

## ÍSLAND, ESB OG LÝÐRÆÐIÐ

Ein rökin sem heyrast gegn aðild Íslands að ESB er að þar, meðal hinna aðildarríkjanna, verði sjónarmið landsins undir.

Max segir afar mikilvægt að gera sér grein fyrir því að í stjórnmálum Evrópusambandsins sé meginreglan við ákvarðanatöku samkomulag allra þjóða. Ekki barátta þjóðríkja gegn þjóðríkjum. Af nauðsyn hafi verið teknar upp reglur um að sumar ákvarðanir megi taka með auknum meirihluta atkvæða.

„Enda geta kröfur um einróma samþykki þýtt að hver og ein þjóð getur stoppað hinar þjóðirnar í hverju og einu máli. Það er miklu lýðræðislegra að hafa möguleika á að skjóta málum til atkvæðagreiðslu."

### Ólýðræðislega skrifræðisbáknið

Saga ESB sýnir að það fikrar sig stöðugt áfram til nánari samvinnu, segir Max. Enda hafi fólk allan tímann getað sýnt fram á að meiri samruni borgar sig efnahagslega. Á sjötta áratugnum hefði ekki verið hægt að ímynda sér margt af því sem einkennir ESB nú til dags, svo sem sameiginlega markaðinn, evruna, samstarf í löggæslu og fleira.

*Þú lítur svo á að það sé næstum óhjákvæmilegt að ríki Evrópu samræmi stefnu sína enn frekar innan ESB?*

„Þangað til einhver ákveður annað. Við gætum reyndar verið á ákveðnum tímamótum núna, því þessi hægi laun-samruni er ekki lengur liðinn. Borgararnir eru orðnir mjög meðvitaðir um ESB og ríkisstjórnir aðildarríkjanna eru farnar að keppast um að koma sökinni á öllu sem úrskeiðis fer yfir á sambandið.

Ef við stöðvuðum mann úti á götu og spyrðum hann hvað honum þætti um ESB væri líklegt að hann segði að það væri ólýðræðislegt skrifræðisbákn eða eitthvað svoleiðis. Segjum að það sé rétt lýsing. Ef ég sýndi þessum manni fram á allar þær lausnir sem ESB hefur komið með, ef hann skildi betur ástæður þess að ESB starfar ekki eins og þjóðríki, með lýðræðiskerfi þjóðríkis, þá er ég viss um að hann myndi sætta sig betur við það.

Ef ég svo spyrði aftur þennan mann á götunni hvernig hann vildi breyta sambandinu til að gera það lýðræðislegra þá fyrst yrði þetta erfitt, því andstæðingum ESB er hætt við að bíta stöðugt í skottið á sér. Þeir segja að stjórnkerfið eigi að vera lýðræðislegra en þá þurfa þeir að sætta þig við að þetta verði meira í ætt við sambandsríki. Viltu að ESB sé lýðræðislegt eins og þjóðríki en samt ekki vera ríki? Þetta gengur ekki upp. Finnst þér að samruninn hafi gengið of langt? Gott og vel, hvað er það nákvæmlega sem þú vilt ekki að ESB leysi af hendi? Ef ég spyr aðildarandstæðing að þessu fæ ég svör, sem sýna að hann veit ekki mikið um ESB. Hann segir eitthvað um Evrópuher, sem ekki er til, eða um utanríkismálastefnu, sem aldrei hefur náðst samstaða um að aðrir ráði yfir í raun nema aðildarríkin sjálf. Eins er með grundvallaratriði eins og evruna. Þau ríki sem ekki vilja hana taka hana einfaldlega ekki upp."





BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
lokahelgi!
50%
afsláttur
af öllum
herravörum!
70%
afsláttur
af öllum
kvenvörum!
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

**29.900,-**

**Reiðhjól**
**26" Vectra**
21" Hi Ten stell.
18 gíra Shimano Revoshift
3899998

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Reiðhjól Author Trophy 26"**
- 21" Hi Ten stell
- 18 gíra Shimano Revoshift
- Framskiptir Shimano C0-50
- Afturskiptir Shimano TX-31
- Dempari að framan
- V bremsur

3899987

**29.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



# VORHÁTÍÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

**Reiðhjól Energy 20"**
- 10" Stell Hi ten
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Afturskiptir Shimano TY-18
- Álgjarðir
- Bremsur Tektro 45AL
- Þyngd 11,0kg.

3899968



**29.900,-**

FRÁBÆR BARNAHJÓL

**Reiðhjól Melody 20"**
- 10" Stell úr álblöndu 7005
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Afturskiptir Shimano TY-18
- Bremsur Tektro 45AL
- Tektro plast/ál handbremsur
- Þyngd 10,6kg.

3899971



**29.900,-**

FRÁBÆR BARNAHJÓL

## MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

**Bretta/hjólahálmur**
XS-XL. Viðurkenndur
EN-1078
5872121-9



**3.990,-**

**Reiðhjólahálmur**
Viðurkenndur
EN-1078
5872120



**2.990,-**




## Sólpallaráðgjöf
### Stanislas Bohic í Húsasmiðjunni

**Hinn landsþekkti garðahönnuður Stanislas Bohic vinnur með þér tillögu að sólpallinum þínum.**
Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða aðeins kr. **2.990** að 20-30 mínútna ráðgjöf lokinni.
Sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.
Nánari upplýsingar í síma 525 3000 alla virka daga

**Sendu Fyrirspurn á solpallur@husa.is**



KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 10:00-17:00
Gulrótakaka og kaffi

**290kr**



# GRILLVEISLA
í Skútuvogi, Akureyri og Selfossi

Grillum pylsur á laugardag!
Kíktu í grill til okkar

Skútuvogur kl. 12:00-15:00
Akureyri kl. 12:00-16:00
Selfoss kl. 12:00-16:00

**Burny Sizzler 200**
Gæða gasgrill, 2 ryðfríir brennarar, postulín-glerungshúðað lok, grill og grillgrind
3000272

**49.900,-**

Gæðagrill, 2 brennarar

**19.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Gasgrill**
3000391



**Gasgrill**
**Weber Q300**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli.
Hitamælir í loki, 2 ryðfríir brennarar.
Brennari: 6,35kw
Grillflötur: 63x45 cm
Niðurfellanleg hliðarborð.
3000253

**99.900,-**

weber Á HEIMA Í HÚSASMIÐJUNNI



Weber
Ný sending komin

**46.900,-**

**Gasgrill Weber Q120**
Létt og meðfærilegt gasgrill, frábært í ferðalagið eða heima við. Postulínglerungshúðuð grillgrind úr pottstáli. Grillflötur: 42x32 cm.
3000247

weber



**14.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Háþrýstidæla Nilfisk**
100 Bar, 1300W, 440 ltr/klst.
5254240

NILFISK



**Greinaklippur**
HiPoint 20 cm.
5084661

Tilboð
**999,-**
~~1.799,-~~

Tilboð
**1.599,-**
~~2.399,-~~

**Greinaklippur**
HiPoint 55 cm löng.
5084669

Tilboð
**5.495,-**
~~6.995,-~~

**Ruslavagn Claber.**
5081642

**Hekkklippur**
Ikra, 600W, 55 cm blað.
Klippigeta 20 mm, álagsvörn.
5083538

20 mm klippigeta

**11.995,-**

**795,-**

**Laufhrífa**
5084338

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Malarskófla**
5082510

**1.295,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

GILDIR TIL 13. APRÍL

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN



**GARÐAR OG LAMBHÓLL** Búið hefur verið í Görðum og á Lambhól síðan á nítjándu öld. Gamli bærinn á Lambhól var þó rifinn á þriðja áratugnum og byggt steinhús sem síðar var byggt við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ættarhús við Ægisíðuna

Tvö svipmikil hús standa sjávarmegin við Ægisíðu og vekja forvitni hjá vegfarendum sem eiga þar leið hjá. ***Sigíður Björg Tómasdóttir*** bankaði upp á í **Görðum** og á **Lambhóli** og komst að því að þar hafa sömu fjölskyldurnar búið kynslóðum saman.

Garðar við Ægisíðu er hlaðið steinhús, það elsta í Reykjavík sem ekki er með steinbæjarlagi. Húsið stendur við Ægisíðuna, eitt og stakt sjávarmegin gegnt húsunum á milli Lynghaga og Starhaga. Löngu er horfinn vegur sem við húsið var kenndur, Garðavegur, en hann lá frá húsinu upp á Grímstaðaholtið. Garðarnir eru einbýlishús í eigu fjölskyldu sem keypti húsið árið 1993 en húsfreyjan Ólöf Kristín Sigurðardóttir er barnabarn Sigurðar í Görðum sem keypti húsið nokkurra ára gamalt árið 1893.

Nær sjónum stendur Lambhóll. Stærðar hús sem byggt var í tveimur áföngum, gamla steinhúsið reis árið 1922 en hið nýrra árið 1952. Segja má að Lambhóll sé fjölbýlishús, þar eru fimm íbúðir. Enn eru tvær þeirra í eigu afkomenda fyrstu ábúenda á Lambhól sem reistu bæ á þessu bæjarstæði árið 1870. Í annarri þessara fjölskylduíbúða býr Ragnhildur Magnúsdóttir, sem fæddist á Lambhól 1924 og hefur búið þar meira og minna síðan.



**KYNSLÓÐIRNAR Á LAMBHÓL** Ragnhildur Magnúsdóttir tilheyrir fjórðu kynslóð íbúa á Lambhól en barnabarn hennar og nafna Ragnhildur Jóhannesdóttir þeirri sjöttu. Hér eru þær nöfnur með syni Ragnhildar, Bjarka Hrafn og Svein Matthías. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Útgerð við bæjardyrnar**

Ragnhildur tekur vel á móti blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins sem vilja forvitnast um lífið á Lambhól. „Þegar ég var að alast hér upp þá var hér bújörð og alls staðar tún. Þetta var kallað Þormóðsstaðahverfi, en það var á milli Skerjafjarðar og Grímsstaðaholts og hér voru margir bæir. Héðan var gert út og svo var útgerðafélagið Alliance með mikil umsvif og voðalega mikið af fólki sem var að vinna hér um kring. Við vorum því í miðju athafnasvæði þá þó að nú séum við á bersvæði," rifjar Ragnhildur upp.

„Hér kannaðist maður svo við alla á bæjunum í kring, það var ekki endilega svo mikill samgangur en allir þekktu alla," segir Ragnhildur.

Ragnhildur hóf sína skólagöngu á Hringbrautinni en sótti svo skóla í Reykjavík. „Fyrst fór ég í tímakennslu hjá fröken Ragnheiði Jónsdóttur sem síðar varð skólastjóri Kvennaskólans. Hún var með forskóla úti á Hringbraut og gengum við nú alltaf þangað. Þá gengu börn margt en nú mega þau ekki helst ganga neitt, það þarf helst að bera þau út í bíl og inn aftur," segir Ragnhildur sem síðar fór í Miðbæjarbarnaskólann og Gagnfræðaskóla Reykjavíkur sem nefndur var Ingimarsskóli.

Ragnhildur hóf búskap með eiginmanni sínum Kristjáni Valdimar Kristjánssyni á Lambhól og reistu þau í félagi við ættingja Ragnhildar og maka nýrri hluta Lambhóls, þar sem Ragnhildur býr enn.

„Við fengum á sínum tíma ekki leyfi til að byggja nýtt hús, það varð að vera viðbygging," segir Ragnhildur.

**Verslanir á hverju horni**

Enn standa nokkur hús sem voru risin í æsku Ragnhildar, þar má geta Garða og svo húsanna þriggja sem standa nú við Starhaga, Suðurhlíð, Aðalból og Túnsberg. Þormóðsstaðir sjálfir stóðu hér um bil þar sem nú er leikskólinn Sæborg.

„Þetta var auðvitað ekkert nema sveit þegar ég var að alast upp," segir Ragnhildur. Íbúðagöturnar sem næstar eru, Hagarnir, tóku að byggjast upp á sjötta áratugnum og þó að húsin sem þar standa séu kunnugleg þá var götumyndin með öðrum hætti enda færri bílar og fleiri verslanir. „Það var Gunnlaugsbúð á Fálkagötu, Kron á Dunhaganum en þar var fiskbúð, mjólkurbúð, tuskubúð og fleira. Hugsa sér þar stendur nú autt allt þetta verslunarpláss," segir Ragnhildur.

Þess má geta að eiginmaður Ragnhildar var kaupmaður á Hrísateig. Verslun hans lagðist niður í kreppunni árið 1967 og fjölskyldan flutti til Seyðisfjarðar um árs skeið. Síðan þau sneru aftur hefur búseta Ragnhildar á Lambhól verið sleitulaus.

Útsýnið út um stofugluggann á Lambhól er ægifagurt eins og menn geta ímyndað sér, alveg við húsið eru gamlar þvottasnúrur sem voru mikið notaðar áður en þurrkari var tekinn í notkun í sameiginlegu þvottahúsinu í kjallaranum. Gamall en nýuppgerður hjallur blasir líka við. „Við gáfum Reykjavíkurborg hjallinn hann var orðinn mjög illa farinn," segir Ragnhildur. Við röltum aðeins út fyrir og Ragnhildur sýnir okkur hvar gamli skrúðgarðurinn stóð og rifjar upp að mikið keppikefli hafi verið að vera með sem flestar tegundir plantna.

**Gott að búa á Lambhóli**

Nafna Ragnhildar og barnabarn, Ragnhildur Jóhannesdóttir er með okkur í skoðunarferð okkar á Lambhól. Hún býr einnig á Lambhól en hún hefur fetað í fótspor margra eldri ættingja sinna og býr á efri hæð gamla bæjarins. „Það er mjög gott að búa hér," segir Ragnhildur sem er sjúkraliði í fæðingarorlofi með litla drenginn sinn hann Bjarka Hrafn fimm mánaða. Hún og sambýlismaður hennar Sveinn Orri Sveinsson eiga einnig Svein Matthías, fjögurra ára dreng sem er á leikskólanum Sæborg skammt undan. „Mér fannst alltaf gaman að koma til ömmu og leika mér í fjörunni þegar ég var lítil. Svo þegar íbúðin losnaði úr leigu ákváðum við að slá til," segir Ragnhildur sem á íbúð í Hafnarfirði en kann svo vel við sig í Vesturbænum. Það er auðsótt að fá að líta inn í gamla bæinn þar sem fjölskyldan hefur komið sér fyrir í íbúðinni og innréttað svefnherbergi í risinu. „Hér var fjöldi barna en nú er þessi íbúð varla nógu stór fyrir tvö börn," segir Ragnhildur eldri sem er stolt af nöfnu sinni sem hefur þrátt fyrir ungan aldur lengi unnið með fötluðum og langveikum börnum. „Mér finnst það bara mjög gefandi og skemmtilegt," segir Ragnhildur.

FRAMHALD Á SÍÐU 34

## Sjö kynslóðir á sama stað

**Fyrsti bærinn reis árið 1870**

Búið hefur verið á Lambhól síðan árið 1870. Þar reisti fyrstur bæ Magnús Magnússon, sem fæddur var í Engey 1840. Hann bjó á Lambhól ásamt konu sinni Sigurbjörgu Jóhannesdóttur en þau Magnús og Sigurbjörg eignuðust þrjú börn saman. Elsti sonur þeirra, Jón, tók við búi af föður sínum. Hann kvæntist Ragnhildi Einarsdóttur árið 1894 og eignuðust þau níu börn sem öll komust til fullorðinsára nema eitt. Elstu synir þeirra, Magnús Helgi og Einar Steinþór, hófust árið 1922 handa við byggingu nýs húss á Lambhól. Þá var gamli bærinn rifinn og byggt tveggja hæða steinhús sem enn stendur. Þeir bjuggu í því húsi með sínum fjölskyldum þar til yfir lauk. Magnús Helgi og kona hans Sigurlína Ebenezardóttir áttu fjórar dætur og er Ragnhildur Magnúsdóttir sem enn býr á Lambhól ein þeirra. Einar Steinþór og kona hans Valgerður Eyjólfsdóttir bjuggu allan sinn búskap á Lambhól og eignuðust fjögur börn. Dóttir þeirra María stóð ásamt Ragnhildi frænku sinni og mökum þeirra að byggingu þriggja hæða húss sem byggt var við gamla Lambhól. María bjó á neðri hæðinni ásamt manni sínum Ólafi Gunnari Jónssyni bifreiðastjóra og fimm börnum þeirra. Ragnhildur og Kristján Valdimar Kristjánsson maki hennar bjuggu á efri hæðinni ásamt sínum sjö börnum. Í risinu bjó Jón Ragnar bróðir Maríu ásamt sinni fjölskyldu. Ragnhildur býr eins og fram kemur hér á síðunni enn í íbúð sinni á Lambhól. Hinar íbúðirnar í stóra húsinu eru ekki lengur í eigu fjölskyldunnar. Það er hins vegar efri hæðin í gamla steinhúsinu og þar býr sonardóttir hennar og nafna Ragnhildur Jóhannesdóttir ásamt manni sínum og tveimur sonum.

*Heimild: „Lambhóll í Skerjafirði" eftir Guðfinnu Ragnarsdóttur, birt í Fréttabréfi ættfræðifélagsins.*



**GAMLI BÆRINN** Mynd af gamla bænum sem rifinn var árið 1922.

Nikon
At the heart of the image

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 19.995.-***

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.




# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 129.995.-***

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.



**Grásleppa í fiskihjalla** Myndin er tekin árið 1993 en þá var enn gert út frá Ægisíðu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**Athafnasvæði Alliance** Á uppvaxtarárum Ragnhildar Magnúsdóttur var mikið um að vera í næsta nágrenni Lambhóls eins og þessi mynd sýnir glöggt en á henni er horft í átt til Skerjafjarðar frá Lambhól. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

FRAMHALD AF SÍÐU 32

Ragnhildur yngri er af sjöttu kynslóð ættarinnar sem búið hefur á Lambhól síðan árið 1870 og börnin hennar eru sjöunda kynslóð en tæpast er algengt að svo margar kynslóðir hafi búið á sama bæjarstæðinu í höfuðborginni. Nágrannahúsið, Garðar við Ægissíðu, hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar í rúma öld. Þar hafa þó færri ættliðir búið.

**Garðarnir endurnýjaðir frá grunni**

Ólöf Kristín Sigurðardóttir tekur á móti Fréttablaðinu í Görðum. Móðir hennar Sigríður var yngsta dóttir Guðrúnar Pétursdóttur og Sigurðar Jónssonar í Görðum sem keypti húsið árið 1893. „Ég er yngsta barn yngsta barns,“ segir Ólöf sem er fædd árið 1961, tæpum 100 árum á eftir afa sínum. „Ég keypti húsið árið 1993 ásamt eiginmanni mínum Sigurþóri Heimissyni nákvæmlega 100 árum eftir að afi minn keypti húsið sem mun vera elsta íbúðarhús hlaðið úr steini í Reykjavík sem ekki var með steinbæjarlagi.“

Ólöf er alin upp við Ægisíðuna, skáhallt á móti Görðunum í húsi sem mamma hennar og systir hennar byggðu. „Eftir að amma mín fluttist héðan seint á sjötta áratugnum stóð húsið autt um tíma en svo var það leigt út rétt eins og hlaðan sem stóð hér við hlið hússins,“ segir Ólöf sem tók húsið á leigu ásamt vinum sínum árið 1981 þegar hún var tvítug. „Ég var hér í hálfgerðu kommúnustsandi í nokkur ár, hér var alls konar fólk sem kom og fór,“ segir Ólöf sem hafði svo búið ásamt eiginmanni sínum Sigurþóri í nokkur ár í húsinu þegar þeim bauðst að kaupa það árið 1993.

Mikið endurnýjunarstarf tók við hjá Ólöfu og fjölskyldu þegar húsið var komið í þeirra eigu og má segja að það hafi allt verið endurnýjað að innan. „Gólfið hékk uppi nánast af gömlum vana, við einungruðum húsið allt upp á nýtt, grófum út kjallarann og svo mætti lengi telja,“ segir Ólöf. Mikil virðing hefur verið borin fyrir upprunalega stílnum við endurgerðina og gestur í húsinu fær ekki á tilfinninguna að allt sé nýtt þar inni. „Endurgerðin tók langan tíma. Það er ekki lengra síðan en í fyrra að við opnuðum kjallarann út í garð,“ segir Ólöf og bætir við að hún hafi fengið hugmyndina að þeirri framkvæmd snemma á níunda áratugnum. Þess má geta að endurgerð hússins hefur vakið athygli og fékk viðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2004.

Síðasta sumar var blásið til ættarmóts í Görðunum og segir Ólöf að ættingjarnir hafi kunnað því afar vel að hittast við gamla húsið. „Þetta var dásamlegt, fjöldi fólks og við heppin með veður. Afkomendur Sigurðar í Görðunum eru nú orðnir ansi margir og stór hluti þeirra mætti,“ segir Ólöf sem sjálf á tvö börn, Sigríði Regínu og Ólaf Gísla, sem eru þá fjórða kynslóð ættarinnar til að búa í Görðunum.

**Hænur við Ægisíðuna**

Ólöf hefur safnað saman ýmsum gögnum um Garðana, meðal annars gömlum lýsingum á eigninni. „Í þeim kemur fram hvað var á jörðinni en hér voru fjölmörg hús, fjós, hlaða, kindakofi, svo dæmi séu tekin,“ segir Ólöf og bætir við að þegar borgin lagði göngustíginn hafi síðustu húsin sem voru uppistandandi verið rifin. „Þá var hér enn heilleg verbúð sem þótti ekki ástæða til að varðveita.“ Ólöf man vel eftir mörgum af þessum húsum og öðruvísi umhverfi en nú blasir við út um stofugluggann hennar. „Hér voru grásleppukarlar þegar ég var lítil og ég man vel eftir konu sem hafði hænur hér við Ægisíðuna.

Ég man svo auðvitað vel eftir húsunum sem stóðu hér við Garðana, hlaðan var um tíma æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir,“ segir Ólöf sem hefur hvergi annars staðar búið í Reykjavík en á sínum æskuslóðum.

Göngustígurinn við Ægisíðuna finnst henni vel heppnuð nýjung. „Mér finnst nábýlið við stíginn yndislegt, hér er stöðugur straumur fólks frá morgni til kvölds, það er svo breytt hvernig fólk lifir lífinu og ég sé hvernig hann hefur verið hvatning fyrir fólk að stunda útiveru með öðrum hætti en áður,“ segir Ólöf að lokum.



**ÓLÖF KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR** Ólst upp í nágrenni Garða og hefur búið þar með hléum síðan árið 1981. Húsið hefur verið endurgert algjörlega að innan síðan það komst í eigu Ólafar og fjölskyldu árið 1993. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Steinhús sem byggt var 1882

**Sigurður í Görðum keypti það árið 1893 og barnabarn hans 1993.**



Steinhúsið Garðar við Ægisíðu var byggt árið 1882 af Þórði Guðmundssyni. Egill Egilsen, bróðir Benedikts Gröndal, eignaðist húsið en árið 1892 tók Sigurður Jónson húsið og jörðina á leigu. Ári síðar keypti Sigurður húsið og bjó þar til æviloka. Sigurður, sem fæddur var í Skildinganesi árið 1865, var tvígiftur. Fyrri kona hans hét Ólöf Kristín Guðmundsdóttir en hún var fædd í Engey árið 1860. Þau áttu þrjú börn en einungis eitt komst á legg, Erlendur Sigurðsson. Seinni kona Sigurðar, sem ávallt var kallaður Sigurður í Görðum, hét Guðrún Pétursdóttir, fædd 1878. Hún var bróðurdóttir Ólafar Kristínar, fyrri konu Sigurðar. Guðrún og Sigurður gengu í hjónaband árið 1903 og bjuggu í Görðum. Þau eignuðust ellefu börn sem öll komust á legg nema elsti drengurinn, Pétur. Yngsta dóttir þeirra, Sigríður, fæddist árið 1922. Hún er móðir Ólafar Kristínar Sigurðardóttur, sem er núverandi íbúi og eigandi Garðanna. Sigurður lést árið 1956 en Guðrún árið 1962. Þegar Reykjavíkurborg vann að gerð göngustígsins við Ægisíðu keypti borgin landið af fjölskyldunni og voru þá húsin sem enn stóðu í landi Garðanna rifin, fyrir utan íbúðarhúsið sem Ólöf Kristín Sigurðardóttir keypti, réttum hundrað árum eftir að afi hennar eignaðist Garðana.

## Sigga í Görðum og Þórður í Bænum

**Vinir rétt eins og afi og amma**

Við kynntumst í Hagaskóla,“ segja þau Sigríður Sigurþórsdóttir og Þórður Sigurðarson, sem hægt væri að kalla Siggu í Görðum og Þórð í Bænum, rétt eins og amma Sigríðar og nafna og afi Þórðar og nafni hans voru kölluð þegar var og hét. Þórður er alinn upp í Litla-Bæ, húsi sem stendur á lóð sem er á milli Tómasarhaga, Fálkagötu og Dunhaga, en það tilheyrir Tómasarhaganum. Skammt er því á milli æskuheimila þeirra og hefur Þórður það eftir föður sínum, Sigurði Árna Þórðarsyni, að mikill vinskapur hafi alltaf verið á milli fjölskyldnanna. „Við uppgötvuðum samt ekki tengslin á milli okkar strax,“ segja þau Sigríður og Þórður, sem fylgdust að í MH að loknum grunnskóla og halda góðum vinskap þótt þau hafi nú haldið hvort í sína áttina; Sigríður nemur í Háskóla Íslands en Þórður er í Listaháskólanum.



**VINIR Í VESTURBÆNUM** Sigríður og Þórður eru hér við Litla-Bæ, ættarsetur Þórðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sjóndeildarhringurinn minnkaði

**Reykjavíkurborg tók löndin og gerði að byggingarlóðum**

Ævisaga Sigurðar í Görðum var gefin út árið 1952 en það var Vilhjálmur S. Vilhjálmsson sem skráði söguna. Í henni segir Sigurður frá ævi sinni og uppvexti, landbúnaði og útgerð við Ægisíðuna. Hann rekur viðskipti sín við breska hermenn sem reyndu að koma í veg fyrir að sjómenn reru út til hrognkelsaveiða með litlum árangri. Sigurður segir í framhaldinu frá því þegar Garðalandið lenti raunverulega í „hers höndum“ eftir að heimsstyrjöldinni síðari lauk. „Reykjavíkurbær hefur nú tekið löndin og gert úr þeim byggingalóðir. Þar rís nú hvert steinhúsið á fætur öðru. Það er orðið ákaflega þröngt í Görðunum. Sjóndeildarhringurinn hefur minnkað. Húsið mitt er orðið innikróað til landsins. ... ég þekki varla sjálfan mig og umhverfi mitt nema þegar ég er niður í flæðarmáli, því að enn er það eins og það var og fjörðurinn eins.“

*Heimild: Sjógarpurinn og bóndinn Sigurður í Görðunum, bls. 177.*




# HOPPAÐU Á MILLJÓNIRNAR

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **45 milljónir**.
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

09/04 2011 | WWW.LOTTO.IS

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**

# Úr hornsteini í háskólasjúkrahús

Landspítalinn við Hringbraut hefur verið **miðpunktur íslenskrar heilbrigðisþjónustu** í rúmlega 80 ár. Umfangsmiklar framkvæmdir eru í vændum hjá stofnuninni á næstu árum sem munu fela í sér miklar breytingar til batnaðar fyrir sjúklinga og starfsfólk. *Sunna Valgerðardóttir* skoðaði þessa veigamiklu starfsemi sem tók á móti þriðjungi þjóðarinnar árið 2010.

Hús þetta – LANDSSPÍTALINN – var reistur fyrir fje, sem íslenskar konur höfðu safnað og Alþingi veitt á fjárlögum til þess að: LÍKNA OG LÆKNA.“ Þetta stendur ritað í hornstein Landspítalans, sem lagður var 15. júní árið 1926 af Alexandrínu Danadrottningu.

Árni Björnsson skrifar ágrip af sögunni á heimasíðu spítalans. Þar kemur fram að nafnið Landspítali var fyrst notað á Alþingi árið 1861. Þó varð ekkert úr framkvæmdum sjúkrahússins fyrr en samtök kvenna tóku sig saman og hófu söfnun fyrir byggingu þess. Hafist var handa við framkvæmdir árið 1925. Landspítalinn tók til starfa í desember árið 1930.

Í byrjun voru aðeins tvær deildir á Landspítalanum, handlækningadeild og lyflækningadeild. Nú eru þær orðnar 15, þar af þrjár lyflækningadeildir. Um 70 prósent af fæðingum landsins fara fram á Landspítalanum og í fyrra fóru meira en hundrað þúsund kennitölur í gegnum tölvukerfin, sem þýðir að þriðjungur þjóðarinnar nýtti sér þjónustu hans á síðasta ári.

Árið 2001 undirrituðu Landspítalinn og Háskóli Íslands samstarfssamning til þess að samríma hagsmuni beggja stofnana. Háskólinn og spítalinn hófu þar samstarf sem hefur gefist vel og var með það að markmiði að efla vísindarannsóknir og menntun heilbrigðisstétta. Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, lyfjafræðingar, læknar, matvælafræðingar, sálfræðingar og tannlæknar eru meðal þeirra sem sóttu nám sitt að miklum hluta á Landspítalanum. Klínískt rannsóknarsetur Landspítalans og Háskóla Íslands var opnað í janúar í fyrra, með enn meiri samnýtingu í huga og áhersla var lögð á að gæði rannsókna standist alþjóðlegar gæðakröfur.

Spítalinn hefur þjónað Íslendingum í meira en 80 ár og brátt mun nýtt blað verða brotið í sögu hans þegar framkvæmdir hefjast við byggingu hins Nýja Landspítala.

**1930**

***Árið sem Landspítalinn tók til starfa***

## ■ BYGGING OG FRAMTÍÐ NÝJA LANDSPÍTALANS

Landspítalinn starfar nú á sautján stöðum á höfuðborgarsvæðinu í um 100 húsum. Er það meginástæða þess að ákveðið var að fara í framkvæmdir með nýjan spítala. Megnið af byggingum sjúkrahússins var hannað upp úr 1950 og er því talið að húsin svari ekki kröfum nútímans. Einnig verður reist áttatíu rúma sjúkrahótel á lóðinni. Þaðan verður innangengt í alla meginstarfsemi nýja spítalans.

Gert er ráð fyrir að um 750 manns muni vinna við nýju bygginguna og verður þörf fyrir vinnuafl mest á árunum 2013 og 2014. Áætlað er að flutt verði inn í hinar nýju byggingar spítalans árið 2016 og lagfæring eldri húsa fari fram til ársins 2020.

Áætlaður kostnaður við nýbygginguna, sem verður 66 þúsund fermetrar að stærð, er 33 milljarðar króna á því verðlagi sem var í gildi í byrjun árs árið 2009. Kostnaður við húsbúnað og tæki er sjö milljarðar og áætlað er að endurnýjun eldra húsnæðis kosti ellefu milljarða. Samtals gerir þetta heildarkostnað upp á 51 milljarð króna. Talið er að sparnaðurinn sem hlýst af sameiningu spítalans á einn stað verði um 2,5 milljarðar króna á ári.

Hinar gömlu byggingar Landspítalans við Hringbraut verða allar notaðar áfram, að undanskildum 9.000 fermetrum sem eru úreltir og ekki talið hagkvæmt að halda við. Ekki verður hafist handa við endurbætur á öðru eldra húsnæði fyrr en nýju byggingarnar hafa verið teknar í notkun.

## ■ UMFANGSMIKLAR BREYTINGAR FYLGJA NÝJUM SPÍTALA



**HIÐ GAMLA OG NÝJA** Yfirlitsmyndin sýnir umfang hins Nýja Landspítala í samanburði við núverandi húsnæði spítalans.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Þegar nýi Landspítalinn verður tekinn í notkun mun sjúkrarúmum fjölga um 6. Það gerir 1 prósent. Hins vegar mun hljótast af stækkuninni mikil og þörf hagræðing, bæði fyrir starfsfólks spítalans og sjúklinga.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir bygginguna vera hugsaða þannig að komi upp þörf og forsendur í framtíðinni fyrir frekari stækkanir muni möguleikarnir vera til staðar.

„Íslendingum mun líklegast fjölga á næstu árum og við vonum að þeir hætti að flytja úr landi, þannig að þörfin fyrir sjúkrarými mun sennilega fara vaxandi,“ segir Björn. „Því verðum við að ná með innri hagræðingu og breytingum, til að mynda með því að minnka legutímann enn frekar.“

Legutími sjúklinga á Landspítalanum í dag er 6,7 dagar. Björn segir þó að vel hafi gengið að stytta tímanum á síðustu árum, en takmarkinu sé þó ekki alveg náð. „Þetta er líka háð því með hvaða hætti sjúklingurinn getur flust yfir á aðrar sjúkrastofnanir eftir legu hjá okkur,“ segir hann.

Björn segir meginbreytingarnar sem komi með byggingu nýja spítalans snúa að hagræðingu og samþjöppun. Húsnæðisaðstæðurnar séu í raun óviðunandi eins og er.

„Ein af ástæðunum fyrir því að læknar vilja ekki flytja heim er aðstöðu- og tækjaleysi hér á landi. En það mun breytast með nýju byggingunum,“ segir Björn.



**BJÖRN ZOËGA, FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS** Björn segir núverandi húsnæðisaðstæður Landspítalans í raun vera óviðunandi eins og staðan er í dag.

## ■ LANDSPÍTALINN Í TÖLUM

**1.423.504**
***sprautur** 2009*

**32.095**
***innlagnir** 2009*

**3.554**
***fæðingar á Kvennadeild Landspítalands sem eru rúm***

**5.899.200**
***hanskar** 2009*

**69.553**
***röntgenrannsóknir** 2009*

**70 prósent**
***af öllum fæðingum á landinu***

**107.000**
***einstaklingar komu á Landspítalann árið 2009.***

**58 af þeim**
***kvörtuðu eða kærðu starfsemina til landlæknis.***

**27.638.066.897**
***krónur var heildarkostnaður Landspítalans árið 2010***



# ALLT FYRIR
# FERMINGUNA

ILVA
einfaldlega betri kostur




AÐEINS ÞESSA HELGI

FREDSACK 165X135 CM
**14.900,-**
sparaðu 5.000,-

**FREDSACK.** 350l grjónapúði. 165x18x135 cm. Verð 19.900,- **NÚ 14.900,-** *Einnig til grár og í felulitum.*



**STORAGE.** Geymslubox. Ýmsir litir og stærðir. 27x36x26,5 cm. **Verð 1.495,-**
*Til í fleiri stærðum og litum.*



**STEP.** Hilla m/5 hillum. Ýmsir litir. 45x35x190 cm. **Verð 19.900,-**
*Einnig til breið 85x35x190 cm. Verð 22.900,-*



**COMPLETE.** Sængurverasett. Ýmsir litir. 140x200/60x63 cm. **Verð 5.995,-**
**STOCKHOLM.** Sængurverasett. 140x200/60x63 cm. **Verð 7.995,-**



**QUINTIN.** Spegill m/ljósi. 80x60 cm. **Verð 29.995,-**



**EXPLORER.** Hornskrifborð. Svart. 100x76 cm. **Verð 32.900,-**



**ROMEA.** Skrifborðsstóll m/stillanlegu baki. 50x82x119 cm. **Verð 24.900,-**



**DEAR DEER.** Snagi. 7x8 cm. **Verð 2.995,-** *Einnig til í fleiri litum.*



**GLOBE.** Silfurlitaður hnöttur. Ø20 cm. **Verð 9.995,-** *Einnig til 30cm.*



**CLOCK.** Borðklukka m/stillimynd Gler. Ø20 cm. **Verð 7.495,-**



**QSTAR.** Svefnsófi. Svart textilleður. Stærð á rúmi 140x200 cm. **Verð 119.900,-**



**ENTO.** Borðlampi króm/sandblásið gler. H50 cm. **Verð 6.995,-**



# PÁSKALEIKUR

KOMDU Í VERSLUN ILVA 1. TIL 17. APRÍL, OG TAKTU ÞÁTT.
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA OG ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA ...

... á að vinna flug og gistingu fyrir tvo til Prag með Heimsferðum, páskaegg frá Nóa Síríus af stærstu gerð, einnig er fjöldi annarra glæsilegra vinninga úr verslun.




Heimsferðir

NÓI SÍRÍUS

Disney

**VINNINGAR Í PÁSKALEIK ILVA**



**1. VINNINGUR.**
Flug og gisting fyrir tvo til Prag með Heimsferðum.



LUIGI borðstofustóll. HAWK borðlampi. GLOBE hnöttur. Baðgjafakarfa. HERREGAARD. Fjöldi páskaeggja.

ILVA kaffi

**50% AFSLÁTTUR**
TORTILLA M/OSTI OG SKINKU, BORIÐ FRAM M/SALATI. ÁÐUR 690.-
**NÚ 345.-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

**ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is**
**mánudaga - föstudaga 11-18:30,**
**laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18**

shop online




**MANSTU ÞÁ** Björgvin og Svala dóttir hans árið 1978 þegar Björgvin vann að plötunni „Ég syng fyrir þig“.




**Í ÚTVARPINU HEYRÐI ÉG LAG** Guðni Kolbeinsson íslenskufræðingur, Ásgeir Tómasson blaðamaður, tónlistarmaðurinn Birgir Hrafnsson og Björgvin í útvarpsviðtali árið 1976.




**HÚN HRING MINN BER** Gifting Björgvins og Ragnheiðar B. Reynisdóttur í Landakotskirkju hinn 9. desember 1978.




**NÚNA** Björgvin gerir sig kláran fyrir þátttöku sína í Eurovision árið 1995 í Dublin, þar sem hann söng lagið Núna. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Öll mín bestu ár

Hinn ástsæli söngvari **Björgvin Halldórsson** fagnar sextugsafmæli sínu um næstu helgi með þrennum tónleikum í Háskólabíói og er það til marks um vinsældir hans að löngu er orðið uppselt á tónleikana. *Kjartan Guðmundsson* leit á nokkrar ljósmyndir frá ferlinum ásamt stórafmælisbarninu.




**ÞÓ LÍÐI ÁR OG ÖLD** Björgvin á sviðinu á Hótel Íslandi, sem kallast Broadway í dag, árið 1995 þegar söngvarinn hélt eina af sínum mörgu söngbókarsýningum.




**RIDDARI GÖTUNNAR** Björgvin á nýju vespunni sinni, fimmtíu ára afmælisútgáfunni af Vespu Piaggio, árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# SÍÐUSTU DAGAR LAGERSÖLU
## Helgina 9. - 10. apríl

66° NORÐUR

KRAKKAR 6-12 ára



**Andvari jakki**
áður: 18.500 kr. | **nú: 7.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Einnig rautt



**Bragi dúnvesti**
áður: 15.800 kr. | **nú: 7.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Fleiri litir



**Baldur peysa**
áður: 9.800 kr. | **nú: 3.800 kr.**

DÖMUR (S - XL)



**Kaldi hettupeysa**
áður: 22.800 kr. | **nú: 6.000 kr.**

DÖMUR (S - L)

Einnig hvítur & svartur



**Logn jakki**
áður: 12.500 kr. | **nú: 4.000 kr.**

DÖMUR (S - XL)



**Vindur jakki**
áður: 39.800 kr. | **nú: 15.000 kr.**

**50 - 80% afsláttur**

**www.66north.is**

**Faxafeni 12 (2.hæð):** Laug. 11 – 16 I Sunn. 12 – 16
**Glerárgata 32, Akureyri:** Laug. 11 – 16

# Matreiðslumenn án landamæra

Íslenskir matreiðslumenn stóðu nýlega að stofnun hjálparsamtakanna Matreiðslumenn án landamæra. Samtökin starfa um heim allan í samvinnu við heimssamtök matreiðslumeistara. *Unnur H. Jóhannsdóttir* ræddi við **Gissur Guðmundsson,** sem veitir samtökunum forystu um þessar mundir.

Ígegnum tíðina hafa matreiðslumenn ávallt verið mjög jákvæðir og viljugir til þess að aðstoða þegar hamfarir koma upp. Besta dæmið er ef til vill þegar flóðbylgja af völdum neðansjávarjarðskjálfta reið yfir Súmötru í Indónesíu árið 2004 en þá létust um 230.000 manns og lífsgæði milljóna í yfir tíu löndum skertust. Við söfnuðum þá töluverðu fjármagni um allan heim sem síðan var notað í uppbyggingarstarf, sem allt var tengt faginu og því að afla sér matar. Bátar voru keyptir og skólar byggðir,“ segir Gissur Guðmundsson, forseti WACS, heimssamtaka matreiðslumeistara. „Við í WACS vildum móta þessa starfsemi betur og sameina undir einni regnhlíf. Það eru fjölmargar starfsstéttir sem starfa á svipaðan hátt og við, eins og Læknar án landamæra, sem við horfðum sérstaklega til, en það eru líka til flugmenn án landamæra og kennarar án landamæra svo eitthvað sé nefnt. Ég lagði því til, sem forseti WACS, eftir að við höfðum nýlega upplifað jarðskjálftana í Haítí og svo Síle árið 2010, að stofna formlega samtökin Matreiðslumenn án landamæra. Það var gert hinn 20. október 2010 í París með miklum stuðningi franska fjármálaráðuneytisins, frönsku ríkisstjórnarinnar og svo aðstoð íslenska sendiráðsins.“



GISSUR GUÐMUNDSSON Matreiðslumenn hafa komið til hjálpar á hamfara- og styrjaldasvæðum, segir Gissur, sem er í forsvari heimssamtaka þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hjálparstarf víða um heim**

Matreiðslumenn án landamæra hafa nú verið við hjálparstarf í Nýja-Sjálandi þar sem harður jarðskjálfti skók meðal annars borgina Christchurch, en margir eru látnir, aðrir týndir og fjöldi heimilislaus. Þá hafa þeir verið á landamærum Egyptalands og Líbíu þar sem fjöldi flóttamanna eykst dag frá degi. „Þá höfum við veitt aðstoð í Japan vegna jarðskjálftanna og flóðanna og einnig vegna flóðanna í Taílandi. Við njótum góðs af því hversu stór og öflug samtökin eru. Þegar hamfarir verða höfum við í aðalstöðvunum samband við félagsmenn okkar og metum þörfina á aðstoð og skipuleggjum hana út frá því en einnig út frá menningu hvers lands. Það verður að virða hana og gefa með hana í huga,“ segir Gissur. „Sumir félagsmenn okkar hafa misst heimili sín og jafnvel látist í sumum þessara hamfara. Sumir eru í mikilli neyð en eru engu að síður í hjálparstarfi.“

Hann segir að Matreiðslumenn án landamæra líti ekki á sig sem fyrstu hjálp heldur einbeiti sér að uppbyggingarstarfi eins og áður segir, þar sem fagmennska þeirra nýtist. „Það má segja að hjálparstarfið sé fjórþætt. Fyrsta hjálpin snýr að samvinnu með öðrum hjálparsamtökum eins og Rauða krossinum og getur til dæmis falist í að útbúa matseðla. Þá er stefna okkar að vinna einnig með hjálparstofnunum til lengri tíma eins og í flóttamannabúðum. Til lengri tíma viljum við aðstoða fólk við að afla sér matar og kenna því að nýta hráefni til matargerðar. Til þess þurfum við bæði báta og skóla, svo dæmi séu tekin. Síðan eru það súpueldhúsin og eldhús fyrir heimilislausa. Það síðarnefnda þarf ekki endilega að einskorðast við hjálparstarf erlendis heldur getur verið í heimalandi viðkomandi matreiðslumanns. Hluti af hjálparstarfi er einnig að hugsa um sinn heimagarð.“

**Ísland í forystu**

Heimssamtök matreiðslumanna voru stofnuð árið 1928 í París og eru því 85 ára í ár. Samtökin státa af 93 aðildarlöndum og tíu milljónum matreiðslumeistara. Árið 2004 bauð Ísland sig fram til stjórnar.

En hvernig stóð á því að Íslendingar voru kosnir til forystu í þessum samtökum? „Í sögu samtakanna höfðu Mið-Evrópuþjóðirnar ásamt Bandaríkjunum verið ráðandi og þessar litlu þjóðir aldrei haft þor eða tækifæri til þess að bjóða sig fram. Ég ákvað að láta það nú ekki á mig fá og fannst þurfa að setja ákveðna staðla um menntamál og setja keppnismál í ákveðinn farveg og bauð mig fram til forseta árið 2008. Ég sá einnig tækifæri fyrir okkur sem litla þjóð til þess að markaðssetja okkur og það sem við erum að gera hér heima en fagmennskan hér er afar mikil og góð og orðstírinn hefur borist til útlanda. Þegar ég fór svo að leita eftir stuðningi hjálpaði það mikið, auk þess sem ég varð líka talsmaður fyrir litlu þjóðirnar en ekki bara fyrir þær stóru eins og verið hefur í gegnum tíðina. Kjörtímabilið 2008-2012 hafa eingöngu Íslendingar setið í stjórn. Nú hefur verið skorað á okkur Íslendinga að bjóða okkur fram til áframhaldandi stjórnarsetu frá 2012-2016 og við erum til en við þurfum á fjárstuðningi að halda. Ef einhverjir vilja hjálpa okkur væri það því vel þegið,“ segir Gissur og brosir og bætir við að Matreiðslumenn án landamæra séu helsta verkefni sitt þessa dagana.

## NÆRA MUNAÐARLEYSINGJA Í BÚRMA

Matreiðslumenn án landamæra vinna nú að langtímaverkefni í Búrma bæði í þéttbýli og úti á landsbyggðinni. Bæði er um að ræða beina matvælaaðstoð og kennslu í meðferð og vinnslu matvæla. Þar fyrir utan hafa samtökin skipulagt fatagjafir og ýmiss konar aðstoð en þess má geta að samtökin vinna að þessu verkefni í samvinnu við Flugmenn án landamæra. „Það er Oliver E. Soe Ther, forseti Matreiðslumanna án landamæra í Búrma, sem skipuleggur starfið, sem er víðtækt og felst í næringarfræði, eldamennsku og kennslu í bátasmíð, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Helgi Einarsson, sem er ritari samtakanna og bætir því við að verkefninu hafi verið afar vel tekið.



## 150 TONN AF MAT TIL JAPANS

Matreiðslumenn án landamæra komu til hjálpar þegar jarðskjálftarnir og flóðbylgjurnar dundu yfir Japan nýlega. Þeir og flugmenn án landamæra tóku saman höndum og sendu 150 tonn af matvælum til hamfarasvæðanna. Fyrsta hjálpin fólst í sendingu matar til Japans en samtökin tvö sendu tugþúsundir lítra af vatni, mikið af barnamat og þurrmat auk þúsunda teppa. Fjölmörg samtök á hamfarasvæðinu hjálpuðu Matreiðslumönnum án landamæra í Japan og flugmönnunum við að dreifa og deila matvælunum svo að þau myndu koma þeim að notum sem helst þyrftu. Heildarverðmæti gjafarinnar er um fimmtíu milljónir íslenskra króna.










## Fjölskyldulíf gegnum Skype

Fjölskyldufaðir sem dvelur vikum saman utan landsteinanna heldur tengslum við fjölskyldu sína í gegnum netið.

SÍÐA 6

## Spila saman tölvuleiki

Anton Oddur Jónasson, sex ára, deilir tölvuleikjaáhuga með foreldrum sínum.

SÍÐA 2








NORDICPHOTOS/GETTY

# Facebook getur styrkt samskipti fjölskyldumeðlima

Á undraskömmum tíma hefur fyrirbærið Facebook sogað um 80 prósent þjóðarinnar inn í tölvutilveru þar sem skrafað er, þrasað, hlegið og leikið. Unga fólkið hérlendis var hvað fljótast að tileinka sér notkun síðunnar en síðustu árin hafa aldurshóparnir allir smám saman verið að tínast inn og æ fleiri af eldri kynslóðinni eru búnir að stofna aðgang.

Helgi Sigurður Karlsson sálfræðingur hefur góða innsýn í heima internetsins og er reynslubolti á því sviði, hefur bæði lifað þar og hrærst frá unga aldri og meðal annars ritstýrt vinsælum íslenskum spjallvef um tíma, Huga.is. Hann segir neikvæða umfjöllun um Facebook og aðra netmiðla eiga það til að vera í forgrunni í fjölmiðlum. Að hans mati eru kostir Facebook hins vegar margir, þar á meðal kjörin leið til að halda góðu sambandi við sína nánustu.

„Af minni reynslu er einn af helstu kostum samskiptaleiða á internetinu hversu vel þær sameina hina ýmsu hópa. Þegar ungmenni nær vissum aldri eiga fyrirmyndir í lífi þess til að færast frá foreldrum yfir á vinahóp-

FRAMHALD Á SÍÐU 4

CANDY AFSLÁTTARDAGAR
20% afsláttur
Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is
CANDY



**Sólveig Gísladóttir**
skrifar

# Leiknum er lokið

Ég ætla að byrja á því að taka fram að ég á hlýðið barn, sérlega vel upp alið og með yndislega lund. Hins vegar er heimurinn ekki fullkominn og oft getur reynst erfitt að fá þriggja ára stúlku með sjálfstæðisþörf og stjórnunaráráttu til að gera eitthvað eftir höfði móður hennar. Þegar sá gállinn er á henni fer hún til vinstri þegar mamma segir hægri og segir svart þegar málið er hvítt.

Móðirin hefur þó fundið nokkrar árangursríkar leiðir á slíkum stundum. Ein þeirra er að láta dúkkurnar eða bangsana tala við stúlkuna. Þá þykir henni mikið til koma, og þótt hún geri sér grein fyrir að mamma tali fyrir leikföngin finnst henni sport að gera ýmislegt til að ganga í augun á þeim. Til dæmis að fara í föt, borða morgunmat, klæða sig í útiskóna og þar fram eftir götunum.

Þegar allt bregst hefur móðirin brugðið á það ráð að látast ætla að hringja í einhvern ættingja og láta vita af óþekktinni í barninu. Oft virkar þessi leið en hún getur einnig sprungið framan í fólk eins og gerðist á dögunum.

Stuttu fyrir afmælisveisluna gerðist stúlkan treg til að fara að hátta. Móðirin greip á það ráð að grípa síma og látast hringja í uppáhaldsfrænku hennar. Eftir símtalið varð stúlkan hugsi og velti fyrir sér hvort hún ætti jafvel að láta undan og hlýða… þegar hún rak augun í hinn meinta síma. „Mamma, þetta er ekki sími. Þetta er fjarstýring," sagði hún sigri hrósandi.

Næst þegar mamman reyndi þennan leik og hótaði símtali til bestu frænkunnar varð ljóst að þessum leik var lokið. „Já mamma, hringdu í hana í fjarstýringuna."

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Getty Pennar: Júlía Margrét Alexandersdóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is 512-5462*



Vorútsala

30% afsláttur af öllum vörum auk frábærra tilboða

Smáralind - sími 517 5330
www.facebook.com/AdamsIceland

adams kids

Barnsins stoð og stytta




Handhægar umbúðir með tappa

Nánari upplýsingar um Stoðmjólk á www.ms.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**Saman við tölvuna** Anton Oddur og foreldrar hans spila stundum tölvuleiki hjá Gogogic, sem er vinnustaður mömmu hans og pabba, enda aðstaðan eins og best verður á kosið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gæðastund við tölvuna

**Anton Oddur Jónasson er svo heppinn að deila tölvuleikjaáhuga með foreldrum sínum. Fjölskyldan á oft gæðastundir fyrir framan tölvuna en notkunin er þó skilyrðum háð.**

Íris Kristín Andrésdóttir, Jónas B. Antonsson og sonur þeirra Anton Oddur Jónasson spila reglulega tölvuleiki saman og hafa öll jafn gaman af. „Þetta eru gæðastundirnar okkar," segir Íris, sem rekur fyrirtækið Gogogic ásamt eiginmanni sínum og fleirum, en þar eru meðal annars smíðaðir tölvuleikir sem eru aðgengilegir á Facebook og með iPhone, iPod og iPad.

Hún segir tímana hafa breyst. „Áður fyrr sátum við og spiluðum borðspil. Nú spilum við tölvuleiki en í því getur falist alveg jafn mikil fjölskylduskemmtun." Sonur hennar fór þriggja ára gamall að tefla í tölvunni og nú þremur árum seinna er hann kominn í Taflfélag Reykjavíkur og farinn að tefla fyrir hönd Ísaksskóla. „Tölvuleikir geta því vel verið uppbyggilegir," segir Íris.

Hún er uppeldisfræðingur að mennt og hefur sett skýran ramma í kringum tölvunotkunina. „Þegar ég var í náminu kynnti ég mér rannsóknir á áhrifum ofbeldis í tölvuleikjum og öðru myndefni á börn. Þar kom einna helst í ljós að mestu máli skipti að foreldrar kynntu sér vel það efni sem þeir leyfðu börnum sínum að horfa á. Þess vegna spila ég alla tölvuleiki áður en ég leyfi syni mínum að prófa, enda getur leikur sem virðist saklaus innihaldið eitthvað sem vekur ótta hjá tilteknu barni. Ég nefni trúða sem dæmi en foreldrar þekkja barn sitt best og eru best til þess fallnir að meta hvort leikurinn henti."

Íris segir það sama eiga við ef um unglinga sé að ræða. „Ef þeir fá leyfi til að vera með Facebook þurfa foreldrar að kunna á allar öryggisstillingar þannig að það sé tryggt að myndir og upplýsingar um barnið liggi ekki á glámbekk."

Íris segir tölvuna spennandi í augum sonar hennar eins og oft vilji vera hjá strákum á hans aldri. „Tölvunotkunin verður þó að vera í jafnvægi við aðra hluti. Við erum með ákveðið hvatningarkerfi sem virkar þannig að ef hann er duglegur að borða, klæða sig, fara í íþróttir og út að leika vinnur hann sér inn tölvutíma."

Íris segir fjölskylduna hrifna af lególeikjunum og nefnir Lego Harry Potter og Lego Indiana Jones sem dæmi. „Þá keyptum við Wii-tölvuna til að hann fengi hreyfingu samhliða tölvunotkuninni, en auk þess er ég mjög hrifin af iPad-leikjunum, enda er þar mikið úrval þrautaleikja sem reyna á rökhugsun. Við gáfum til að mynda út leikinn Simbo 16 Redux fyrir iPad en hann er sniðinn að börnum og hugsaður til að æfa samhæfingu huga og handa. Hann er enn eitt dæmið um uppbyggilegan leik," segir Íris.

Hún hvetur foreldra til að spila með börnunum sínum og stuðla þannig að jákvæðri tölvunotkun. „Við fullorðna fólkið megum heldur ekki gleyma því að halda í barnið í okkur og leyfa okkur stundum að leika okkur. Það gerir lífið svo miklu skemmtilegra." *- ve*

## BARNVÆNT

## Brúðubörn í Mosfellsbæ

**Brúðubörn úr safni Rúnu Gísladóttur, kennara og myndlistarmanns, verða til sýnis í Bókasafni Mosfellsbæjar í aprílmánuði á afgreiðslutíma safnsins. Á sýningunni eru aðallega handgerðar postulínsbrúður, en einnig leikfangabrúður frá ýmsum tímum.**

**Rúna býr brúðurnar til frá grunni. Allur fatnaður þeirra er handunninn og sérhannaður á hverja og eina. Brúðurnar eru steyptar í mót og eftir það hefst vinna við að pússa þær og mála, setja þær saman og gefa þeim andlit og hár, en sumar brúðurnar eru með mannshár.**



# ego dekor




HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-




COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-



## FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



















Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is















**Foreldrar virði mörkin** „Það sem ég tel að foreldrar þurfi einna helst að muna er að nota þær upplýsingar sem þeir fá í gegnum Facebook aldrei til þess að hanka ungmennið á einhverju," segir Helgi Sigurður Karlsson sálfræðingur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRAMHALD AF FORSÍÐU

inn. Samskipti og nánd ungmennis við fjölskyldumeðlimi eiga þá til að minnka. Að mínu mati er Facebook þá kjörin leið til að halda góðu sambandi við sína nánustu, enda er það helsti tilgangur síðunnar," segir Helgi.

### Ekki hanka börnin á einhverju

Helgi segir að með því að „slást í hópinn" geti foreldrar fylgst með lífi barna sinna á hlutlausan hátt og fengið þar jafnvel mikilvægar upplýsingar án þess að þurfa að spyrja eftir þeim. „Ef foreldrar fara rétt að er það mín trú að Facebook geti styrkt samskipti foreldra við börnin sín. Það sem ég tel að foreldrar þurfi einna helst að muna er að nota þær upplýsingar sem þeir fá í gegnum Facebook aldrei til þess að hanka ungmennið á einhverju. Það gæti skert samskiptin og alið af sér aðrar, óþekktar leiðir hjá ungmenninu til að koma viðkvæmum upplýsingum á framfæri til vina."

Við þetta bætir Helgi að foreldrar þurfi að meta hvert tilfelli fyrir sig þegar kemur að því að meta hvort ungmenni hafi þroska til þess að eiga í samskiptum á internetinu. Aldur hafi þar löngum reynst ónákvæmur mælikvarði. „Að mínu mati er fræðsla og eftirlit mikilvægustu þættirnir. Á internetinu, ekki einungis Facebook, er margt í boði sem getur haft áhrif á líf ungmenna, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Foreldrar geta haft mikið að segja um hver áhrifin eru með fordómalausri fræðslu um það helsta sem internetið hefur í boði. Mikilvægt er að fræðslan sé laus við áróður og styðjist við rök."

### Margar jákvæðar hliðar

Þegar Helgi er beðinn að nefna kosti þess að nota Facebook, fyrir alla aldurshópa, tínir hann sitthvað til. „Fyrir utan léttvægari atriði, svo sem að muna afmælisdaga, eru kostirnir við Facebook þeir óumdeilanlegu möguleikar sem hún býður upp á til að stofna til nýrra tengsla, efla núverandi tengsl og jafnvel vekja á ný gömul og gleymd. Fólk má þó aldrei gleyma að Facebook er einungis tól, mjög öflugt tól. Það getur annaðhvort unnið með þér eða á móti þér eftir því hvernig þú ákveður að beita því."

Fyrir þá sem ekki þekkja til Facebook rekur Helgi möguleikana sem felast í notkun síðunnar. Fyrir utan að deila hugsunum sínum, athöfnum og öðru sem fólki dettur í hug í svokölluðum stöðuuppfærslum má þar setja inn myndir, myndbandsupptökur, tengla að skemmtilegum vefsíðum, senda einkaskilaboð, spjalla, spila tölvuleiki og fleira.

### Ný græja sem þarf að læra á

Spurður um neikvæð áhrif þess á sálarlífið að hanga á Facebook líkir Helgi því ástandi við það að hanga heima og fara ekki út. „Ef þú ákveður að vera heima, hanga í símanum og skoða myndir af ættingjum og vinum í stað þess að fara í vinnuna mun slíkt iðjuleysi hafa sömu neikvæðu áhrif og ef þú ákveður að vera á Facebook og gera slíkt hið sama.

Ef þú býður síðan einhverjum sem þú þekkir lítið heim til þín, kynnir hann fyrir vinum þínum, sýnir honum öll helstu myndaalbúmin og segir honum ævisögu þína getur hann í raun gert sama skaða með þeim upplýsingum á Facebook eins og utan hennar. Hvað það atriði varðar býður Facebook upp á alla stjórn sem þörf er á til þess að halda neikvæðum áhrifum eins og þessum í skefjum. Líkt og með nýja græju í eldhúsinu þarf fólk að afla sér upplýsinga um hvernig skuli beita henni til þess að ekki hljótist skaði af."

### Hluti af eðlilegu þroskaferli

Margt má gera til þess að koma í veg fyrir neikvæða upplifun á Facebook að mati Helga. Fyrst og fremst þurfi að hafa í huga hvað fólk láti frá sér. Ómögulegt geti reynst að ná því út sem eitt sinn sé sett á netið. Einnig sé nauðsynlegt að kynna sér alla eiginleika síðunnar og tryggja að hvergi sé glufa fyrir óviðkomandi aðila. Það sé hins vegar hluti af eðlilegu þroskaferli ungmenna að vera á höttunum eftir upplýsingum um lífið og tilveruna. Með því að stöðva þau í þeirri upplýsingasöfnun eigi foreldrar á hættu að ungmennið leiti annarra leiða – og er þá óvíst hver gæði upplýsinga eða niðurstaðan verður. *- jma*

## Skemmtileg Facebook-afþreying



- My shops. Leikur þar sem þú býrð til þína eigin verslunargötu, með verslunum eins og sælgætisbúð, fataverslun, gæludýraverslun og bakaríi. Hver og einn Facebook-notandi á sína verslunargötu en getur heimsótt vini sína og fjölskyldu í þeirra búðir (sem þurfa þá líka að skrá sig inn í leikinn á Facebook).
- Restaurant city. Leikur sem virkar nokkuð svipað og My shops nema að í þessum leik býrðu til þitt eigið veitingahús, hannar matseðil, innréttar staðinn, ræður þjóna, vini og fjölskyldu og ferð og snæðir svo á veitingastöðum vina þinna þess á milli.
- Pet society. Leikur sem hugnast einkum yngri kynslóðinni. Kisa er látin notendum í té og þeim ber að hugsa vel um hana; gefa henni að borða, bursta á henni feldinn, klæða hana í falleg föt og innrétta heimili hennar eftir smekk.
- Scrabble. Hinn vinsæli orðaleikur á ensku, sem ungir notendur sem farnir eru að læra ensku geta þá leikið með þeim eldri. Notendur skiptast á „að gera" og langt má líða á milli; ekki er nauðsynlegt að dvelja langtímum við tölvuna til að spila.
- Monopoly millionaires. Hóið í vini og kunningja sem hafa gaman af Matador og fáið þá til að spila með ykkur leikinn á Facebook.

*Til að finna þessa leiki og fleiri til skrifið þið einfaldlega heiti þeirra í leitargluggann á Facebook. Til að mynda „My shops" og klikkið á „Go to app". Facebook gefur byrjendaleiðbeiningar.*



**Gunnhildur Þórðardóttir** opnar sýninguna Slóðir/Trails í Mjólkurbúðinni Listagili í dag klukkan 15. Á sýningunni eru málverk, grafíkverk og skúlptúrar sem sækja innblástur í hin mismunandi ferðalög lífsins. Listamaðurinn nálgast efnið á persónulegan hátt með skírskotun í æskuslóðir sínar í Keflavík.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**












**Söngkonurnar Sigga Beinteins og Sigrún Eva Ármannsdóttir segja hugann hendast áfram og aftur á bak.**



MYND/SIGURJÓN RAGNAR

# Nei eða já? Nei og já

Maður mætir nú varla manneskju án þess að hún bresti í söng og endalaust búið að grínast í manni þessa síðustu daga með Nei eða já?," játar söngkonan Sigrún Eva Ármannsdóttir sem fyrir nítján árum steig á Júróvisjónstokk með Sigríði Beinteinsdóttur í dúettinum Heart 2 Heart, en stuðsmellur þeirra, Nei eða já?, lenti í 7. sæti lokakeppninnar í Málmey í Svíþjóð 1992.

Lagið hefur notið fádæma vinsælda á Facebook í vikunni.

„Þetta lag lifir alveg rosalega vel, rétt eins og Eitt lag enn, en þau tvö fylgjast alltaf að á óskalista fólks," segir Sigga Beinteins þar sem hún situr í norskri vorsól eftir útskriftarsýningu hjá söngskólanum ToneArt sem hún á og rekur ásamt systur sinni í Asker, rétt fyrir utan Ósló.

„Mér þykir það leitt, því allir eiga að skila inn sínu atkvæði, en ég steingleymdi að kjósa utan kjörfundar áður en ég hélt utan," segir Sigga sem felldi Icesave II í fyrri þjóðaratkvæðagreiðslunni. „Ég náði því miður ekki að kynna mér nýja samninginn vel, en hefði viljað taka rétta, upplýsta ákvörðun og því hugsanlega sagt nei," upplýsir Sigga en Sigrún Eva er enn tvístígandi með sitt atkvæði í dag.

„Ég hallast að jái, en erfitt er oft að finna svarið," segir hún hláturmild og vitnar í texta Stefáns Hilmarssonar frá 1992. „Ég rétt næ að skjótast á kjörstað frá undirbúningi stórveislu í tilefni fertugsafmælis húsbóndans í kvöld, en veislugestir eru vanir að hafa ólíkar skoðanir svo engin

;FRAMHALD | 2






**Spænskur ferðadagur í Kringlunni** Sumarleyfismöguleikar á Spáni verða kynntir á Blómatorginu í Kringlunni frá 11 til 18 í dag og ýmis skemmtiatriði verða í boði fyrir alla fjölskylduna.

Framhald af forsíðu

hætta er á slagsmálum vegna Icesave-deilna. Mér finnst þó hæpið að við kveikjum á kosningavökunni í sjónvarpinu heldur verðum áfram í afmælisstuði með úrslitum í smáskeytaformi," segir Sigrún Eva sem eyðir helgum gjarnan í faðmi fjölskyldu og vina yfir góðum mat og skemmtilegheitum. „En hvern hefði grunað fyrir nítján árum að fólk yrði enn að biðja um Nei eða já? árið 2011," spyr hún hláturmild um árleg símtöl fjölmiðla og óskir um Nei eða já? í kringum Júróvisjón, en báðar verða þær Sigga á árvissu Júróvisjónballi Páls Óskars á Nasa.

„Mér finnst alltaf jafn gaman að taka lagið með Sigrúnu Evu og oft tek ég það ein líka, enda sívinsælt meðal þjóðarinnar," segir Sigga sem flýgur heim til Íslands á morgun, en um helgar unir hún sér einmitt best heima í hreiðrinu sínu eða með vinum í góðu yfirlæti.

„Flestar helgar er ég að syngja einhvers staðar, en þess á milli er ég afar heimakær. Ég er steinhætt að nenna út á djammið, en finnst alltaf jafn gefandi og yndislegt að syngja fyrir fólk," segir Sigga sem um miðjan maí á von á tvíburum með sinni heittelskuðu. „Ég neita því ekki að spenningurinn er mikill og allt á fullu við undirbúning komu barnanna heima. Ég verð því lítið á sveitaballarúntinum í sumar en reyni að njóta þess sem mest að vera með krílunum litlu," segir hún full tilhlökkunar.

En hvernig líst þeim á Júróvisjónlagið í ár, lagið hans Sjonna?

„Mér líst ágætlega á það, en alltaf erfitt að segja hvernig laginu gengur án þess að hafa séð sviðsetninguna, sem hefur líka mikil áhrif á heildarútkomuna," segir Sigrún Eva og Sigga tekur í sama streng: „Lagið er gott en dálítið frábrugðið því sem við höfum sent hingað til. Strákarnir eru yndislegir, gera þetta frá hjartanu, og bara tímabært að senda út svona hresst, skemmtilegt og öðruvísi lag."

*thordis@frettabladid.is*




Sigga Beinteins og Sigrún Eva hafa síðustu nítján ár stigið ótal sinnum á stokk með hið sívinsæla Nei eða já? en þessi mynd er tekin árið sem lagið fór utan til keppni í Málmey og lenti í 7. sæti árið 1992.



Verk Þórhildar Kristjánsdóttur sem hún vann í vetur eru til sýnis á Café Mílanó.

# Glerlist á Café Mílanó

**Sýningu á verkum Þórhildar Kristjánsdóttur glerlistakonu á Café Mílanó lýkur um þessa helgi en sýningin verður opin í dag og á morgun.**

Þórhildur hefur í rúman áratug blandað saman mismunandi aðferðum í verkum sínum, svo sem glersteypun, silfursmíði, leirmótun, málmhönnun, teikningu og fleiru og er vel þekkt fyrir skálar sínar og kertastjaka. Sýning Þórhildar nú ber nafnið Frostrósir en á henni eru verk sem listakonan vann í vetur. Þau eru unnin úr svartflaueli, tini, blýblöndu og bræddu gleri.

„Efnistökin koma víða að og má þar oft sjá sterka tengingu við náttúruna og andstæðurnar sem þar er að finna í litum, birtu og formum. Því má oft sjá hvort verkin eru unnin að vetri eða sumri til," segir Þórhildur.

*- jma*





Innritun og inntökupróf á listdansbraut fyrir haustönn 2011

**Inntökupróf - framhaldsskólastig**
Fimmtud. 14. apríl kl.19:45 - 21:15 í sal 2.

**Inntökupróf - grunnskólastig**
Laugard. 14. maí kl. 16 -17 í sal 3, 10 -12 ára.
Laugard. 14. maí kl. 17 - 18:15 í sal 3, 13 - 15 ára.

**Nám og kennsla**
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaðir:**
- *Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness.* Almenn braut.
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.* Almenn braut og listdansbraut.

**Nánari upplýsingar eru á vefnum www.jsb.is og á facebook**

**Viltu gerast vinur JSB? Danslistarskóli JSB er á facebook**



Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

DANSLISTARSKÓLI JSB

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730*
*Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið




GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



## GRÆNN APRÍL

**Græn fjármál:**
- Spyrðu sjálfan þig nýrra spurninga áður en þú eyðir í eitthvað sem þig langar í.
- Lærðu að mta hvort eina leiðin til að mæta þörfum þínum sé að kaupa eitthvað.
- Ekki kaupa af hvatvísi. Bíddu frekar í einn dag eða lengur. Löngunin kann að líða hjá.
- Hugaðu á blaði - þannig verða hugsanir þínar markvissar og árangursríkar.
- Leitaðu eftir hjálp annarra til að finna lausn á þeim áskotunum sem þú stendur frammi fyrir.
- Taktu ábyrgð á eigin fjármálum með því að halda heimilisbókhald.
- Leitaðu leiða til að koamst út úr neysluskuldum.
- Finndu ráð til að borga niður húsnæðislán með því að borga inn á höfuðstólinn.
- Leggðu reglulega fyrir í sparnað.

*www.graennapril.is*

# Vakti athygli á HönnunarMars



Púðarnir Notknot spretta upp úr skáta-hnútum og skrauthnútum.

**Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður hannar undir merkinu Umemi. Eftir nýliðinn HönnunarMars hefur verið fjallað um kollinn Bentley og púðana Notknot á erlendum vettvangi.**



Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður hannar undir merkinu Umemi en verk hennar vöktu athygli erlendra fjölmiðla á nýafstöðnum HönnunarMars.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vöruhönnuðurinn Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vakti talsverða athygli á nýliðnum HönnunarMars með kollinn Bentley og púðana Notknot.

Alþjóðlega veftímaritið Designboom.com fjallaði meðal annars um vörur Ragnheiðar en um 140.000 lesendur fara inn á vefinn á dag. Þá fór sænski bloggarinn Stefan Nilsson fögrum orðum um hönnun Ragnheiðar á síðu sinni, blog.trendgruppen.se. Erlendir framleiðendur sem sóttu hátíðina voru einnig áhugasamir um púðana Notknot. „Það á alveg eftir að koma í ljós hvort eitthvað kemur út úr þessu en þetta er auðvitað spennandi,“ segir Ragnheiður hógvær. „Þónokkrir hafa reyndar haft samband frá útlöndum og viljað kaupa koll eftir að hafa séð hann á bloggsíðum. Púðarnir voru frumgerð en ég er að skoða hvernig ég get látið framleiða þá. Helst vil ég finna einhvern framleiðanda hér á Íslandi.“

Umfjöllun á vefnum getur undið hratt upp á sig og í framhaldinu hafði dagblaðið The Big Issue samband við Ragnheiði. „Ég var rosalega ánægð með það. The Big Issue er stórt og flott alþjóðlegt blað, stofnað af þeim sömu og stofnuðu Body Shop. Sú sem hafði samband við mig er staðsett í Taívan og þau munu fjalla um kollana í maí. Það sem ég hanna er oft undir austurlenskum áhrifum og því er gaman að fá umfjöllun í Asíu. Svo er ég líka að skoða framleiðslu á vínilfígúrum sem ég sýndi í fyrra í Hafnarborg.“

Á HönnunarMars sýndi Ragnheiður kollana í Epal og þangað komu þeir nýlega í sölu. Púðana sýndi hún á sýningu Félags vöru- og iðnhönnuða á Laugavegi. Ragnheiður hannar undir merkinu Umemi og nánar má forvitnast um hönnun hennar á www.umemi.com og á Facebook. *heida@frettabladid.is*




Edge

mjúkir, stífir
langir, stuttir
stórir, litlir
djúpir, grunnir

við sérhæfum okkur
í sófum og stólum



Shabby



Gyro



Hera

LÍNAN
Bæjarlind 16 - Kóp - S: 553 7100 www.linan.is

BJÓÐUM VAXTALAUS
VISA / MASTERCARD
KORTALÁN Í 3, 6
EÐA 12 MÁNUÐI

50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SKÓM
Í GYLLTA KETTININUM



ÁÐUR 12.800
NÚ 6.400
Stærðir 36–41

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005




## Laus störf hjá Hagstofu Íslands

*Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starfið sem þar fer fram. Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess í starfsemi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar má finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is.*

### Forritari

Hagstofa Íslands leitar að forritara til að vinna að spennandi þróunarverkefnum. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á vefforritun, sérstaklega í .NET umhverfinu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum. Við leggjum áherslu á að viðkomandi ástundi öguð vinnubrögð og hafi lifandi áhuga á að þróa ferla og upplýsingakerfi Hagstofu Íslands.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf í tölvunar-, kerfisfræði eða sambærilegum greinum æskilegt.
- ✓ Mjög góð þekking á .NET forritun.
- ✓ Þekking á vefstöðlum, s.s. html, css.
- ✓ Þekking á xml.
- ✓ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- ✓ Góðir samskiptahæfileikar.
- ✓ Reynsla af LiSA.NET vefumsjónarkerfinu er kostur.
- ✓ Þekking og/eða reynsla af gagnagrunnum er kostur.

### Gagnagrunnsforritari

Hagstofa Íslands leitar að gagnagrunnsforritara til að þróa upplýsingakerfi stofnunarinnar. Unnið er í Microsoft SQL Server og TSQL umhverfi að SSIS lausnum og uppbyggingu á gagnavöruhúsum. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum. Við leggjum áherslu á að viðkomandi ástundi öguð vinnubrögð og hafi lifandi áhuga á að þróa ferla og upplýsingakerfi Hagstofu Íslands.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegum greinum æskilegt.
- ✓ Þekking á Microsoft SQL Server og TSQL.
- ✓ Þekking á vöruhúsum gagna og tengdri aðferðafræði.
- ✓ Þekking á SSIS eða sambærilegum tólum er æskileg.
- ✓ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- ✓ Góðir samskiptahæfileikar.
- ✓ Þekking á xml er kostur.

Borgartúni 21a
150 Reykjavík

☏ 528 1000

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að þeir sem ráðnir verða geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **26. apríl 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi póstfang: *Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík*, eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is], sími 528 1000.

Hagstofa Íslands

# FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur leitar að kraftmiklum leiðtoga til að stýra fjármálasviði fyrirtækisins. Verkefnið er mikilvægt og krefjandi í ljósi ögrandi aðstæðna á fjármálamarkaði. Starfið er spennandi fyrir dugandi einstakling með fjármála- og rekstrarreynslu og metnað til að skara fram úr. Fjármálastjóri stýrir öflugum hópi starfsmanna fjárstýringar, fjármögnunar, reikningshalds, innkaupa og hagdeildar. Hann mun vinna náið með forstjóra og stjórn fyrirtækisins að fjármálalegri uppbyggingu þess. Hlutverk hans er meðal annars að byggja upp traust á Orkuveitunni á fjármálamörkuðum með öguðum og vönduðum vinnubrögðum.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi, helst á sviði fjármála.
- Viðamikil þekking á fjármálamörkuðum og fjármögnun fyrirtækja og verkefna.
- Reynsla af:
  - fjármálastjórn hjá stóru fyrirtæki
  - fjárstýringu og áhættustýringu
  - samskiptum við innlenda og erlenda banka
  - samningagerð
- Æskilegt er að umsækjandi hafi trausta þekkingu á reikningshaldi og áætlanagerð.

### Persónulegir eiginleikar:

- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Stjórnunarhæfileiki og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna.
- Traust greiningarhæfni og skilningur á tölum.
- Færni í ræðu, riti og framkomu.
- Mjög góð enskukunnátta.



Orkuveita Reykjavíkur er veitufyrirtæki og þjónustufyrirtæki í eigu almennings sem sér um 200.000 notendum fyrir húshitun, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Í Orkuveitunni vinnur traustur hópur starfsmanna sem hefur lagt hart að sér í ólgusjó síðustu ára.

capacent

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar um starfið gefur Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, í síma 516 7707 eða bjarnibj@or.is. Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is. Umsóknum skal skilað fyrir **24. apríl 2011**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

www.or.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 54479 04/11

UNIVERSITETSSYKEHUSET NORD-NORGE
DAVVI-NORGGA UNIVERSITEHTABUOHCCEVIESSU

HELSE NORD

## Intensiv- og operasjonssykepleiere – se her:







**UNIVERSITETSSYKEHUSET NORD-NORGE**
**Tromsø – også kalt "Nordens Paris" – søker**

**intensiv- og operasjonssykepleiere**
**til faste stillinger og vikariat av ulik varighet.**

Vi tilbyr gode og spennende fagmiljø, samt gode betingelser i forhold til lønn, bolig og hjemreise.

**Ved oppmøte på Hotel Hilton 11. og 12. april 2011 mellom kl. 13.00 og 20.00**
kan du få mer informasjon og svar på eventuelle spørsmål.
Du kan også ringe klinikkrådgiver Liv-Inger Ernstsen, tlf. +47 77 66 96 30, for informasjon.

**Mer utfyllende annonsering kommer!** **Se også www.unn.no/jobbsok**

Jobbnorge.no

## Óska eftir aðstoðarmanneskju á tannlæknastofu í 105 Reykjavík.

Vinnutími er frá 13.00 til 17.30.

Æskilegt er að umsækjandi sé eldri en 40 ára og geti tamið sér sjálfstæð vinnubrögð. Eigi auðvelt með að vinna með fólki og við tölvur.

Umsóknir berist á netfangið tannstod@live.com

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í STARF Á LÍFEYRISDEILD

LSR LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við eignir. Meginhlutverk sjóðsins er að greiða sjóðfélögum eftirlaun til æviloka og koma á móts við þá vegna tekjutaps. Sjóðurinn tekur á móti iðgjöldum og ávaxtar þau í sameiginlegum sjóði til að standa undir skuldbindingum sínum varðandi elli- örorku, maka- og barnalífeyri. Auk þessa veitir LSR sjóðfélögum lán og tekur við og ávaxtar frjálsan lífeyrissparnað.

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins óskar eftir að ráða sérfræðing í starf á lífeyrisdeild. Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulund og metnaður í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar. Viðkomandi verður einnig að vera talnaglöggur og hafa góða greiningargetu.**

**Sérfræðingur mun starfa við að:**
- Svara fyrirspurnum varðandi réttindi sjóðsfélaga
- Úrskurða sjóðsfélaga á lífeyri
- Endurskoða lífeyrisúrskurði
- Byggja upp gagnavinnslu- og skýrsluskilakerfi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða haldgóð menntun sem nýtist í starfinu
- Góð starfsreynsla af alhliða skrifstofustörfum skilyrði
- Reynsla af starfi innan lífeyrissjóðs mikill kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta skilyrði, góð kunnátta á Excel mikill kostur

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# Vilt þú bóka okkur?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum.
Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Ferðaráðgjafi Actavis á Íslandi

Starfið tilheyrir ferðadeild Actavis á Íslandi sem hefur umsjón með ferðabókunum starfsmanna Actavis á Íslandi auk hluta starfsmanna Actavis erlendis, sem ferðast á vegum fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**
- Bóka flug, hótelgistingu, akstur, fundaraðstöðu og annað sem tilheyrir ferðalögum starfsmanna
- Leita tilboða fyrir hópa vegna skipulagningar funda hérlendis og erlendis
- Sækja um vegabréfsáritanir fyrir starfsmenn
- Uppfæra viðskiptaupplýsingar (customer profile) Actavis í Amadeus-bókunarkerfinu
- Samþykkja reikninga og kreditkort ferðadeildarinnar

**Við leitum að einstaklingi**
- með stúdentspróf eða sambærilega menntun
- með IATA/UFTAA próf
- með reynslu af Amadeus-bókunarkerfinu
- með mjög góða ensku- og íslenskukunnáttu
- sem er nákvæmur og sveigjanlegur
- sem er útsjónarsamur og býr yfir ríkri þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **17. apríl nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hönnunarsafn Íslands - fulltrúi**

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

---

**Bakari óskast til starfa í 3-4 mánuði í sumar**, vinnutími samkomulag, hafið samband við Ísak í síma 8211030.

**Matreiðslumaður óskast til starfa í sumar**, hafið samband við Bjarna í síma 8211033.

Veislan veitingaeldhús, Austurströnd 12, 170 Seltjarnarnarnes, sími 5612031
www.veislan.is

VEISLAN
VEITINGAELDHÚS

---

## Kokkur óskast

Við óskum eftir að ráða kokk eða manneskju vana matreiðslu til starfa frá og með maí út september með möguleika á framlengingu eða hlutastarfi næsta vetur. Einnig erum við að leita eftir að fá kokka til að taka að sér stakar helgar í sumar.

Nánari upplýsingar
í síma 433 5800
eða steinar@fossatun.is

FOSSATÚN

311, Borgarbyggð • Sími 433 5800 • www.fossatun.is

---

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGAR Í BANKAEFTIRLITI

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðinga í bankaeftirlit á lánasviði. Lánasvið skiptist í lögfræðiráðgjöf, áhættugreiningu og eftirlitseiningar. Sérfræðinga vantar í alla þessa hópa. Lánasviðið hefur verið í eldlínunni undanfarin ár og eru mörg krefjandi verkefni framundan við eflingu eftirlits með fjármálamarkaðnum. Til að styrkja starfsemina enn frekar leitum við að metnaðarfullum einstaklingum með þekkingu, reynslu og áhuga á eftirliti með fjármálafyrirtækjum.**

## ÁHÆTTUGREINING

**Fjármálaeftirlitið leitar eftir sérfræðingi í áhættugreiningarhóp. Við óskum eftir að ráða agaðan og metnaðarfullan einstakling með þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila, endurskoðunar og/eða fjármála. Starfið krefst töluverðra samskipta, innlendra sem erlendra.**

**Starfssvið**
- Greining á uppgjörum fjármálafyrirtækja og lögbundnu eigin fé (CAD)
- Ábyrgð á innleiðingu 3 stoðar (Pillar III) Basel staðalsins
- Þátttaka í vettvangsathugunum og skýrslugerð
- Aðkoma að setningu laga- og reglna
- Þróun á eftirliti og útgáfa á leiðbeinandi tilmælum á fjármálamarkaði
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Framhaldsmenntun í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald og endurskoðun eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi
- Mikil þekking af uppgjörum
- Þekking á fjármálastöðlum IFRS
- Reynsla af fjármálamarkaði er æskileg
- Skipulagsfærni, gagnrýnin hugsun og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta

## EFTIRLIT

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í eftirlit. Starfið felur í sér ábyrgð á eftirliti með tilteknum félögum og samhæfingu eftirlits með þeim. Við óskum eftir einstaklingi með góða greiningar- og samskiptahæfileika og getu til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.**

**Starfssvið**
- Greining, mat og eftirlit með helstu áhættuþáttum
- Ítarleg könnun á viðskiptaáætlunum og eftirlit með rekstri
- Yfirferð gagna og samskipti við stjórnendur
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Rík greiningarhæfni nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, sveigjanleiki og góð samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

## LÖGFRÆÐINGAR

**Fjármálaeftirlitið leitar að metnaðarfullum og skipulögðum lögfræðingum með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við krefjandi verkefni. Á lánasviði er fjallað um málefni fjármálafyrirtækja eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 161/2002.**

**Starfssvið**
- Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, svo sem með starfsháttum þeirra og starfsheimildum, eignaraðild að þeim, hæfi stjórnenda þeirra og eigenda
- Þátttaka í vettvangsathugunum
- Innlend og erlend samskipti
- Önnur verkefni sem til geta fallið

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Viðeigandi reynsla, einkum af fjármálamarkaði eða stjórnsýslu, æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð nauðsynleg
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg



Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Trésmiðir óskast til Noregs

**Eykt óskar eftir trésmiðum sem hafa áhuga á að vinna að verkefnum með fyrirtækinu í Noregi.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um starfsreynslu og menntun á skrifstofu Eyktar að Þórunnartúni þrettán (Skúlagötu 63).

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir ritara þingmanna, sérfræðingi í fullt starf.**

*Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.*




## VILTU KOMAST Í SKEMMTILEGT LIÐ?

Við viljum bæta öflugum liðsmanni í hóp viðskiptastjóra N1, eins öflugasta verslunar- og þjónustufyrirtækis landsins.

**Hlutverk viðskiptastjóra**
- Sala á þeim fjölbreyttu vörum og þjónustu sem N1 býður upp á
- Þarfagreining og ráðgjöf fyrir viðskiptavini auk tilboðs- og samningagerðar
- Ræktun og viðhald viðskiptasambanda
- Leit að nýjum sóknarfærum
- Samvinna í innra starfi N1

**Hæfniskröfur viðskiptastjóra**
- Rík þjónustulund
- Lipurð í samskiptum og hópvinnu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Söluhæfileikar og reynsla af sölustörfum er kostur
- Frumkvæði og áræði

**Viltu komast í liðið?** Sendu inn umsókn á www.n1.is fyrir 18. apríl.
Nánari upplýsingar veitir Ívar Ragnarsson í síma 440 1042.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

WWW.N1.IS N1 Meira í leiðinni

## Stjórnunarstarf - hugbúnaðargerð

### Leiðandi og traust fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða hópstjóra hugbúnaðarteymis

**Starfssvið**
- Stjórnun og fagleg ábyrgð hugbúnaðarteymis þar sem unnið er við hugbúnaðargerð fyrir banka- og fjármálalausnir
- Áætlanagerð, greiningarvinna og eftirfylgni verkefna
- Þróun nýrra lausna
- Virk þátttaka í störfum hópsins

**Áhugavert starf í boði hjá öflugu fyrirtæki**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tölvunar-, verkfræði eða sambærileg menntun
- Árangursríkur starfsferill og stjórnunarreynsla úr sambærilegu umhverfi er skilyrði
- Reynsla úr fjármála- eða bankaumhverfi er sérstaklega áhugaverð
- Leiðtogahæfileikar, reynsla af teymisvinnu, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð þekking á aðferðafræði við hugbúnaðargerð og forritun sem og samþættingu kerfa
- Þekking á Agile/Scrum, MS SQL, .NET, C#

*Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 578 1145. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta
*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*

VALITOR
– Lausnir án landamæra

VALITOR býður örugga, skjóta og þægilega þjónustu til kaupmanna, banka, sparisjóða og korthafa á ferðalögum um allan heim. Gildin okkar, forysta, frumkvæði og traust, knýja samhentan, metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna. Viðskipti á erlendri grund eru orðin ein meginstoðin í rekstri okkar og fer ört vaxandi. Við höfum verið leiðandi á innlenda, rafræna greiðslumarkaðnum síðan 1983.

# Sérfræðingur á markaðs- og þróunarsvið

**Starfssvið:**
- Þátttaka í mótun og framkvæmd markaðsstefnu fyrirtækisins
- Þátttaka í þróunarstarfi fyrirtækisins
- Samræming milli ímyndar fyrirtækisins og framgöngu þess í auglýsingum og kynningum
- Umsjón og eftirfylgni með samstarfs- og styrktarmálum félagsins
- Umsjón með auglýsingamálum, birtingum, auglýsingagerð og framleiðslu í samstarfi við aðra starfsmenn markaðs- og þróunarsviðs
- Skipuleggur í samvinnu við aðrar deildir auglýsingar á vörum og þjónustu og aðstoðar við hvers konar uppákomur og kynningar
- Aðstoð við útgáfu þjónusturita og innra markaðsstarf

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/ eða markaðsfræði
- Reynsla af markaðsstarfi er kostur en ekki skilyrði
- Framúrskarandi hæfileiki í framsögn og skýrslugerð
- Frumkvæði, frjó hugsun, skipulagshæfileikar og rík þjónustulund
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg, önnur tungumál kostur

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Kristján Þór Harðarson, sviðsstjóri,
kristjan@valitor.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Eitt af stærstu fyrirtækjum landsins á sviði verslunar og þjónustu óskar eftir að ráða í stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Fyrirtækið er með starfsemi víða um landið. Áhugavert tækifæri fyrir kraftmikinn einstakling sem mun vinna með öflugu teymi stjórnenda.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Fjárstýring samstæðunnar
- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti, áhættustjórnun og greiningu
- Tillögur að hagræðingu í rekstri á grundvelli kostnaðargreininga
- Undirbúningur fyrir endurskoðun og ábyrgð á innra eftirliti
- Umsjón með lánamálum fyrirtækisins og samskipti við bankastofnanir
- Áætlanagerð, samræming fjárhagsáætlana, samantekt áætlana og frávikagreining
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um fjármálastöðu og rekstraruppgjör
- Ábyrgð, umsjón og stefnumótun í upplýsingatækni félagsins

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**
- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun
- Reynsla af umbreytingarverkefnum er kostur en ekki skilyrði
- Árangursrík stjórnunarreynsla og framúrskarandi samskiptafærni
- Víðtæk fjármálaþekking
- Góð þekking á helstu fjárhagsupplýsingakerfum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**




Libra
Við breytum fjármálaþekkingu í hugbúnað

Hjá Libra ehf. starfa 30 starfsmenn. Við byggjum á yfir 15 ára grunni og erum leiðandi hugbúnaðar fyrirtæki á innlendum fjármálamarkaði.

Okkar helstu vörur, Libra Loan og Libra Securities, eru í notkun hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum á íslenskum fjármálamarkaði.

**Við bjóðum**
- Krefjandi verkefni
- Þátttöku í samhentum hópi
- Starfsstöð í Kópavogi eða á Akureyri

## Hugbúnaðarþróun

**Starfssvið**
- Greining, hönnun, forritun og prófun á Libra hugbúnaði

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af SQL og .NET æskileg
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „Libra - Hugbúnaðarþróun"

## Prófanir

**Starfssvið**
- Ábyrgð á prófunum á Libra hugbúnaði
- Þróun á sjálfvirkum prófunum
- Skipulagning kerfisprófana
- Þróun prófanatilvika
- Prófanir á Libra hugbúnaði

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á SQL og .Net æskileg
- Brennandi áhugi á gæðum hugbúnaðar
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „Libra - Prófanir"

## Útgáfustjórnun

**Starfssvið**
- Ábyrgð á útgáfusamantektum og pökkun (Release Management)
- Þróun á útgáfusamantektarferlum
- Umsjón með þróunar- og prófunarumhverfi Libra hugbúnaðar
- Uppsetningar á nýjum útgáfum hjá viðskiptavinum

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Góð þekking á rekstri stýrikerfa og gagnagrunna (Oracle og Microsoft SQL Server)
- Þekking og reynsla á .Net æskileg
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „Libra - Útgáfustjórnun"

Starfsumsókn og ferilskrá sendist á jonpall@librasoft.is fyrir 24. apríl. Nánari upplýsingar fúslega veittar í síma 595-8715. Bendum einnig á frekari upplýsingar og umsóknarform á vef okkar: **www.librasoft.is**




Norges Geotekniske Institutt (NGI) leitar að reyndu fagfólki á ofangreindum fagsviðum. Sjá nánar á heimasíðu NGI.

NGI verður þátttakandi í starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 15. apríl kl. 16-19 og laugardaginn 16. apríl kl. 12-18.

NGI er leiðandi fyrirtæki í rannsóknum og ráðgjafaþjónustu á sviði jarðtækni og skyldra fagsviða á alþjóðavísu.

www.ngi.no/en

---

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður í Mötuneyti

Ferskar Kjötvörur óska eftir starfsmanni í mötuneyti starfmanna að Síðumúla 34

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn milli kl. 13-15 virka daga á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúli 34, 108 Reykjavík sími 588 7580 eða á netfang **ingibjorn@ferskar.is**

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess **www.ferskar.is**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

---

*Enebakk has been named one of the best service municipalities. Urban municipality is located in Akershus, four mil east of Oslo, and has 10 150 inhabitants. Enebakk is an exciting and progressive organization, which focus on online services, public service centers, and quality of services.*

## GATEWAY TO THE GOOD LIFE - WILL YOU JOIN US/ IN?

We are looking for you as a preschool teacher, good to cooperate, using humor in everyday life and passion for children's participation!
We have well established public kindergartens that are constantly evolving.
We are working on language development, children's participation and educational leadership.
We offer good wages, pension and educational networks.

**We are seeking individuals with the following characteristics:**

- Pre-School Teacher Education.
- Good teamwork skills and solution- minded.
- Must be able to communicate in Norwegian (can be obtained before starting August 1)
- Must pass Norwegian Test 2, by the end of the probationary period.
- Personal suitability will be emphasized.

Tariff-pay preschool teachers: 321 000 - 374 500 NOK per year.
Enebakk can assist in a transition period with residential and day care.

Application deadline is **10. April 2011.**

**Send application and CV to:**
dag.martinsen@enebakk.kommune.no
(HR Manager Enebakk kommune)
Likely candidates are requested to attend for interview at Reykjavik Recruitment Fair
**15 and 16 April in Reykjavik City Hall**.

Certificates and diplomas must be brought to a possible interview.

---

# NOREGUR KALLAR

**STARFAKYNNING.**

**AM DIRECT AS , ráðningastofa og starfsmannaleiga verður með upplýsingarbás á Starfakynningu EURES í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 15.april kl 16:00 – 19:00 og laugardaginn 16. April kl. 12:00 – 18:00.**

Við bjóðum alla fagmenntaða velkomna til viðræðna við okkur.

**Við leitum sérstaklega eftir:**

Verkstjóra í uppslætti með kerfismótum.
Módelsmiði í einingarverksmiðju.
Trésmiði.
Málmiðnaðarmenn og suðumenn í járngrindarhús.
Menn til að reisa vinnupalla.
Verk- og tæknifræðinga.
Arkitekta.

AM DIRECT AS ,MOLDE NOREGI.

AM Direct A.s

---

Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar

## Starf byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar er laust til umsóknar

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**
Byggingarfulltrúi starfar innan Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar. Sviðið skiptist í borgarskipulag og embætti byggingarfulltrúa. Hlutverk nýs byggingarfulltrúa verður að leiða stefnumótun og framtíðaruppbyggingu embættisins. Byggingarfulltrúi sér um að lögum um mannvirki nr. 160/2010, öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í borginni sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til borgarbúa. Alls heyra 19 starfsmenn undir byggingarfulltrúa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í arkitektúr eða verkfræði.
- Löggilding sem hönnuður.
- Þekking á byggingarreglugerð og reynsla af stjórnun.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar er næsti yfirmaður byggingarfulltrúa. Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

**Umsóknir skal færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf, fyrir 2. maí nk.**

Upplýsingar um starfið veitir Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, í síma 411 3015, olof.orvarsdottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Símaver Reykjavíkurborgar 4 11 11 11
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Deildarstjóri

Kvenna- og barnasvið auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra meðgöngu- og sængurkvennadeildar. Deildarstjórinn er yfirmaður ljósmæðraþjónustu á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um ljósmóður- og hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Ljósmóður- og hjúkrunarfræðimenntun
» Framhaldsnám í ljósmóður- og/ eða hjúkrunarfræði er æskilegt
» A.m.k. 3-5 ára starfsreynsla sem ljósmóðir
» Leiðtogahæfileikar
» Samskiptahæfni
» Stjórnunarreynsla

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 23.04.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2011, til 5 ára.
» Upplýsingar veita Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs, netfang jhf@landspitali.is, sími 825 3586 og Dómhildur Árnadóttir, mannauðsráðgjafi, netfang domhilda@landspitali.is, sími 825 3842.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Dómhildi Árnadóttur, mannauðsráðgjafa, Stjórn kvenna- og barnasviðs: Hb-21D.
» Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
» Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs LSH.
» Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

isavia

## Verðkönnun

**Hreinsun innanhúss og förgun byggingarefna**
**Háaleitishlað 4, 235 Reykjanesbæ**

Fyrir hönd Isavia ohf óskar VJI Ráðgjöf (Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.) eftir verðtilboði í hreinsun innan dyra í húsinu við Háaleitishlað 4 Reykjanesbæ. Húsið er 1860 fermetrar, að mestu á einu gólfi og þar var áður starfrækt þvottahús og kæligeymsla. Húsið er í lélegu ástandi og þar er mikið af ónýtum innveggjum, innréttingum, tækjum, búnaði og lausamunum sem þarf að rífa og fjarlægja. Hægt er að skoða eignina í núverandi ástandi föstudaginn 15. apríl. Verðtilboð skulu berast fyrir kl. 17.00 20. apríl. Ef af verkinu verður skal því lokið fyrir 30. júní 2011. Beiðni um verðkönnunargögn skal senda á netfangið arnthor@vji.is

VJI Ráðgjöf, Síðumúla 1, sími 5605400, www.vji.is

---

VÉLFANG – VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200**
**www.velfang.is • velfang@velfang.is**

## Starfskraftur á verkstæði óskast

*Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla, helstu vörumerki eru JCB, CLAAS og Fendt. Vélfang var valið Fyrirtæki ársins af VR árin 2007 og 2008 og er Fyrirmyndarfyrirtæki VR. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og nú vantar einn í liðið.*

Frum

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af viðgerðum á þessu sviði er æskileg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi falli vel að liðsanda fyrirtækisins og eigi gott með samskipti við viðskiptavini.

***Allar upplýsingar veitir Guðmundur í síma 894 0617, en allar umsóknir skal senda á netfangið thjonusta@velfang.is***

JCB CLAAS FENDT VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2009 VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2010

---

Staki automation er verkfræði- og hugbúnaðarhús, þjónustufyrirtæki sem skiptist í meginatriðum í þrjú svið; tækni og verkfræði, hugbúnaðargerð og ráðgjöf og rafræn viðskipti.

Meginhlutverk Staka er að veita afburðaþjónustu á þeim sviðum sem félagið starfar. Markmið félagsins er m.a að brúa bil milli hefðbundinnar hugbúnaðargerðarog iðntölvustýringa. Í því skini hafa starfsmenn Staka sótt sér þekkingu á báðum sviðum og félagið hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki sem vinnur bæði við hugbúnaðargerð og iðnstýringar, auk ráðgjafa sem hafa mikla reynslu af rafrænum viðskiptum.

Staki




**Leitað er að sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af iðnstýringum, forritun iðntölva, almennri hugbúnaðargerð, skjákerfum og verkefnastjórnun.**

Leitað er að sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af iðnstýringum, forritun iðntölva, almennri hugbúnaðargerð, skjákerfum og verkefnastjórnun.

Við óskum eftir einstaklingum með háskólapróf í rafmagns-, tölvu- eða vélaverkfræði sem hafa reynslu af hússtjórnarkerfum, sterkstraumi og hugbúnaði frá Wonderware og/eða Factory Talk. Einnig leitum við að einstaklingum með þekkingu og reynslu af almennri hugbúnaðargerð og vinnu með gagnagrunna.

Viðkomandi þurfa að hafa haldgóða þekkingu á helstu grunnum, s.s. Oracle og MS-SQL og þekkja til PL/SQL forritunar.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknarfrestur er **20. apríl**

Upplýsingar í síma 550 6470 alla virka daga.

Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á **www staki.is**

**Staki ehf.** - Stórhöfða 22 – 30 - 108 Reykjavík - staki.is

---

# Atvinnutækifæri í Evrópu

## Vinnumálastofnun og EURES standa fyrir starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 15. og 16. apríl

**Föstudagur 15. apríl kl. 17:00 – 20:00**
**Laugardagur 16. apríl kl. 12:00 – 18:00**

Á kynningunni verða kynnt laus störf og veittar upplýsingar um starfs- og búsetuskilyrði víða í Evrópu. Einnig gefst fólki færi á að ræða beint og milliliðalaust við evrópska atvinnurekendur. Sjá má hluta þeirra starfa sem í boði eru á síðunni *www.eures.is* með því að smella á „Laus störf“

**Ellefu norsk fyrirtæki og bæjarfélög kynna laus störf og taka á móti umsóknum.**
EnerConsult, Tide Bus AS, Bremanger Hamn og Næring KF, Pan Garden AS, VERTO AS, Norwegian Geotechnical Institute, Medical Care AS, AM Direct, Enebakk kommune og Bodö kommune.

**EURES ráðgjafar frá Bretlandi, Danmörku, Noregi, Þýskalandi, Svíþjóð, Litháen og Finnlandi kynna atvinnutækifæri í sínum löndum.**

**Einkum er eftirspurn eftir fólki úr eftirtöldum starfsstéttum:**
Iðnaðarmönnum svo sem smiðum, pípulagningamönnum, rafvirkjum ofl. járniðnaðarmönnum, strætóbílstjórum, vörubílstjórum og vinnuvélastjórnendum, verkfræðingum og arkitektum, leikskólakennurum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og öðru heilbrigðisstarfsfólki, kokkum og öðru starfsfólki í veitingageiranum, jarðfræðingum, veðurfræðingum og garðyrkjufræðingum auk sérfræðings í þróun vatnsaflsvirkjana.

## Your Job in Europe - European Job Days 2011

The Directorate of Labour and EURES IS host a European Job fair in Reykjavik City Hall on the following dates:
**Friday 15th April 17:00 – 20:00**
**Saturday 16th April 12:00 – 18:00**
Are you interested in finding a job opportunity abroad? At the fair you will find a wide range of vacancies, get a chance to meet employers and to discuss your plans with EURES Advisers from different countries. You also get first hand information about living and working abroad.
Some of the vacancies are listed on our website *www.eures.is* under “Laus störf”.

VINNUMÁLA STOFNUN

EURES European Employment Services www.eures.is

# FLUGVIRKI ÓSKAST

**Arctic Maintenance ehf. óskar eftir að ráða til sín öflugan flugvirkja til framtíðar**

**Starfssvið:**
Almenn flugvirkjastörf við Base, Line og Component Shop á King Air og Twin Otter.

**Hæfniskröfur:**
- Hafi lokið prófi frá viðurkenndum skóla í flugvirkjun.
- Lögð er áhersla á samskiptahæfileika, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi

Hér er um að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstarf í góðu starfsumhverfi í flugskýli okkar á Akureyri.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

**Umsóknir óskast sendar til tæknistjóra Arctic Maintenance** *gulli@arcticm.is*

ArcticMaintenance FLUGVÉLAVERKSTÆÐI

# Sumarafleysing

## Olíudreifing ehf óskar eftir að ráða í sumarstörf.

**Vélstjóra eða handlaginn einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðinni í Örfirisey.**
Olíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Í birgðastöðinni er unnið á 12 tíma vöktum og felst vinnan í losun og lestun olíuskipa, afgreiðsla eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvinda.
**Nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 550 9944.**

**Meiraprófsbílstjóra staðsettan í Árborg.**
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip.
**Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.**

**Starfsmann í þrif, móttöku pantana og almenn skrifstofustörf í Örfirisey.**
Hlutastarf kemur til greina.
**Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.**

**Meiraprófsbílstjóra staðsettan á Akureyri.**
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð.
**Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 461 4070.**

Umsóknir sendist á **odr@odr.is** fyrir 20. apríl.

Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á **www.oliudreifing.is**

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.



# Sölumaður

Óskum eftir að ráða duglegan og hressan sölumann í verslun okkar. Áhugavert starf við sölu á íþrótta- og útivistarvörum.

# Verkstæði

Okkur vantar einnig laghentan og duglegan starfsmann á verkstæði okkar til samsetningar og viðhalds á reiðhjólum.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðublöð eru á vefnum, www.markid.is.**

MARKIÐ

www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40

Auglýsingasími
512 5050

Allt sem þú þarft...

# Langar þig að bera ábyrgð á og hafa umsjón með mötuneyti Strætó bs.?

**Strætó bs. leitar að áhugasömum og duglegum starfsmanni til að sjá um mötuneyti starfsfólks á Hesthálsi 14. Í boði er fjölbreytt framtíðarstarf við góðar starfsaðstæður, umfangið eru í kringum 30 manns hvern dag.**

**Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samlagsins er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Gildi Strætó bs. eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði. Ætlunarverk Strætó bs. er að bjóða hagkvæmar en fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur á þjónustusvæði sínu.**

**Starfssvið:**
- Vinnutími er frá 8:00-14:00 virka daga.
- Útbúa morgunmat
- Sjá um matseld í hádegi
- Umsjón með fundarherbergjum, eftir þörf
- Hönnun matseðils
- Innkaup
- Frágangur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Rík þjónustulund
- Áhugi á heilsusamlegri og fjölbreyttri matargerð
- Snyrtimennska og hreinlæti
- Stundvísi og heiðarleiki
- Metnað til að víkka út starfsemi mötuneytis og vera hvetjandi fyrir starfsfólk

Nánari upplýsingar veitir Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri Farþegaþjónustusviðs. Sími 540 2700, netfang: julia@straeto.is.

Umsóknum skal skilað til Strætó bs., Hesthálsi 14, 110 Reykjavík eða með tölvupósti á fyrrgreint netfang.

**Umsóknarfrestur er til 16. apríl 2011.**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun ágúst næstkomandi.

**Ef þig langar að starfa eftir þessum gildum og taka þátt í því góða starfi sem á sér stað innan Strætó bs. hvetjum við þig til að sækja um.**

## Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!

Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Ekki er um sumarstarf að ræða.

**Allar nánari uppl. í s. 848 5213 og 822 1712**
**skerjagardur@skerjagardur.is**

UNIVERSITETSSYKEHUSET NORD-NORGE
DAVVI-NORGGA UNIVERSITEHTABUOHCCEVIESSU

## Universitetssykehuset har ledig følgende stillinger:

*Universitetssykehuset Nord-Norge HF (UNN) er et universitetssykehus som tilbyr befolkningen i den nordligste landsdel medisinsk spisskompetanse av høy kvalitet. Samtidig er UNN lokalsykehus for Troms og deler av Nordland. Foretaket har 5800 ansatte. Virksomheten skal bygge på respekt, kvalitet og trygghet.*

### Overlege/spesialist, indremedisin

UNN HF driver sykehus i byene Tromsø , Narvik og Harstad. Til våre sykehus i Tromsø og Narvik søker vi etter:

**NARVIK:** 2 overleger/spesialister i indremedisin, eventuelt med relevant subspesialitet.

**TROMSØ:** 1 overlege/spesialist i indremedisin med subspesialiteten geriatri

Vi tilbyr gode og spennende fagmiljø, samt gode betingelser i forhold til lønn, bolig og hjemreise.

**Ved oppmøte på Hotel Hilton 11. og 12. april 2011 mellom kl. 13.00 og 20.00 kan du få mer informasjon og svar på eventuelle spørsmål.**

Du kan også kontakte avdelingsleder Øystein Nymoen (Narvik), epost: Oystein.Nymoen@unn.no, tlf. +47 76 96 75 20, Seksjonsleder Sigurd Sparr, tlf. 77 62 68 42, e-post: Sigurd.Sparr@unn.no eller avdelingsleder Tove Skjelbakken (Tromsø), epost: Tove.Skjelbakken@unn.no, tlf. +47 77 66 95 35.

**Mer utfyllende annonsering kommer!**
**Se også www.unn.no/jobbsok eller www.jobbnorge.no**

Jobbnorge.no Foto: Daniel Lindberg

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Innanríkisráðuneytið auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

### *Lögfræðingur á skrifstofu réttarfars- og stjórnsýslu*

Helstu verkefni skrifstofunnar eru úrlausn kærumála, gerð lagafrumvarpa og reglugerða, réttarfar, refsiréttur, málefni dómstóla og samskipti við Umboðsmann Alþingis.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna
- Þekking á málefnasviði ráðuneytisins er æskileg
- Hæfni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

### *Sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og þróunar*

Helstu verkefni eru á sviði stefnumótunar og árangursstjórnunar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Þekking og reynsla á stefnumótun er kostur
- Frumkvæði, framsýni og metnaður
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskipum og jákvæðni

### *Lögfræðingur á skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga*

Helstu verkefni eru á sviði ríkisborgararéttar, sifjaréttar, málefna sýslumanna og sveitarfélaga. Lögfræðingur tekur þátt í stefnumótun, vinnur að mótun lagafrumvarpa og reglugerða og veitir leiðbeiningar um framkvæmd laga.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og í riti.

### *Sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og þróunar*

Helstu verkefni eru á sviði skýrslugerðar og gagnaöflunar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af málefnum hins opinbera
- Ritfærni og reynsla af ritstörfum
- Gott vald á íslensku

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um auglýst störf. Um fullt starf er að ræða í öllum tilvikum. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu ráðuneytisins www.irr.is og í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Innanríkisráðuneytis, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík eða á netfang ráðuneytisins, postur@irr.is

# RAFVÉLAVIRKI EÐA RAFVIRKI




Eimskip óskar eftir að ráða rafvélavirkja eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga frá kl. 08:00–24:00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum (nýlögnum og viðhaldi) er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson, verkstjóri á rafmagnsverkstæði, í síma 525 7181. Netfang arp@eimskip.is.

Umsjón með ráðningunni hefur Guðni Sigurmundsson í síma 525 7162. Netfang gts@eimskip.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar, www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2011.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP
*Yfir hafið og heim*

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

# Fulltrúi á skrifstofu forstjóra Tryggingastofnunar

Tryggingastofnun auglýsir eftir fulltrúa á skrifstofu forstjóra. Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður, úrræðagóður, mjög skipulagður, sýnir frumkvæði, er fær í mannlegum samskiptum, hefur góða yfirsýn og ríka þjónustulund.

**Starfið felst einkum í:**

- Umsjón með skrifstofu forstjóra
- Fundarritun
- Umsjón og innleiðingu nýs skjalakerfis
- Umsjón með skjalasafni og bókasafni
- Ýmsum almennum skrifstofustörfum

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða er æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Góð kunnátta í íslensku og færni í ensku og Norðurlandamáli

Ímyndunarafl / TR / SF0311

**Nánari upplýsingar veita Guðjón Skúlason, mannauðsstjóri, gudjonsk@tr.is, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri.**

**Umsóknir sendist rafrænt á starf@tr.is eða í pósti til Starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík fyrir 15. apríl n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

**Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.**

TRYGGINGASTOFNUN

Laugavegi 114 | 105 Reykjavík | Sími 560 4400

**Gildi Tryggingastofnunar eru traust, metnaður og samvinna.** Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt. Umsækjendum er einnig bent á upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar www.tr.is

---

# MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

- MABI | stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- MACC | reikningshald og endurskoðun
- MBA
- MCF | fjármál fyrirtækja
- MSIM | fjárfestingarstjórnun
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í OBTM Organisational Behaviour and Talent Management

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. APRÍL
**www.hr.is/vidskiptadeild/msc**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

---

# SUMARSTÖRF

## hjá Reykjavíkurborg



**Umsóknartími 1. mars - 11. apríl**

- Fjölbreytt sumar- og afleysingastörf fyrir 17 ára og eldri (fædd ´94 og fyrr)
- Aldurstakmark er breytilegt eftir störfum
- Einungis hægt að sækja um á netinu
- Aðstoð í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3 - 5

**Sótt er um á: reykjavik.is/sumarstörf**

---

**Brimborg óskar eftir bifvélavirkja til starfa hjá viðskiptasviði Ford og Volvo á Íslandi. Frábært tækifæri fyrir metnaðarfulla bifvélavirkja. *Sæktu um á www.brimborg.is.***

# Vanur bifvélavirki óskast á fólksbílaverkstæði

Brimborg leitar að metnaðarfullum bifvélavirkja til starfa á viðskiptasviði Ford og Volvo, Bíldshöfða 6. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn til að nýta hæfileika sína í stórum hópi frábærra fagmanna, undir fána Brimborgar.

Brimborg er á höttunum eftir fagfólki, af báðum kynjum, með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og meginreglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitssemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Bilanagreining á bifreiðum
- Þjónusta og viðgerðir á bifreiðum

**Hæfniskröfur:**

- Bifvélavirki og/eða meistari í bifvélavirkjun
- Góð tölvuþekking
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Gilt bílpróf

*Fólksbílaverkstæði Ford og Volvo uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til nútímaverkstæða. Verkstæðið er búið nýjustu tækjum til bilanagreininga og viðgerða. Starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er verkstæðið hlaðið reynsluboltum sem bíða þess að miðla sinni dýrmætu þekkingu.*

***Nánari upplýsingar:***

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Vinnutími er frá 08:00-17:15 mánudaga til fimmtudaga og frá 08:00-16:15 föstudaga.
Skelltu þér á netið á www.brimborg.is og sæktu um starfið.

## Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2011

*Þú sækir um á netinu, **www.brimborg.is***

*Nú er tækifærið – við bíðum eftir þér*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

---

# SÖLUMAÐUR NOTAÐRA BÍLA

Bernhard leitar að sölumanni hjá Bernhard notuðum bílum, Bílakjarnanum, Eirhöfða 11. Eingöngu vanur maður kemur til greina, sem getur hafið störf strax.

Um er að ræða 100% starf með vinnutíma frá kl. 09:00 til kl. 18:00 virka daga og annan hvern laugardag frá kl. 12:00 til 16:00. Lokað er á laugardögum yfir hásumarið, frá 17. júní til 7. ágúst.

**Hæfniskröfur:**

- Góður sölumaður með ríka þjónustulund.
- Snyrtimennska, góð framkoma, stundvísi og góðir samskiptahæfileikar
- Gilt bílpróf er að sjálfsögðu skilyrði
- Góð tölvukunnátta.

Samheldinn hópur starfsfólks er í fyrirtækinu, góð vinnuaðstaða og fyrirtækið er reyklaust. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Upplýsingar eru ekki gefnar í síma en sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.bernhard.is/storf

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

bodø KOMMUNE



## Ledige stillinger

*Bodø er eitt af þeim bæjarfélögum í Noregi sem er í hvað örustum vexti. Bærinn liggur mitt í hinum töfrandi Mið-Noregi. Með næstum 48.000 íbúa stendur Bodø frammi fyrir mörgum stórum stækkunarverkefnum á næstu árum og stefnir því á sókn í frekari þróun bæjarfélagsins. Tækni- og rekstrarsvið Bodø ráðast þess vegna í öflugt ráðningarferli til að tryggja sér mannauðinn sem nauðsynlegur er til að Bodø geti haldið áfram þessum mikla vexti.*

# Vilt þú taka þátt í að móta Bodø ?

Bodø ætlar að hefja mörg stór stækkunarverkefni í bænum, á dagskrá eru stækkanir í samgöngukerfum, nýtt menningarhús og bókasafn og stækkun á höfninni í Bodø.

**Í þeim tilgangi og vegna daglegra verkefna leitum við að arkitektum, verkfræðingum og pípulagningarmönnum.**

Hafirðu áhuga á að fá frekari upplýsingar um spennandi störf í uppbyggingu höfuðstað Nordland geturðu hitt okkur á básnum okkar í EURES starfakynningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur 15. og 16. apríl 2011. Hafirðu ekki möguleika á að hitta okkur í Reykjavík geturðu haft samband við Svein Ove Moen, tæknisviði, í síma +47 75 55 53 21 eða netfanginu svein.ove.moen@bodo.kommune.no, Ståle Eng, rekstrarsviði Bodø, síma +47 75 55 44 31, netfangi stale.eng@bodo.kommune.no eða Jørn Jønsberg, starfsmannasviði, síma +47 75 55 50 36, netfangi jorn.jonsberg@bodo.kommune.no til að fá frekari upplýsingar.

**Frekari upplýsingar um Bodø finnur þú á**

**www.bodo.kommune.no www.bodo.no**

**Telefon 75 55 50 00 - Telefaks 75 55 50 18 - www.bodo.kommune.no**

# VIÐ LEITUM AÐ ÁRANGURSDRIFNUM EINSTAKLINGUM MEÐ FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTAHÆFNI

## STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS 1912

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Móttaka vara
- Tínsla pantana
- Frágangur vara á lager
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við lagerstjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Lyftararéttindi
- Kostur ef fyrirliggjandi er reynsla af vöruhúsakerfi Navision
- Nákvæmni, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og vilji til að klára verk sín vel
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Viðkomandi starf er á kvöldvakt þar sem vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-22:00. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf í byrjun maí. Frekari upplýsingar um starfið veitir Svavar Geirfinnsson, lagerstjóri í s. 821-8450.

**1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru.** Í gegnum dótturfélög sín, Nathan & Olsen og Ekruna, býr félagið yfir öflugum dreifileiðum til smásöluaðila, stóreldhúsa, iðnaðar og fríverslunar með kost. Starfsfólk samstæðunnar er í kringum 80 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri.

Nathan & Olsen hf

## VÖRUMERKJASTJÓRI

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Uppbygging, þróun og markaðssetning vörumerkja
- Áætlanagerð og utanumhald um vörumerki og birgja
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við söludeild og innkaupadeild
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við markaðsstjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun
- Þekking á sölu- og markaðsmálum og a.m.k. 2 ára reynsla af sambærilegu starfi
- Hæfni til þess að tjá sig á ensku í rituðu og töluðu máli
- Vilji til að byggja upp ítarlega þekkingu á vörum fyrirtækisins og miðla henni til samstarfsfólks
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Viðkomandi einstaklingur yrði hluti af markaðsteymi Nathan & Olsen. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Frekari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Sveinn Friðleifsson, markaðsstjóri í s. 821-8419.

**Nathan & Olsen er hluti af 1912** og sérhæfir sig í markaðssetningu á vörumerkjum á íslenskum dagvörumarkaði með því að nýta sérþekkingu starfsmanna, sölukraft, tengsl við birgja og viðskiptavini. Starfið miðar að því að tryggja aðgengi notenda vara að eftirsóttum vörumerkjum og tryggja skilvirkar dreifileiðir.

Ekran

## VIÐSKIPTASTJÓRI

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Kynning á vörum fyrirtækisins
- Uppbygging tengsla við viðskiptavini
- Greining viðskiptatækifæra
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sölustjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum skilyrði
- Þekking á mat og matargerð
- Geta til að vinna undir álagi
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Viðkomandi einstaklingur yrði hluti af söluteymi Ekrunnar. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf í byrjun maí. Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Ingi Einarsson, sölustjóri í s. 824-8596.

**Ekran er hluti af 1912** og þjónar stóreldhúsum með dagleg aðföng með því að bjóða heildarlausn þar sem breitt vöruúrval, hagkvæm verð, traust afgreiðsla, sérþekking og persónuleg þjónusta er í fyrirrúmi. Stuðlað er að árangri viðskiptavina fyrirtækisins með því að einfalda aðfangakeðju þeirra. Fyrirtækið er með söluskrifstofu og vöruhús bæði í Reykjavík og á Akureyri

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl. Móttaka umsókna og úrvinnsla er í höndum Ingu Guðrúnar Birgisdóttur mannauðsstjóra. Áhugasamir um starf sendi umsókn á: atvinna@1912.is þar sem greint er frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Lögfræðingar og sérfræðingar | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201104/038 |
| Sérfræðingar í bankaeftirliti | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201104/037 |
| Doktorsnemar í jarðeðlisfræði | HÍ, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201104/036 |
| Lektor í iðnaðarverkfræði | HÍ, verkfræði- og náttúruv.svið | Reykjavík | 201104/035 |
| Náms- og starfsráðgjafi | HÍ, náms- og starfsráðgjöf | Reykjavík | 201104/034 |
| Aðjunkt í alþjóðasamskiptum | HÍ, stjórnmálafræðideild | Reykjavík | 201104/033 |
**óskar eftir starfsmanni tímabundið. Æskilegt er að viðkomandi sé vanur almennri dekkjavinnu. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi umsókn á thonusta@365.is merkt Dekkjamaður.**

**Hestamannafélagið Fákur**
**Óskar eftir að ráða starfskraft / verktaka í Landsmótsframkvæmdir á svæði félagsins. Frá 1. maí til sumarloka. Nánari upplýsingar á wwww.fakur.is**
**Áhugasamir sendi tölvupóst á fakur@fakur.is fyrir 16. apríl**

**Joger Booztbar Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir, heilsdags og hálfsdags og í hlutastarf seinnipart og um helgar.**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. sendist á cyrus@simnet.is.**

**Bakari / Kaffihús í Breiðholti**
**Óskar eftir starfskrafti fyrir og eftir hádegi og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 25 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 820 7370, Ragga.**

**Ruby Tuesday Höfðabakka og Skipholti**
Óskum eftir starfsfólki í eldhús í fullt og hlutastarf. 18 ára aldurstakmark. Umsóknir sendist á haukur@ruby.is

**Járnsmíði**
Óskum eftir dulegum og samviskusömum mönnum vönum járnsmíði. Upplýsingar: 692 8091 Grétar

Okkur vantar ráða Ala Carte kokk í Noreg frá 1.maí góð laun í boði uppl: gisla988@gmail.com

Þýskur ferðaþjónustuaðili óskar eftir að ráða sumarstarfsmann, til að sjá um móttöku ferðamanna í Leifsstöð, og viðtalstíma á hótelum í Reykjavík. Mjög góð þýsku kunnátta er skilyrði. Áhugasamir sendi póst á erleben@visir.is

## Atvinna óskast

Starfsmenn frá Lettlandi óska eftir vinnu: smiðir, verkamenn, bílstjórar etc. S.8457158

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

NÖRDAR ATH! Tölvuleikir, kvikmyndir, spil o.fl. Nörd Norðursins er nýtt veftímarit. Frítt eintak á nordnordursins.is!

## Einkamál




Ákaflega innileg auglýsing frá (ungri?) konu birtist á Rauða Torginu Stefnumót. Vill konan bara áheyrn...eða meira? Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

Ung kona vill heyra frá karlmönnum, á ákveðinn hátt. Auglýsing hennar er afar „innileg" og mjög persónuleg. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

Ný upptaka! Það er komið vor :) Nú er komin ný upptaka hjá sögum Rauða Torgsins og þessi er virkilega, virkilega heit! Sími 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8305.

Kona á besta aldri vill kynnast góðum manni með náin kynni í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9930, augl.nr. 8768.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.



# Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

# Heilsuréttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.

*Annie Mist*
*Silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010, Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010 ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands*

*Arnaldur Birgir*
*Framkvæmdastjóri og eigandi BootCamp á Íslandi og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011*

*Ágúst Guðmundsson*
*Slökkviliðsmaður og keppandi í Sahara eyðimerkurhlaupi 2011 ásamt verðandi heimsmeistara!*

*Pavel Ermolinski*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

*Eva Sveinsdóttir*
*Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness*

*Hreggviður Magnússon*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

*Rannveig Kramer*
*Íslandsmeistari í fitness 2010*

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*
*Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands ásamt verðandi Íslandsmeistara í einhverju!*







*og kroppurinn blómstrar*

**Suðurlandsbr. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12**
**sími 588 9899 • www.nings.is**

MSG
TRANS FITA

# Slær á sárasta söknuðinn

**Þótt álfur og höf skilji að náið fjölskyldulíf í Norðlingaholtinu á fjölskyldan nær alltaf daglegar samverustundir vísar yfir kvöldmatarborðinu.**



Ásdís Birta Gunnarsdóttir og Sigurður Hjartarson með dætrum sínum Snædísi Birtu og Ísabellu Jónu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skype er snilld og sameinar fjölskylduna mikið,“ segir Ásdís Birta Gunnarsdóttir, annar eigendi meðgöngu- og brjóstagjafabúðarinnar Tvö líf, sem á þriggja vikna fresti sér á eftir sínum heittelskaða, Sigurði Hjartarsyni, flugmanni hjá Atlanta, á fjarlægar slóðir.

„Siggi er langdvölum úti og í fjarveru hans tölum við eingöngu saman í gegnum Skype á netinu. Þannig get ég haft hann hjá mér þegar ég er að elda kvöldmatinn og hann fær tækifæri á að sjá og spjalla við krakkana, sem á móti geta sýnt honum nýjustu myndirnar úr leikskólanum,“ segir Ásdís. Saman eiga þau tvö börn, þriggja og fimm ára, og Sigurður tólf ára strák.

„Krakkarnir eru orðnir vanir þessu og þykir eðlilegt að fara á fund pabba síns í tölvunni. Þegar þau heyra röddina koma þau hlaupandi og hrópandi: „Pabbi er kominn!“ og berjast um sæti við tölvuna þegar allir vilja tala í einu,“ segir Ásdís, sem er dugleg að lifa lífinu með Sigga þótt hann sé staddur hinum megin á hnettinum, en nýlega fór hann með henni í matarboð í tölvunni.

„Vinahópurinn hittist árlega í gæsaveislu og ég tók Sigga með á skjánum. Þar fékk hann að skoða krásirnar, njóta samræðna og skála við okkur þaðan sem hann var staddur í Hong Kong. Þetta kann Siggi að meta því þá hittir hann líka vini sína þótt staddur sé allt annars staðar á jarðarkringlunni,“ segir Ásdís, sem einnig plantaði Sigga í tölvuformi við jólatréð á aðfangadagskvöld.

„Þá sat hann einn á hóteli í Sádi-Arabíu þar sem engin jól eru haldin og fylgdist með okkur taka upp pakkana. Með því fékk hann örlitla hlutdeild í jólum fjölskyldunnar, því í starfi flugmannsins missir hann af mikilvægum dögum í lífi okkar og barnanna, afmælum og fleiru sem snýst um samveru með ástvinum. Með Skype getur hann verið þátttakandi en áður gafst enginn möguleiki á slíku,“ segir Ásdís. Hún líkir samskiptum sem þessum við að veifa sælgæti framan í barn sem ekkert má fá, en segir þó mikla sárabót að tæknin geri fólki nú kleift að hittast í rauntíma.

„En að sumu leyti er þetta eins og einhver sé alltaf á gægjum. Þegar við Siggi erum ekki búin að hittast í þrjár vikur og maður vill líta sæmilega út tekur hann upp á að hringja þegar ég er búin að hreinsa af mér alla málningu og komin í náttföt yfir Aðþrengdum eiginkonum. Þetta er því stundum eins og að vera gripin glóðvolg,“ segir hún hlæjandi.

„Stundum lifir Siggi líka rólegheitalífi á hóteli þegar ég er upp fyrir haus í barnauppeldi, en þá ferðast ég bara með hann um húsið og spjalla meðan ég elda, hátta börnin og geng frá þvottinum. Svona samskipti eru orðin eðlileg í okkar fjölskyldulífi og slá mikið á heimþrá hans úti og söknuð okkar barnanna eftir honum heima.“ *- þlg*


"... að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi."

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk.“



OKKAR Framtíð · fyrir „efin“ í lífinu · og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.

okkar

*Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á* ***okkar.is***

zebra




**GK REYKJAVIK** — LAUGAVEGI 66 — 101 REYKJAVÍK — SÍMI 565 2820

GAGN&GAMAN



**Vorið er komið** Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum spranga nú um lítil og sæt lömb. Sauðburður hófst í garðinum 29. mars þegar ærin Surtla bar einni svartflekkóttri gimbur en nokkrum dögum síðar bar ærin Yggla tveimur svartflekkóttum hrútum. Lömbin eru fyrr á ferðinni en vanalega en yfirleitt hefst sauðburður um miðjan maí. Þá eru líkur á að geitburður hefjist á næstunni.



**Þrautabraut í sundlaug** í Lágafellslaug í Mosfellsbæ er sett upp leikja- og þrautabraut alla laugardaga frá klukkan 13 til 17. Brautin er sett upp í innilauginni og þar geta krakkar skemmt sér hið besta. Lítil börn verða að sjálfsögðu að vera í fylgd með fullorðnum.



**Leikaðstaða í Leifsstöð** Biðin eftir flugi getur orðið litlu fólki erfið. Því er gott að vita af leikaðstöðunni á Keflavíkurflugvelli. Þar geta börnin sest niður og leikið sér, litað eða lesið bók en einnig eru púsluspil og skemmtilegar þrautir á svæðinu. Þá er boðið upp á barnaefni í sjónvarpi til að stytta biðina.



**Leirsmiðja fyrir fjölskylduna** verður í Ásmundarsafni á morgun klukkan 14. Myndlistarmaðurinn Haraldur Jónsson stjórnar henni í tengslum við tvær yfirstandandi sýningar í safninu. Þar sem sætafjöldi er takmarkaður er óskað eftir fyrir fram skráningu á netfangið fraedsludeild@reykjavik.is.




Stofnaður 1952

Listdansskóli Íslands



Skólaárið 2011–2012

Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi

Myndirnar eru teknar á sýningum skólans.
Ljósmyndari Valgarður Gíslason.

Rafræn skráning er hafin

Skráning og ítarlegar upplýsingar um starfsemi skólans á www.listdans.is

Inntökupróf fara fram: laugardaginn 30. apríl 2011

Grunnskóladeild árgangar 2000 til 2002 (9 til 11 ára) milli klukkan 11:00 og 13:00

Framhaldsdeild árgangur 1995 og eldri, milli klukkan 14:00 og 16:00

Glæsileg afmælissýning framundan í tilefni 60 ára afmælis skólans

Framúrskarandi árangur nemenda á innlendum og erlendum vettvangi

Tvær sýningar á ári í atvinnuleikhúsum

Farsæl starfsemi í 60 ár

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

FOX Thor Husqvarna Dainese Renthal



# Tíska í konunglegu fangelsi

Framúrstefnuleg tískuýning **Alexanders McQueen** vakti að vonum athygli á tískuvikunni í París. Arftaki McQueens, Sarah Burton, hefur hlotið mikið lof fyrir síðustu tvær línur tískuhússins segir *Sara McMahon.*

Sarah Burton hefur unnið sem hönnuður hjá Alexander McQueen síðan árið 1996. Hún tók við sem aðalhönnuður merkisins eftir lát Lee Alexanders McQueen í febrúar í fyrra og hafa síðustu tvær línurnar hennar vakið mikla athygli. Líkt og síðasta haust vakti hárhönnunin engu minni eftirtekt en flíkurnar sjálfar. Fyrirsæturnar á sýningu McQueens báru eins konar „hárhjálma“ sem samsettir voru úr fjölda hárspenna og er það hárgreiðslumaðurinn Guido Palau sem á heiðurinn að þeim. „Ég þekki genabygginguna merkisins, ég hef unnið með þeim svo lengi að þetta er orðið mér eðlislægt. Línan sjálf er framúrstefnuleg, vélræn og er undirtónninn svolítið blætislegur – það er mikið um ólar og leður – og ég vildi ná fram sömu áhrifum með hárgreiðslunni,“ útskýrði Palau.

Haustlínan 2011 var sýnd í La Conciergerie, fangelsi Maríu Antoníettu, og voru flíkurnar blanda af rómantík og framúrstefnulegri hörku. Litapallettan var klassísk og samanstóð af svörtum, gráum og hvítum tónum fyrir utan einn einasta fjólubláa kjól.





**1 FRAMÚRSTEFNULEG HÖNNUN** Burton blandar hér saman leðri og fjöðrum.

**2 RÓMANTÍK** Haustlína McQueen þótti í senn rómantísk og blætisleg.

**3 FALLEGUR DRUNGI** Sarah Burton þykir hafa staðið sig vel sem arftaki Alexanders McQueen.

**4 EINSTAKT HÁR** Hárhönnunin vakti engu minni athygli en fatnaðurinn sjálfur.

**5 HÆTTULEGIR HÆLAR** Hælarnir eru himinháir og hættulegir á að líta. Fallegir eru þeir þó.

**6 LEÐUR OG ÓLAR** Hér má sjá nærmynd af hönnun Burton. Leðurólar og rómantík blandast fallega saman.





# RAUÐA FJÖÐRIN

## LANDSSÖFNUN LIONS ER Í FULLUM GANGI




## NÝR ÍSLENSKUR TALGERVILL – BÆTT LÍFSGÆÐI – ÍSLENSK MÁLRÆKT

**Helgina 8.-10. apríl** stendur yfir landssöfnun Lions, Rauða fjöðrin, til styrktar TALGERVLA-verkefni Blindrafélagsins. Talgervill er tölvubúnaður sem breytir texta á tölvutæku formi í upplestur.

Nýr og vandaður íslenskur talgervill mun hafa mjög jákvæð áhrif á lífsgæði mörg þúsund blindra, sjónskertra, lesblindra og hreyfihamlaðra Íslendinga. Verkefnið er einnig verðmætt málræktarverkefni fyrir íslenska tungu á tölvuöld.

### HRINGDU OG LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM:

**1.000 KR. – 904 1010**
**3.000 KR. – 904 1030**
**5.000 KR. – 904 1050**

ÍSLENSKA/SIA.IS/ SJO 54297 04/11

Mikið úrval af LIMAR reiðhjóla-hjálmum!



Verð frá **4.990**

Vnr. 49620200

**Götuhjól 29.990**

28“ götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.

28“



Vnr. 49620204

**Fjallahjól 37.990**

Fjallahjól 24“, 21 gíra.

24“



12“



Vnr. 49602030

**Reiðhjól 19.990**

SO SWEET 12“ barnareiðhjól með hjálpardekkjum.

20“



Vnr. 49620206-7

**Fjallahjól 26.900**

BMX 20“ fjallahjól, 6 gíra, blátt eða rautt.

24“



Vnr. 49620202

**Reiðhjól 29.900**

Reiðhjól 24“, 18 gíra með Shimano gírabúnaði.

## Reiðhjól fyrir alla fást í BYKO!

**29.990**



26“

Vnr. 49620201

**Götuhjól**

26“ götureiðhjól, kvenhjól, 6 gíra með brettum og bögglabera.

**26“ kvenhjól með brettum, bögglabera og körfu**

Úrval af varahlutum og aukahlutum fyrir reiðhjól



Vnr. 49620203

**Fjallahjól 39.990**

26“ fjallahjól, 18 gíra.

26“



RALEIGH

Vnr. 49620039

**Reiðhjól 69.900**

FREERIDE kvenreiðhjól, AT20.

26“



## OUTDOOR CHEF Í BYKO!

Með sérstakri trekt er jöfn hitadreifing, maturinn brennur ekki því að eldurinn sleikir ekki grindina. Fitueldar heyra því sögunni til því að „litla trektin" stýrir fitunni niður í fitubakkann án þess að fara í eldinn. Fæst í BYKO Breidd og Kauptúni.



Kúlugrill með hitatrekt

Vnr. 50634640

**Gasgrill 39.900**

CITY gasgrill, svart.



Kúlugrill með hitatrekt

Vnr. 50634642

**Gasgrill**

PORTO 480 gasgrill, svart/grafit.

**69.990**



Kúlugrill með hitatrekt

Vnr. 50634644

**Gasgrill**

ASCONA 570 gas-grill, svart/silfur.

**149.990**

# Bestu BYKO kaupin!

Mikið úrval af GRILLPRO grillfylgihlutum

## Ótrúlegt úrval af grillum í BYKO!



2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630100

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Efri grind og hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgja. 6,2 kW.

**25.900**

**Nýtt BYKO blað er komið út**

BYKO blaðið er komið út með fullt af vörum fyrir vorið!



3 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630097

**Gasgrill 36.900**

SONSET SOLO gasgrill, með 3 brennurum.



2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50657144

**Gasgrill 39.900**

STERLING gasgrill með tvískiptum brennara.



2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630102

**Gasgrill 69.990**

OUTBACK gasgrill, 2 járnbrennarar.



Kolagrill

Vnr. 50632311

**Kolagrill 39.900**

OUTBACK OMEGA 200 kolagrill.



**19.900**

6 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630099

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari.

**Gashylki**

Nú er hægt að fá gashylki og áfyllingu í öllum verslunum BYKO á góðu verði.



5 eða 10 kg

BYKO



Sjónarhorn
Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

**LEGG ÉG Á OG MÆLI ÉG UM** Sagan af Búkollu er dæmi um gamalt ævintýri sem enginn veit í raun hver samdi. Það hefur þó notið mikilla vinsælda hjá mörgum kynslóðum Íslendinga og gerir enn, í það minnsta hjá nemendum 1. bekkjar Salaskóla í Kópavogi sem settu á svið sína uppfærslu af Búkollu í gær.


## ERT ÞÚ AÐ HUGSA UM AÐ FARA Í FRAMHALDSNÁM EN ÁTT EFTIR AÐ ÁKVEÐA ÞIG?

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



Við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands er boðið upp á óvenju fjölbreytt og skemmtilegt framhaldsnám þar sem nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, tileinka sér sjálfstæða, gagnrýna hugsun, víðsýni og frumleika sem nýtist í fjölbreytilegum störfum.

**Meistara- og doktorsnám í Félags- og mannvísindadeild:**

- **Blaða- og fréttamennska** (MA nám)
- **Félagsfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Hagnýt þjóðfræði** (MA nám)
- **Mannfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Norræn trú** (MA nám)
- **Þjóðfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Bókasafns- og upplýsingafræði** (MA, MLIS og Ph.D. nám)
- **Fötlunarfræði** (MA og Ph.D. nám)
- **Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningarfræði** (MA nám)
- **Náms- og starfsráðgjöf** (MA og Ph.D. nám)
- **Safnafræði** (MA og Ph.D.nám)
- **Þróunarfræði** (MA og Ph.D.nám)

Nemendur deildarinnar eiga möguleika á að taka þátt í rannsóknum á vegum kennara og framhaldsnemar starfa jafnvel sem aðstoðarkennarar.

Góð aðstaða er fyrir nemendur sem stunda nám í deildinni.

**Frestur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl nk.**
Rafrænt umsóknareyðublað er á heimasíðu Háskóla Íslands, www.hi.is.

Nánari upplýsingar um námsgreinar deildarinnar er að finna á heimasíðu deildar: **www.felagsogmannvis.hi.is** eða á deildarskrifstofu í síma 525-5444. Jafnframt má finna upplýsingar um hvaða námsleiðir bjóða upp á fjarnám.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

# ALLTAF BETRA VERÐ

msi

MSI CR610
- AMD Athlon Dual Core M320
- 2GB vinnsluminni
- 250GB diskur
- AMD HD4200 skjákort

**NÝLENT KYNNINGARTILBOÐ**

TILBOÐ

**79.990**

DRAUMAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM
**Nr. 9 frá Freyju**
*- meðan birgðir endast!*

---

TOSHIBA
15,6"

HDMI

TILBOÐ

**Toshiba Satellite L650-11C**
- Intel Core i5-540M örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 512MB AMD HD 5470 DX11 skjákort
- 15.6" WXGA LED skjár

**129.990**
FULLT VERÐ KR. 149.990

---

**NÝLENT ÓTRÚLEGT VERÐ**

acer
15,6"

**Acer Aspire 5742ZG-P614G50Mnkk**
- 2.0GHz Intel Pentium Dual-Core P6100
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 512MB AMD Radeon HD 5470 DX11

**99.990**

---

21.5"
LG

LG W2240S-PN
- Frábær 21,5" Full HD LG skjár

**24.990**

---



**ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS**

TILBOÐ

**Logitech MK320**
- Þráðlaust lyklaborð í fullri stærð - íslenskir stafir
- Hlaðið flýtitökkum s.s. reiknivél, e-mail og Media player
- USB og mús - 10m drægni

**5.990**
FULLT VERÐ KR. 9.990

---



TILBOÐ

**TURNTILBOÐ**

**ACE TURN Intel 4**
- CoolerMaster Centurion 5 II
- Intel Core i5 2400
- 4GB DDR3 Corsair minni
- 750GB WD Blue SATA3 diskur
- Dual layer DVD skrifari
- 1GB AMD Radeon HD6850 GDDR5 - DX11 skjákort
- USB 3.0, SATA 3
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkort
- Windows 7 Home Premium 64bit

**139.990**
FULLT VERÐ KR. 149.990

---

TILBOÐ



WD 2TB

**Frábær 2TB Western Digital flakkari**

**16.990**
FULLT VERÐ KR. 19.990

---

*Aðeins 1stk á mann á meðan birgðir endast!*

SAMSUNG



TILBOÐ

**1TB harður diskur á frábæru tilboðsverði**

**7.990**
FULLT VERÐ KR. 11.990

---

**VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |
|---|---|---|---|---|---|

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**62 GUÐNI ÁGÚSTSSON,** fyrrverandi ráðherra, er 62 ára.

*„Við erum perlan í veröldinni, að mínu mati, með frábærar vörur og hreint land og eigum mikla möguleika í gegnum það.“*

## Merkisatburðir

**1940** Þjóðverjar ráðast inn í Danmörku og Noreg.

**1942** Norska skipið Fanefeld ferst milli Bíldudals og Ísafjarðar og með því tveir Íslendingar og 22 Norðmenn.

**1963** Sextán íslenskir sjómenn farast þennan dag og þann næsta er aftakaveður með hörkufrosti.

**1967** Fyrsta Boeing 737 flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ HAUKAR 80 ÁRA: GALADANSLEIKUR Í KVÖLD

# Reyna að endurvekja andann sem ríkti á upphafsárinu 1931

Það var sunnudaginn 12. apríl 1931 að þrettán ungir piltar komu saman í KFUM-húsinu við Hverfisgötu í Hafnarfirði til að stofna nýtt íþróttafélag í bænum. Fyrsti formaður félagsins var kjörinn Karl Auðunsson. Á þriðja fundi félagsins var nafn þess ákveðið; Knattspyrnufélagið Haukar. Haukar fagna því áttatíu ára afmæli á þriðjudaginn og í kvöld verður galadansleikur á Ásvöllum af því tilefni.

Dansleikurinn er þó langt því frá það eina sem Haukar ætla að gera í tilefni afmælisins. „Við ákváðum strax í upphafi að það ætti ekki bara að vera einn ákveðinn viðburður til að fagna afmælinu, heldur ætluðum við að hafa þetta þematengt afmælisár,“ segir Elín Sigríður Óladóttir, formaður afmælisnefndar Hauka. „Við höfum reynt að hafa viðburðina með vísan til upphafsársins 1931 og höfum unnið í þeim takti. Við erum svona að reyna að endurvekja andann sem ríkti þá. Það var kreppa í samfélaginu þá líka, en menn voru samt sem áður að gera sér glaðan dag og koma saman og sáu ýmsa möguleika í stöðunni. Þeir létu ekki deigan síga og við höfum reynt að taka okkur það til fyrirmyndar.“

Meðal þess sem þegar hefur verið boðið upp á hjá Haukum er afmælisbingó, málþing um íþróttir fyrir alla, karlakvöld þar sem þemað var árið 1931 og opnun á sögusýningu Hauka sem verður opin næstu vikurnar á Ásvöllum. En aðalhátíðin verður í dag og svo á afmælisdaginn sjálfan 12. apríl. „Við byrjum í dag klukkan 11 með afmælishlaupi,“ segir Elín. „Það verður boðið upp á tvær vegalengdir, þrjá kílómetra fyrir krakkana og þá óvönu og átta kílómetra fyrir þá vönu. Í kvöld verður svo stórdansleikur og afmælisgleði þar sem þemað verður 1931 og allir hvattir til að mæta í klæðnaði sem minnir á þann tíma. Þar verður borðhald og flott skemmtiatriði og klukkan tólf verður húsið svo opnað fyrir almenning og Buffið leikur fyrir dansi fram á rauðanótt.“

Á þriðjudaginn, afmælisdaginn sjálfan, verður einnig mikið um dýrðir á Ásvöllum. „Þá verður hátíð fyrir alla fjölskylduna frá því klukkan fimm og til tíu um kvöldið,“ segir Elín. „Þeir sem stunda íþróttir hjá Haukum eru frá þriggja ára aldri og upp í nírætt og á afmælisdaginn ætlum við öll að koma saman og skemmta okkur. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.“

fridrikab@frettabladid.is



**Í AFMÆLISSKAPI** „Við höfum reynt að hafa viðburðina með vísan til upphafsársins,“ segir Elín Sigríður Óladóttir, formaður afmælisnefndar Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



†

*Þökkum öllum þeim sem heiðruðu minningu föðursystur okkar,*

**Sigríðar Klemenzdóttur**

**Rúna Bína, Anna Ingibjörg, Unnur, Jakobína, Jóhanna og Sigríður Sigtryggsdætur.**

---



†

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu Þórarinsdóttur**

Fögrubrekku 24, Kópavogi.

**Halldór S. Guðmundsson**
**Jónas H. Bragason** — **Guðrún Sólveig Guðmundsdóttir**
**Halla Ósk Halldórsdóttir** — **Geir Atli Zoëga**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Birnu Matthildar Eiríksdóttur**

áður til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Víðihlíð fyrir góða umönnun.

**Reynir Viðarsson** — **Anna Margrét Björnsdóttir**
**Björk Viðarsdóttir** — **Valdimar Freysson**
**Gígja Viðarsdóttir**
**Harpa Viðarsdóttir** — **Þorvaldur Jónsson**
**Ruth Viðarsdóttir** — **Teitur Birgisson**
**ömmu- og langömmubörn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, mágkona, amma, langamma og langalangamma,*

**Hrefna Vilhelmína Björgvinsdóttir**

Svínaskálahlíð 11, Eskifirði,

sem lést laugardaginn 2. apríl síðastliðinn, verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju mánudaginn 11. apríl kl. 14.

**Guðmundur Björgvin Stefánsson** — **Dóra Dröfn Böðvarsdóttir**
**Viktor Stefánsson**
**Stefán Ingvar Stefánsson** — **Gunnhildur Björk Jóhannsdóttir**
**María Hjálmarsdóttir**
**Sverrir Vilbergsson** — **Elín Þorsteinsdóttir**
**Haraldur Benediktsson** — **Brynja Halldórsdóttir**
**Ingvar Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Rós Einarsdóttir**

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala Hafnarfirði fimmtudaginn 7. apríl sl. Útförin tilkynnt síðar.

**Jónatan Kristjánsson**
**Ingibjörg Jónatansdóttir** — **Sigurbjörn Jónsson**
**Einar Þór Jónatansson** — **Brynhildur Birgisdóttir**
**Björg Jónatansdóttir** — **Jón Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Solveig Pétursdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 6. apríl síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

**Ingunn Péturs** — **Óðinn Sörli Ágústsson**
**Helga Rúna Péturs** — **Valdimar Agnar Valdimarsson**
**Gabríel Pétur Óðinsson og Tinna Björt Valdimarsdóttir**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Alfreð Kristjánsson**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést föstudaginn 1. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Kristín Alfreðsdóttir** — **Högni Reynisson**
**Jón Alfreðsson** — **Kristín Nielsen**
**Anna Alfreðsdóttir** — **Gísli Kvaran**
**Sigríður Alla Alfreðsdóttir** — **Gissur Þór Ágústsson**
**Aðalbjörg Alfreðsdóttir** — **Haukur Þórisson**
**og afabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Pétur Guðmundsson**

verkfræðingur,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk aðfaranótt þriðjudagsins 5. apríl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Steinunn H. Ólafsdóttir**
**Margrét Pétursdóttir** — **Ómar Þór Árnason**
**Sverrir Pétursson** — **Fríðgerður Baldvinsdóttir**
**Guðmundur Þór Pétursson** — **Harpa Guðmundsdóttir**
**og barnabörn**

# HJÓLHÝSI OG HÚSBÍLAR !

## OPIÐ LAUGARDAGA 12 TIL 16 - SUNNUDAGA 13 TIL 17







HÚSBÍLL ÁRSINS 2011

BÜRSTNER IXEO TIME IT 585. ÓTRÚLEGA RÚMGÓÐUR OG VEL SKIPULAGÐUR HÚSBÍLL.




NÝTT FYRIRKOMULAG HJÓLHÝSA FRÁ BURSTNER SEM HLOTIÐ HEFUR FJÖLDA VERÐLAUNA!




SVEFNRÝMI FYRIR ALLT
AÐ 7 MANNS!



FERÐAVARA Í GRÍÐALEGU ÚRVALI.



TILBOÐSVERÐ
29.950
VERÐ ÁÐUR 44.950

O-GRILL 3000
VINSÆLUSTU FERÐAGRILLIN



MIKÐ ÚRVAL AF LITLUM HJÓLHÝSUM

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns, bróður, mágs, föður, tengdaföður og afa,*

**Hjálmars Víkings Hjálmarssonar**

Hábergi 3, Reykjavík.

Útförin fór fram í kyrrþey að hans ósk.

**Anna Andrésdóttir**
**Erla Hlín Hjálmarsdóttir** **Trausti Bertelsson**
**Kristjana Andrésdóttir**
**Rósa Margrét Hjálmarsdóttir** **Jón Halldór Björnsson**
**Erla Hlín Hjálmarsdóttir** **Davíð Bjarnason**
**Kristín Björg Pétursdóttir**
**Andrea Pétursdóttir** **Ársæll Magnússon**
**Jón Pétursson** **Sigrún Linda Guðmundsdóttir**
**og barnabörn**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Elínóra Hjördís Harðardóttir**

Böggvisbraut 10, Dalvík,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 5. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 10.30. Innilegar þakkir til Heimahlynningar á Akureyri fyrir góða umönnun og einnig Krabbameinsfélags Akureyrar.

**Pétur Þ. Stefánsson**
**Berglind Pétursdóttir** **Örvar Þór Sveinsson**
**Hörður Pétursson** **Johanna Engström**
**María Rakel Pétursdóttir** **Guðmundur Helgason**
**Hörður Gíslason** **Sigurbjörg Edda Óskarsdóttir**
**og ömmubörn**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,*

**Ólafur Óskar Halldórsson**

Hraunbæ 128, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Sylvía Kristín Ólafsdóttir** **Kjartan Björgvinsson**
**Astrid Helene Ólafsdóttir** **Lasse Eriksen**
**Grete Sjursen** **Stig Sjursen**
**Sigurður Óskar Halldórsson** **Ester Tryggvadóttir**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Brynjólfur Guðbjörnsson**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir** **Oddur Gunnarsson**
**Bjarni Halldórsson** **Erna Böðvarsdóttir**
**Ásrún Laila Awad**
**og barnabörn**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Helgu Kristjánsdóttur**

Starfsfólki á A3 á Hrafnistu í Reykjavík og Dvalarheimilinu Eir færum við þakkir fyrir góða umönnun.

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Kristján Helgason**
**Sigurður Þórir Þorsteinsson** **Hildur Hrönn Oddsdóttir**
**Halldór Örn Þorsteinsson** **Lilja Björg Sigurjónsdóttir**
**Erna Þórey Sigurðardóttir**
**Eiður Þorsteinn Sigurðsson**
**Alexandra Mist Halldórsdóttir**
**Helga Karen Halldórsdóttir**
**Emma Sóley Halldórsdóttir**



**FRÁ JAPAN** Hamfarirnar þar hræra við mörgum sem langar að leggja eitthvað af mörkum.

# Tónleikar og dans til styrktar Japan

Styrktardagskrá vegna hjálparstarfs í Japan verður haldin í Vetrargarði Smáralindarinnar í dag. Þar koma fram sjö hljómsveitir, trúbador, plötusnúður og dansarar auk nemenda úr Söngskóla Reykjavíkur. Frítt er inn en bæði posar og söfnunarbaukar verða á staðnum fyrir frjáls framlög sem renna beint í hjálparsjóð Rauða krossins. Einnig verður markaður á svæðinu með handgerða skartgripi og fleira.

Elvar Bragi Bjarkason, nemi í Menntaskólanum við Hamrahlíð, er upphafsmaður þessa viðburðar. „Ég var bara að horfa á fréttirnar af hamförunum í Japan og fannst ég verða að gera eitthvað til hjálpar. Hugmynd minni um styrktarsamkomu var strax vel tekið innan MH og margir skemmtikraftanna tengjast skólanum. Rauði krossinn var rosalega samvinnuþýður og sama er að segja um forsvarsmenn Smáralindar, sem lána okkur Vetrargarðinn frítt.“

Söfnunin byrjar í Smáralindinni í dag klukkan 11 en dagskráin klukkan 12 og stendur til klukkan 18. - gun

# Lambsgærur, gallabuxur og prjónavörur á flóamarkaði

Flóamarkaður verður haldinn í dag, 9. apríl, á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi þar sem öllum er frjálst að koma að kaupa og selja. Flóamarkaðir hafa notið mikilla vinsælda síðustu árin og hafa verið haldnir bæði utan- og innandyra, svo sem á Klambratúni, í félagsmiðstöðvum og á útivistarsvæðum í hverfum Reykjavíkurborgar.

Markaðurinn á Eiðistorgi hefst klukkan 11 og lýkur klukkan 17 en þau sem standa fyrir markaðinum hafa góða reynslu af því að halda sjálfstæða flóamarkaði hér í borg. Það eina sem seljendur þurfa að mæta með, fyrir utan góss sitt, er söluborð og slár, en sölupláss er ókeypis.

Rauða ljónið verður með pítsur til sölu og slysavarnarkonur sjá um sölu á kaffi og kruðerí. Nú þegar er vitað af ýmsum spennandi varningi til sölu, svo sem fatalager úr Karen Millen, skartgripum, lambsgærum, prjónavörum, úrvali af gallabuxum og mörgu fleiru.

- jma



**EIÐISTORG Á MORGUN** Flóamarkaðir hafa verið vinsælir síðustu árin þar sem ýmiss konar varningur er seldur bæði utan- og innandyra.



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Sigurðsson**

Staðarbakka 20,

andaðist á Landspítalanum að morgni miðvikudagsins 6. apríl.

**Jóhanna Stefánsdóttir og fjölskylda.**



*Elskulegur faðir minn, sonur okkar og bróðir,*

**Vilmundur Karl Róbertsson**

Vatnsnesvegi 27, Keflavík,

lést sunnudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 13. apríl kl. 14.00.

**Brynjar Már Vilmundarson**
**Þórunn Ólafsdóttir**
**Róbert Tómasson** **Linda Björk Guðjónsdóttir**
**Lára Brynjarsdóttir** **Einar Júlíusson**
**Kristinn Bjarnason** **Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Óskar Róbertsson** **Sigrún Ásmundsdóttir**
**Hermann Helgason** **Rúna Einarsdóttir**
**Guðrún Lára Róbertsdóttir** **Lasse Daniel Kristensen**



*Minn yndislegi eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristófer Sturla Jóhannesson**

Stóragerði 36, Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 7. apríl síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útför verður tilkynnt síðar. Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki á deild 13-E fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Þorbjörg Sveinsdóttir**
**Kristín Kristófersdóttir** **Jónas Jónasson**
**Guðrún Kristófersdóttir** **Javier Casanova**
**Jóhannes Kristófersson** **Berglind Björk Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Ingibjörg Vilhjálmsdóttir**

frá Brandaskarði,
til heimilis að Árnastíg 8, Grindavík,

andaðist að heimili sínu fimmtudaginn 7. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Vilhelm Garðarsson**
**Vilhjálmur Sigurðsson** **Helena Reykjalín Jónsdóttir**
**Jens Sigurðsson**
**Garðar Hallur Sigurðsson** **Þóra Kristín Sigvaldadóttir**
**Jóhanna Harpa Sigurðardóttir** **Kristján Steingrímsson**
**Hjalti Páll Sigurðsson** **Unnur Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Minn yndislegi eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Carl A. Bergmann**

úrsmiður,
Rauðhömrum 14, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á heimahlynningu LSH í s. 543-1159.

**Guðrún K. Skúladóttir**
**Skúli Bergmann** **Soffía Traustadóttir**
**Guðmundur K. Bergmann** **Hugrún Davíðsdóttir**
**Helga Bergmann** **Karl Dúi Karlsson**
**Bryndís Bergmann** **Pétur Gísli Jónsson**
**Lilja M. Bergmann** **Ólafur Þór Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Pálsson**

Áshamri 55,

lést á Heilbriðisstofnuninni í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 6. apríl. Útförin fer fram frá Landakirkju föstudaginn 15. apríl kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórey Guðrún Björgvinsdóttir.**




# PHILIPS



## AMBILIGHT BAKLÝSING

Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

**Philips 32PFL7605H**
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

**TILBOÐ 159.995**
FULLT VERÐ 229.995

ambi light · Pixel Precise HD · 100Hz CLEAR LCD 2ms · HD Natural Motion · Full HD 1080p · 20W RMS SOUND · Net TV · dlna CERTIFIED · DVB T/C TERRESTRIAL/CABLE

**37" Philips 37PFL7605H** — TILBOÐ 229.995 — FULLT VERÐ 279.995

**42" Philips 42PFL7655H** — TILBOÐ 249.995 — FULLT VERÐ 299.995

**46" Philips 46PFL7605H** — TILBOÐ 349.995 — FULLT VERÐ 449.995

# FRÁBÆRT ÚRVAL MYNDAVÉLA



## OLYMPUS

**Olympus VG110**
- 12 milljón punkta upplausn
- Stór 2,7" LCD skjár
- Hreyfimyndataka
- Notar Lithium hleðslurafhlöðu
- USB tengi

**TILBOÐ 14.995**
FULLT VERÐ 16.995

## Panasonic

ÚTSKIPTANLEGAR LINSUR

**Panasonic DMCG10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, HD hreyfimyndatöku, AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, 3" skjá, Live View Finder, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, allt að 400 mynda rafhlöðu, kortarauf, mini HDMI og USB 2.0.

**TILBOÐ 79.995**
FULLT VERÐ 99.995




MICRO FOURTHIRDS



## Nikon

**Nikon S2500**
Með 12 milljón punkta upplausn, 2,7" LCD skjá, NIKKOR linsu,4x skerpu, EXPEED C2 myndvinnslu, 4x Optical og 7x Digital Zoom, hreyfiskynjun, AF-eltifókus, ISO-3200, hreyfimyndatöku, 16MB minni, kortarauf, USB, ísl. leiðarvísi ofl.

**TILBOÐ 19.995**
FULLT VERÐ 22.995



## Panasonic

**TILBOÐ 34.995**
FULLT VERÐ 59.995




**Panasonic DMCZX3**
- Ótrúleg vél á frábæru verði
- Hágæða LEICA linsa
- Power O.I.S hristivörn
- 8xOptical aðdráttur
- AVCHD Lite háskerpu hreyfimyndataka

LEICA LINSA

**VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA**

**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# AÐEINS

TILBOÐIN GILDA 09.04 - 10.04



GEYMSLUBOX
**5.995**

**Geymslubox**
Gott geymslubox úr plasti. Stærð: 119 x 45 x 58 sm.

**DOVER borð + sófi + 2 stólar + sessur**
Stílhreint og flott garðhúsgagnasett á frábæru verði!. Settið samanstendur af sófa, 2 stólum, borði og sessum. Stærð á borði: B59 x L92 x H43 sm.



SPARIÐ **20.000**

SESSUR FYLGJA

NÝTT

ALLT SETTIÐ
FULLT VERÐ: 69.990
**49.990**



FRÁBÆRT VERÐ!

LUPIN PLASTKARFA
**795**

**LUPIN plastkörfur**
Stærð: Ø37 x H30 sm.



**RUFINA blómapottar**
Stærð: B38 x D38 sm.

RUFINA BLÓMAPOTTUR
**3.495**



SPARIÐ **1.000**

**Blómapottur**
Lengd: 65 sm.

BLÓMAPOTTUR ÁÐUR: 5.995
**4.995**



STÆRÐ: 80 X 170 SM.
**1.695**

MIKIÐ ÚRVAL AF MYRKVUNAR-GARDÍNUM! MARGIR LITIR!



1 VÆNGUR 140 X 175 SM.
**3.995**

**MOLLIE sængur-verasett**
Efni: 100% polyester-míkrófíber. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



SÆNGUR-VERASETT
**1.495**

**MEGAN myrkvunargardínur**
Góðar myrkvunargardínur, fást í svörtu og beige. Stærðir:
80 x 170 sm. **1.695,-** 100 x 170 sm. **1.995,-**
120 x 170 sm. **2.495,-** 140 x 170 sm. **2.995,-**
180 x 170 sm. **3.995,-** 90 x 210 sm. **2.495,-**

**SASJA myrkvunargardínur**
Frábærar, þykkar og góðar myrkvunargardínur sem halda birtunni úti. Gardínurnar fást í 3 litum: Gráar, kremaðar og svartar.
Stærð: 1 x 140 x 175 sm. 1 vængur í pakka.

# ÓDÝRARI!



NÝTT

SPARIÐ 40.000

3 + 2 SÓFASETT
FULLT VERÐ: 149.900
**109.900**

**ALVA sófasett 3 + 2**
Fallegt sófasett með hvítu tauáklæði.
Stærð á 2ja sæta: B167 x D90 x H89 sm. **69.950,-**
Stærð á 3ja sæta: 210 x D90 x H89 sm. **79.950,-**



SPARIÐ 2.955

VENJULEGT VERÐ: 12.950
**9.995**

**MAGNUS skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur.



Royal Queen

SPARIÐ 45.000

STÆRÐ: 120 X 200 SM.

VENJULEGT VERÐ: 144.950
**99.950**

**ROYAL QUEEN amerísk dýna**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði. Áföst, 14 sm. þykk yfirdýna. U.þ.b. 200 LFK pokagormar pr. m$^2$ í dýnu og yfirdýnu. Tvöfalt gormalag sem eykur endingu og þægindi. Fætur fylgja með.



STÆRÐ: 220 X 260 SM.
**2.995**

**POLLY rúmteppi**
Smart, einlitt rúmteppi með ísaumuðu mynstri. Litur: Fjólublár. Efni: 100% polyester. Stærðir: 220 x 260 sm. **2.995,-** / 260 x 260 sm. **3.495,-**

## MINNUM Á ENDURBÆTTA VERSLUN Á SMÁRATORGI!



mascot

SPARIÐ 795

SÆNG OG KODDI

SÆNG OG KODDI ÁÐUR: 4.790
**3.995**

**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi. Fylling: Fíngerðar holtrefjar. Þyngd: 1200 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **3.495,-**
Koddi: 50 x 70 sm. **1.295,-**



SOKKAR 8 PÖR VERÐ AÐEINS:
**1.495**

8 PÖR

FRÁBÆRT VERÐ!

**Dömu- og herrasokkar**
Góðir, svartir dömu- og herrasokkar. 8 pör saman í pakka. Stærðir: 37-46.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**HTTP://KIDS.YAHOO.COM/GAMES**
er vefsíða með ýmsum fríum tölvuleikjum.








## BRANDARAKISTAN

**Af hverju hafa fílar rana?**
**Af því þeir hafa enga vasa til að geyma hluti í.**

**Af hverju stökk fíllinn ofan í vatnið þegar byrjaði að rigna?**
**Til að blotna ekki.**

**Hvað gera fílar á kvöldin?**
**Horfa á sjónvarpið.**

**Dýrahirðirinn: „Ég hef týnt einum fílnum mínum."**

**Annar dýrahirðir: „Af hverju auglýsirðu ekki í blaðinu?"**
**Dýrahirðirinn: „Ekki vera vitlaus, hann kann ekkert að lesa."**

**Drengur með fíl á hausnum kemur til læknis.**
**Læknirinn: „Þú þarft greinilega á hjálp að halda!"**
**„Ég veit," segir fíllinn, „taktu þennan krakka af fætinum á mér."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***



**Grunnurinn að góðri pizzu**
**Íslensk framleiðsla á betra verði.**

# ERFITT AÐ ÆFA MIKIÐ EN ÞAÐ SKILAR SÉR

**Hljómsveitin Samaris bar sigur úr býtum á Músíktilraunum 2011 um síðustu helgi. Í henni eru Áslaug Rún Magnúsdóttir, Jófríður Ákadóttir og Þórður Kári Steinþórsson sem öll eru nemendur í MH. Krakkasíðan tók þau í yfirheyrslu.**

***Eruð þið öll búin að læra lengi á hljóðfæri?*** „Já, við erum báðar búnar að æfa á klarinett í langan tíma," segja Áslaug og Jófríður. „Áslaug spilar líka á fagott og ég æfi á píanó," segir Jófríður. „Ég kenndi mér sjálfur að spila á píanó, hef lært á básúnu og harmóníku og líka á gítar. Núna er ég að læra að gera tölvutónlist," segir Þórður.

***Hvað á maður að gera ef mann langar til að stofna hljómsveit?*** „Maður finnur bara einhverja góða vini sem eiga hljóðfæri og byrjar bara að spila. Það geta allir gert eitthvað á hljóðfæri."

***Þarf ekki að æfa rosalega mikið fyrir svona keppni?*** „Jú, æfingin skapar meistarann. Við þurftum að æfa okkur rosa mikið því við vildum standa okkur vel á sviðinu. Við fórum yfir það sem betur mátti fara síðan á undankvöldinu og bættum það, sem skilaði sér svona líka vel. Það getur verið erfitt að þurfa að æfa sig svona mikið en það er gaman á endanum því þá gengur manni vel."

***Bjuggust þið við því að vinna?*** „Við bjuggumst ekkert við því að vinna og það kom mjög mikið á óvart."

***Hvernig tilfinning er það að vinna?*** „Það er auðvitað mjög gaman að vinna en þetta snýst meira um að hafa gaman af og taka þátt. Það sem er skemmtilegast við það að vinna er að vita að maður gerði sitt besta og það skilaði góðum árangri."

***Hver er uppáhaldsmúsíkin ykkar?*** „Við hlustum á alls konar tónlist," segja þau í kór. „Uppáhaldshljómsveitin mín er Maus, sem vann líka músíktilraunir fyrir mörgum árum, en annars hlusta ég mest á raftónlist," segir Þórður. „Við Doddi fílum bæði Trentemöller og Jófríður hlustar mjög mikið á Stereolab," segir Áslaug.

***Ætlið þið bráðum að gefa út disk?*** „Við erum ekki búin að ákveða hvenær en það væri mjög gaman að gefa út disk!"

> Það er auðvitað mjög gaman að vinna en þetta snýst meira um að hafa gaman af og taka þátt. Það sem er skemmtilegast við það að vinna er að vita að maður gerði sitt besta og það skilaði góðum árangri.



## SPURNINGALEIKUR

1. Hvað heitir stúlkan sem Vilhjálmur Bretaprins ætlar að kvænast í apríl?
2. Hvert er raunverulegt skírnarnafn hennar?
3. Hvað er hún gömul?
4. Hvar kynntust hún og Vilhjálmur prins?
5. Hvað eru þau búin að vera lengi kærustupar?
6. Hvernig var kjóllinn á litinn sem hún klæddist þegar þau tilkynntu trúlofun sína?
7. Hver átti áður trúlofunarhringinn hennar?
8. Hvar ætla þau að gifta sig?
9. Hver verður brúðarmeyja hennar?
10. Hver verður svaramaður Vilhjálms prins?



**Svör:**
1. Kate Middleton.
2. Catherine.
3. 29 ára.
4. Í Háskólanum í St. Andrews í Skotlandi.
5. Í næstum átta ár.
6. Blár.
7. Díana móðir Vilhjálms.
8. Westminster-klaustri.
9. Pippa Middleton, systir Kate.
10. Harry bróðir hans.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Vortilboð

MJÚKT OG ÞÆGILEGT MEÐ LAZBOY®

NÝIR STÓLAR, NÝ ÁKLÆÐI!
Líttu við og láttu fara vel um þig.



25% AFSLÁTTUR

79.990
FULLT VERÐ: 109.990

LAZBOY
**AMITY** La-z-boy, fæst með brúnu, natur og rauðu áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.



30% AFSLÁTTUR

79.990
FULLT VERÐ: 119.990

LAZBOY
**MORGAN** La-z-boy, fæst með brúnu, grænu og vínrauðu áklæði. B:90 D:90 H:100 cm.



25% AFSLÁTTUR

89.990
FULLT VERÐ: 119.980

LAZBOY
**LAWRENCE** La-z-boy, fæst með ljósbrúnu og dökkbrúnu áklæði. B:92 D:95 H:106 cm.



30% AFSLÁTTUR

109.990
FULLT VERÐ: 159.980

LAZBOY
**STANLEY** La-z-boy, fæst með hvítu, svörtu, dökkbrúnu og vínrauðu leðri. B:80 D:85 H:105 cm.



25% AFSLÁTTUR

89.980
FULLT VERÐ: 119.980

LAZBOY
**PINNACLE** La-z-boy, fæst með natur, rauðu og brúnu áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.



20% AFSLÁTTUR

63.990
FULLT VERÐ: 79.990

LAZBOY
**ANDERSON** La-z-boy, fæst með brúnu áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.



25% AFSLÁTTUR

159.990
FULLT VERÐ: 219.990

**RHODA** svefnsófi, natur og brúnt áklæði. B:180 D:88 H:94 cm.



40% AFSLÁTTUR

179.980
FULLT VERÐ: 299.980

**CARLIN** sjónvarpssófi, natur áklæði. B:190 D:94 H:96 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

EXPO • www.expo.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hluti, 6. átt, 8. púka, 9. lúsaegg, 11. tveir eins, 12. yfirstéttar, 14. afkima, 16. tveir eins, 17. löng, 18. illæri, 20. tveir eins, 21. krukka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elska, 3. slá, 4. frægð, 5. skítur, 7. deilur, 10. verkur, 13. umrót, 15. sjá eftir, 16. stækkaði, 19. ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. brot, 6. nv, 8. ára, 9. nit, 11. ðð, 12. aðals, 14. skoti, 16. jj, 17. sið, 18. óár, 20. rr, 21. krús.

**LÓÐRÉTT:** 1. unna, 3. rá, 4. orðstír, 5. tað, 7. viðsjár, 10. tak, 13. los, 15. iðra, 16. jók, 19. rú.


PÁLL ÓSKAR Í PERLUNNI



Það er aðeins ein sneið af frábærri dagskrá á 10 ára afmælishátíð Fréttablaðsins 16. apríl í Perlunni. **Fylgstu með!**

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft






Sölusérfræðingur í hurðadeild

Egill Árnason ehf rekur sérhæfða verslun með parket, flísar, innihurðir og sérverkefna-deild að Suðurlandsbraut 20 í Reykjavík. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og hefur ávallt lagt kapp á að vera með vandaða vöru og bestu fáanlegu vörumerkin í hverjum flokki fyrir sig.

Egill Árnason er fjölskyldufyrirtæki sem byggir á áratuga reynslu og þekkingu á sínum markaði. Hjá fyrirtækinu starfar einvala lið sérfræðinga á sínu sviði sem hafa það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við sölu á hágæða vörum.

Hæfniskröfur:

Framúrskarandi þjónustulund.
Reynsla af erlendum samskiptum er æskileg.
Færni í skrifaðri og talaðri ensku.
Þekking á íslenskum innihurðamarkaði er kostur.
Snyrtimennska og hæfni í mannlegum samskiptum.

Ábyrgðarsvið:

Sala í verslun Egils Árnasonar.
Yfirumsjón með hurðadeild félagsins.
Yfirferð og eftirfylgni á birgðum hurðadeildar.
Umsjón með öllum sérpöntunum deildarinnar.

Umsóknir óskast sendar fyrir 26. apríl á ae@egillarnason.is eða á Egill Árnason ehf, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Einarsson, Framkvæmdastjóri í síma 821-1414

**Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.**

Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500
www.egillarnason.is


# Klikkuð áfengislöggjöf

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um herta áfengislöggjöf. Verði frumvarpið samþykkt verður bannað að auglýsa óáfenga drykki sem seldir eru í eins umbúðum og áfengir drykkir. Tilgangur frumvarpsins er að koma í veg fyrir að áfengi sé auglýst með óbeinum hætti, eins og tíðkast hefur.

**ÞAÐ** er auðvitað yfirgengilega vitlaust að mega ekki auglýsa það sem er löglegt. Ennþá vitlausara er að mega ekki auglýsa það sem þarf *ekki* sérstakt leyfi til að selja, eins og til dæmis léttöl. Í ljósi settra og væntanlegra laga er hjákátlegt að áfengi *sé* auglýst í miklum mæli hér á landi í gegnum erlenda fjölmiðla. Tímaritið Rolling Stone má auglýsa bjór á Íslandi en Mannlíf má það ekki.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hafa sett sérstakar reglur um áfengisauglýsingar í staðinn fyrir að leggja til að þær séu bannaðar. Samkvæmt reglunum má hvorki gefa í skyn að áfengi hafi jákvæð áhrif á líkama né aksturshæfileika. Þá má ekki láta líta út fyrir að áfengi leysi deilur fólks eða hafi læknandi áhrif. Loks er stranglega bannað að gefa í skyn að áfengisneysla sé ávísun á kynferðislega sigra.

**EFTIRFARANDI** auglýsing er semsagt ólögleg samkvæmt reglunum: Renglulegur maður maður gengur inn á líkamsræktarstöð. Viðstaddir fylgjast flissandi með þegar hann gengur inn í tækjasalinn með leðurtösku á öxlinni. Hann sest niður við stærstu lóðin, rífur í leðurtöskuna, rennir frá og tekur upp glansandi bjórkippu. Hann opnar einn ískaldan og sturtar upp í sig af miklum móð, vöðvarnir tútna út og hann byrjar að pumpa lóðunum.

**SKYNDILEGA** þagnar tónlistin og óþekktur maður gengur hægum skrefum inn. Þetta er faðir mannsins og þeir eru ekki sáttir. Hann horfir í augu föður síns og tekur svo upp tvo bjóra í viðbót. Þeir skála sáttir. Loks gengur fönguleg stúlka inn í líkamsræktarstöðina. Söguhetjan gefur merki um að hann þurfi næði áður en hann sturtar í sig síðasta bjórnum og flekar stúlkuna með áfengisdrifnum persónutöfrum sínum.

**ÞAÐ** ætti ekki að vera erfitt fyrir áfengisframleiðendur og -birgja að fara *ekki* þessa klikkuðu leið í auglýsingum sínum. Klikkaðra er að setja lög sem skapandi auglýsingastofur eiga í engum vandræðum með að finna leið hjá.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Britney Spears orðin ráðsett

Bandaríska söngkonan Britney Spears gaf nýverið út nýja geislaplötu sem nefnist Femme Fatale. Hún vinnur nú hörðum höndum við að kynna plötuna og veitti þar á meðal tímaritinu US Weekly viðtal þar sem hún segir meðal annars frá sambandi sínu og Jasons Trawick og móðurhlutverkinu.

„Ég er ströng með sumt og minna ströng með annað. Ætli ég sé ekki einhvers staðar í miðjunni. Jason er líka alveg frábær með strákana og þeir líta mjög upp til hans,“ sagði söngkonan, sem er ánægð með lífið og tilveruna um þessar mundir. Hún segir samband sitt og Trawicks ganga vel og að þau séu ekkert frábrugðin öðrum pörum. „Hann kemur mér til að hlæja og okkur líður vel saman. Okkur finnst skemmtilegast að hanga heima, horfa á kvikmyndir og fara út að borða með vinum okkar. Okkur finnst líka mjög gott að komast aðeins burt um helgar og þá til Las Vegas, Hawaii eða Mexíkó.“



**ÁNÆGÐ MEÐ LÍFIÐ** Britney Spears er ánægð með lífið og tilveruna um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þurfti að fresta för

Leikkonan Reese Witherspoon hefur frestað brúðkaupsferðinni sökum kynningarvinnu í kringum nýjustu mynd sína Water for Elephants. Leikkonan gekk nýverið í það heilaga með umboðsmanninum Jim Toth, en þetta er í annað sinn sem hún festir ráð sitt. Á blaðamannafundum í kringum myndina, sem Witherspoon leikur í ásamt Twilight-stjörnunni Robert Pattison, tók leikkonan seinkuninni með jafnaðargeði. „Bráðum held ég á vit ævintýranna með elskunni minni og ykkur er ekki boðið með í þetta skiptið,“ sagði Witherspoon glettin við blaðamennina.



**KYNNIR NÝJA MYND** Reese Witherspoon komst ekki á réttum tíma í brúðkaupsferðalagið sitt vegna vinnu. NORDICPHOTOS/GETTY



**VILL GIFTAST** Ryan Seacrest og kærasta hans leita aðstoðar sálfræðings með vandamál sín. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á krossgötum

**Sjónvarpsmaðurinn Ryan Seacrest og kærasta hans, Julianne Hough, hafa ákveðið að heimsækja sálfræðing saman áður en þau ganga í heilagt hjónaband. Að sögn vina stenda þau nú á krossgötum og vita ekki í hvorn fótinn þau eiga að stíga.**

**„Ryan er tilbúinn til að giftast Julianne en hún er ung, heilum fjórtán árum yngri en hann. Hann vill aðeins giftast einu sinni og þráir að vita hvort hún sé tilbúin í það þrátt fyrir ungan aldur,“ var haft eftir vini þeirra. Seacrest og Hough hafa því ákveðið að leita aðstoðar sálfræðings til að fá botn í málið.**



**HARÐHAUSAR** Sylvester Stallone, Bruce Willis og Mickey Rourke á frumsýningu The Expendables.

# Tvö ár á milli frumsýninga

**Framhaldsmyndin The Expendables 2 verður frumsýnd í Bandaríkjunum 17. ágúst á næsta ári. Fyrri myndin leit dagsins ljós 19. ágúst í fyrra og verða því nánast tvö ár upp á dag á milli frumsýninganna. Talið er að flestir leikararnir úr fyrri myndinni endurtaki hlutverk sín í The Expendables 2, þar á meðal Sylvester Stallone, Jason Statham og Jet Li. Stallone mun þó ekki sitja aftur í leikstjórastólnum. Líklegt er að Bruce Willis og Arnold Schwarzenegger fái stærri hlutverk í myndinni, sem aðdáendur alvöru hasarmynda bíða eftir með mikilli eftirvæntingu.**




**BRYNDÍS OG EDDA Á TÍBRÁRTÓNLEIKUM** Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari leika verk eftir Franz Liszt, Frank Bridge, Bohuslav Martinu og Benjamin Britten á Tíbrártónleikum í Salnum klukkan 17 í dag. Á efnisskránni eru meðal annars verkin La Romance oubliée og La Lugubre Gondola og Sónata fyrir selló og píanó í d-moll. Á tónleikunum mun Bryndís Halla spila í fyrsta sinn opinberlega á selló sem fiðlusmiðurinn Hans Jóhannsson smíðaði.

# Viðmið í Mosfellsbæ

Viðmið nefnist sýning Auðar Vésteinsdóttur sem opnuð var í Listasal Mosfellsbæjar á dögunum. Á sýningunni eru ný samklippsverk. Auður notar land- og sjókort sem leiðarstef til að lýsa margbreytilegum formum sem hverfult veðurfar varpar á land og sjó.

Auður lauk námi frá textíldeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og kennsluréttindum frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur haldið á annan tug einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum hér heima og erlendis.

Auður Vésteinsdóttir ræðir sýningu sína í Listasalnum laugardaginn 16. apríl næstkomandi klukkan 13.30.

TÓNLEIKAR Í DAG

Stórsveitamaraþon

Yfir 150 flytjendur, ungir sem aldnir taka þátt í árlegu Stórsveitamaraþoni Stórsveitar Reykjavíkur í dag í Perlunni. Fjölbreytt dagskrá og tónlist við allra hæfi.

RÖÐ OG TÍMI STÓRSVEITA:
13:00 Stórsveit Reykjavíkur
13:30 Stórsveit Suðurlands
14:00 Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
14:30 Big band Tónlistarskóla Seltjarnarness
15:00 Stórsveit Vestmannaeyja
15:30 Stórsveit eldri borgara
16:00 Stórsveit Skólahljómsveita Reykjavíkurborgar
16:30 Stórsveit Tónlistarskólans í Garðabæ
17:00 Stórsveit Tónlistarskóla FÍH

Perlan í dag
Laugardag 9. apríl. kl. 13:00-17:30
Aðgangur ókeypis

Tónlistarsjóður
Styrkt af Reykjavíkurborg






**UPPHEIMAMENN** Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Þorleifur Rúnar Örnólfsson framkvæmdastjóri og Kristján Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ljóðin eru ekki til að græða á

**Ljóðaunnendur fá eitthvað fyrir sinn snúð í apríl, því forlagið Uppheimar gefur út fimm ljóðabækur í mánuðinum. Von er á verki eftir Ísak Harðarson þegar nær dregur hausti.**

Bókaforlagið Uppheimar gefur út fimm nýjar ljóðabækur í apríl. Á dögunum kom út hjá Uppheimum nýtt ljóðaþýðingasafn Gyrðis Elíassonar, *Tunglið braust inn í húsið*. Á föstudag, í byrjun viku bókarinnar, koma út fjórar nýjar ljóðabækur til viðbótar: *Kafbátakórinn* eftir Steinunni G. Helgadóttur, handhafa Ljóðstafs Jóns úr Vör; *Blindir fiskar*, önnur ljóðabók Magnúsar Sigurðssonar; *Höfuð drekans á vatninu* eftir Guðbrand Siglaugsson og *Marlene og ég* eftir Gunnar M.G. Þá verður bók Eyþórs Árnasonar, *Hundgá úr annarri sveit*, endurútgefin, en hún hefur verið ófáanleg um skeið.

Óvanalegt er að svo margar ljóðabækur komi út hjá einu og sama forlaginu utan vertíðarinnar fyrir jól. Aðalsteinn Svanur Sigfússon, sem stendur að Uppheimum ásamt Kristjáni Kristjánssyni, segir hins vegar að ljóðin hafi verið það sem rak þá félaga í útgáfustarfsemi.

„Við erum í þessum bisness af bókmenntaástríðu," segir Aðalsteinn. „Við erum báðir skáld og bókmenntamenn og þetta er það sem okkur finnst skemmtilegast, að gefa út góðar ljóðabækur og bókmenntaverk."

Ljóðabækur tróna sjaldan á toppi metsölulista. Spurður hvort þeir Kristján trúi á ljóðabókina sem söluvöru, segir Aðalsteinn svo ekki vera.

„Í rauninni gefum við út ljóðabækur til að tapa á þeim," segir hann og hlær. „Það er að segja við gerum ráð fyrir fyrirfram ákveðnu tapi – peningalegu það er að segja. Auðvitað eru til ljóðabækur sem seljast vel en þær eru miklu færri en hinar. Ljóðin búa hins vegar til ímyndina og sýna hvað við hjá Uppheimum viljum gera og það stendur með okkur í öllu hinu."

Tekjupóstar Uppheimar koma aðallega af þýddum bókum, einkum reyfurum og innlendum höfundum sem seljast einatt vel að sögn Aðalsteins, til dæmis Ævar Örn Jósepsson og Böðvar Guðmundsson.

„Svo erum við líka með ýmiss konar hliðarverkefni sem hafa gefið vel í aðra hönd, til dæmis bókina um Eyjafjallajökul, sem var ein af mest seldu bókunum í fyrra og gengur enn vel."

Uppheimar hafa ekki lokið sér af í ljóðaútgáfu á árinu. Í haust er von á annarri ljóðabók frá Eyþóri Árnasyni, sem og nóvellu frá Ísak Harðarsyni.

„Það er að vísu nokkuð síðan hann Ísak skrifaði þessa bók en hún hefur ekki verið gefin út áður."

bergsteinn@frettabladid.is

## VÆNTANLEGAR LJÓÐABÆKUR UPPHEIMA:

*Kafbátakórinn* er fyrsta ljóðabók Steinunnar G. Helgadóttur sem fyrir skömmu hlaut Ljóðastaf Jóns úr Vör 2011 fyrir ljóðið Kaf. Steinunn er þekktust fyrir störf sín að myndlist.

*Blindir fiskar* er önnur ljóðabók Magnúsar Sigurðssonar sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008 fyrir sína fyrstu ljóðabók, Fiðrildi mynta og spörfuglar Lesbíu.

*Höfuð drekans á vatninu* eftir Guðbrand Siglaugsson er ellefta ljóðabók höfundar sem þó hefur lítið látið fyrir sér fara síðustu ár. Hér yrkir Guðbrandur sem fyrr um tímann, kvæðið og hafið.

*Marlene og ég* eftir Gunnar M. G. er þriðja ljóðabók þessa unga skálds sem vakið hefur athygli með bókunum Skimað út og Milli barna.

TJARNARBÍÓ
SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
Darí Darí Dance Compani/ Steinun og Brian ★★★★ 10
2 íslensk dansverk
FRAMUNDAN:
Daníel Ágúst TÓNLEIKAR 13
Janis Joplin Bryndís Ásmunds. 30
Óperudraugurinn 7. MAÍ
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011 Rebbasaga FRÖNSK BARNASÝNING 28. MAÍ
NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 9. apríl 2011**

**Tónleikar**

**15.00** Stúlknakór Reykjavíkur heldur vortónleika með yfirskriftinni „Hættu'að gráta Hringaná" í Grensáskirkju kl. 15. Alíslensk efnisskrá.

**16.00** Grundartangakórinn heldur tónleika í Tónbergi á Akranesi í dag kl. 16. Bergþór Pálsson syngur með kórnum. Stjórnandi er Atli Guðlaugsson og meðleikari er Flosi Einarsson á píanó.

**17.00** Tónleikar Kammerkórsins Ópus verða í Seltjarnarneskirkju í dag kl. 17. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangseyrir kr. 1500.

**22.00** Hljómsveitin **Árstíðir** heldur tónleika á Café Rósenberg kl. 22 í kvöld. Leikin verða ný lög í bland við gömul. Aðgangseyrir er kr. 1500. Posi við dyrnar.

**Opnanir**

**14.00** Ninna Þórarinsdóttir opnar sýningu sína, Ninnuundrin, í Listagilinu á Akureyri kl. 14. Sýningin er samansafn gamalla og nýrra verka. Sýningu lýkur 16. apríl. Opið um helgar frá kl. 14-17.

**15.00** Sýningin Slóðir, verk eftir Gunnhildi Þórðardóttur, verður opnuð í Mjólkurbúinu á Akureyri í dag kl. 15. Sýningin stendur til 24.apríl.

**15.00** Yfirlitssýning á verkum listakonunnar Elínar Pjet. Bjarnason opnar í Listasafni ASÍ í dag kl. 15. Sýningin stendur til 15. maí. Aðgangur ókeypis.

**16.00** Sýning Bryndísar Hrannar Ragnarsdóttir, Hrynjandinn er dansfífl, opnar í Suðsuðvestur kl. 16. Sýningin stendur til 8. maí.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




ÅSA LARSSON
Krimmi fyrir kröfuharða
Freðið lík finnst í veiðiskýli í vetrarríki Lapplands. Vel klædd kona með brostin augu og sérkennilegt brunasár á ökklanum ...
Dúndurbók eftir einn besta glæpasagnahöfund Norðurlanda
ÅSA LARSSON
Myrkraslóð
„Þessi saga er ein með öllu. Besta bók höfundar til þessa.“
AFTONBLADET
ÅSA LARSSON
BLÓÐNÆTUR
Ekkert sendingargjald út apríl!*
www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu
JPV ÚTGÁFA
*Gildir 7.–30. apríl



**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN** Flokkurinn tekur þátt í alþjóðlegri danshátíð í Þýskalandi í næstu viku og notar tækifærið í leiðinni og heldur prufur fyrir um sextíu vongóða umsækjendur.

# 400 sækja um hjá ÍD

Rúmlega fjögur hundruð dansarar frá tuttugu löndum hafa sótt um stöðu hjá Íslenska dansflokknum. Þrír dansarar, Katrín Á. Johnson, Katrín Ingvadóttir og Guðmundur Elías Knudsen, leggja senn dansskóna á hilluna og skapast þar með pláss fyrir nýja dansara. Jóhanna Pálsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Íslenska dansflokknum, segir mikið gleðiefni hversu margar umsóknir bárust.

„Þetta sýnir hversu mikillar virðingar dansflokkurinn nýtur á alþjóðlegum vettvangi og má þakka því ötula starfi hér hefur verið unnið undir stjórn Katrínar Hall," segir Jóhanna. „Hún hefur skapað flokknum sterka ímynd og fengið til samstarfs mörg stærstu nöfnin í dansheiminum."

Fimmtán íslenskir dansarar sóttu um hjá flokknum. Prufur fyrir þá hafa þegar verið haldnar og segir Jóhanna þá njóta forgangs yfir aðra umsækjendur. Hinir umsækjendurnir hafa verið grisjaðir niður í 60 og þreyta þeir prufur í Oldenburg í Þýskalandi í næstu viku, þar sem Íslenski dansflokkurinn tekur þátt í alþjóðlegri danshátíð. Jóhanna segir það ekki síður vitnisburð um hversu mikils metinn dansflokkurinn er að flestir dansaranna ferðast á eigin kostnað til Oldenburg til að taka þátt í prufunum.

Ellefu dansarar eru nú hjá Íslenska dansflokknum og því talsverðar hræringar þegar þrír reyndir dansarar láta af störfum, en öll þrjú hafa dansað með flokknum síðan Katrín Hall tók við stjórnartaumunum 1996. Ekki liggur fyrir hvort ráðið verður í allar stöðurnar eða hvort dönsurum flokksins verður fækkað vegna samdráttar.

# Undirstöður mannlegrar tilveru

Myndlist ★★★★

**Hann og hún - Ég og þau/ He and She - Me and Them**

Hannes Lárusson

**Kling og Bang við Hverfisgötu**

Hannes Lárusson á víðfeðman feril að baki. List hans er ekki til þess fallin að vera flokkuð undir einn hatt. Þó má líklega með sanni segja að verk hans byggi á arfleifð hugmyndalistar sem fram kom á síðari hluta 20. aldar. Hugmyndalistin á sér síðan rætur lengra aftur í tímann og svo mætti áfram halda; þannig tengist list samtímans liðinni tíð jafnan órofa böndum.

Hannes er nú heiðurslistamaður Sequences-hátíðarinnar, er byggir á tímatengdri list og gjörningum sem eiga sér stað víða um bæinn og stendur í nokkra daga. Hann sýnir í Kling og Bang og tileinkar sýningarstaðnum innsetningu sína sem er allt í senn; innsetning, gjörningur, myndband, málverk og fleira. Eitt af hugðarefnum Hannesar hefur um nokkurt skeið verið tengsl handverks og listar og þessi tengsl skoðar hann m.a. með tilliti til viðhorfs almennings til listar og listamanna, en lífseig er sú skoðun að listamenn „ættu nú bara að fá sér vinnu". Líklega er hún eins gömul og orðtækið um að bókvitið verði ekki í askana látið.

Sýning Hannesar byggir á gjörningi sem stendur fram á sunnudag 10. apríl og sýningu sem er uppi til 1. maí. Gjörningurinn er einnig tvískiptur, annars vegar sá gjörningur sem átti sér stað á opnun hinn 1. apríl og síðan nærvera listamannsins í sýningarrýminu til 10. apríl þar sem hann situr við að smíða ausur úr tré og afsannar þar með klisjuna um að listamenn vinni ekki fyrir brauði sínu.

Gjörningurinn á opnun er undirstaða sýningarinnar, sem hefur breytt sýningarsalnum í eitt stórt athafnamálverk. Myndband sýnir áhorfendur á opnun kasta vatnsblöðrum fylltum litum í Hannes og aðstoðarkonu hans þar sem þau hringsnúast fest á stór spjöld sem minna á pyntingartæki. Blöðrurnar sprungu ýmist á spjöldunum eða veggjum gallerísins, kannski á fórnarlömbunum, en myndbandið sýnir áhorfendur að verki og viðbrögð þeirra. Hér koma saman nokkrir þættir sem einkennt hafa gjörningalist. Líkamleg þjáning og úthald, ögrun við áhorfendur og þátttaka áhorfenda í listaverki á óþægilegan máta. Ekki síst birtist staða listamannsins á kaldhæðnislegan hátt.



Samspil myndbandsins, verksummerkin í rýminu og vinnuaðstaða listamannsins þar sem hann smíðar ausur og steypir blýform er óvenjulegt og frumlegt eins og Hannesi er lagið. Verk hans eru jafnan margslaga og má túlka þau á ýmsa vegu. Sýningin einkennist af grundvallarþáttum sem verða eins og tákn fyrir undirstöður mannlegrar tilveru; handverk, vinnuaðstaða, endurtekning. Gjörningurinn með blöðrunum býr síðan yfir karnivalskri grimmd sem er miðaldaleg í einfeldni sinni um leið og hún kallast á við mun yngri sögu gjörningalistarinnar. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Sérstæð og eftirminnileg sýning þar sem Hannes Lárusson tvinnar saman jafn ólíka þætti og hefðbundið íslenskt handverk og ögrandi gjörningalist. Áleitin og forvitnileg sýning sem óhætt er að mæla með.




# Politiken hælir Gyrði

Danska dagblaðið Politiken hælir sænskri þýðingu á smásagnasafni Gyrðis Elíassonar, Milli trjánna, í hástert í ritdómi sem birtist í vikunni.

Í dómi sínum líkir ritrýnirinn, Thomas Bredsdorff, Gyrði við bandaríska rithöfundinn Raymond Carver og segir hann vera meistara hins knappa, eimaða prósa. Með verki sínu hafi Gyrðir gert sterkt tilkall til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og það væri engin skömm að því að veita honum þau. Politiken gefur hjörtu í stað stjarna og gefur Bredsdorff bókinni fimm hjörtu af sex mögulegum. Bredsdorff er virtur gagnrýnandi í Danmörku og var prófessor í norrænum bókmenntum frá 1978 til 2004.

Gyrðir er tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir hönd Íslands ásamt Ísaki Harðarsyni. Tilkynnt verður hver hlýtur verðlaunin á þriðjudag. **- bs**



**GYRÐIR ELÍASSON** Ritrýnir danska dagblaðsins Politiken segir að með smásagnasafninu Milli trjánna geri Gyrðir sterkt tilkall til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Opnum
í dag
full búð af spennandi
flottum vörum
Kíktu í dag - Léttar veitingar
Opið í dag 11-16 - Sunnud 13-17
Buxur
10.900.-
kjóll
8.900.-
taska
7.900.-
Krákan
KRÁKAN - LAUGAVEGI 4 - SIMI 555 4477

# Fólk

folk@frettabladid.is



**85** *ára afmæli Playboy-dólgsins Hugh Hefner er í dag, en Crystal Harris, unnusta hans, verður einmitt 25 ára í lok apríl. Þau ætla að ganga í það heilaga í sumar.*

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Grínistinn **Steindi Jr.** og samstarfsfólk hans héldu heljarinnar frumsýningarveislu í gyllta salnum á Hótel Borg á fimmtudagskvöld. Fyrsti þáttur í nýrri seríu Steindans okkar var sýndur á breiðtjaldi og þotuliðið lét sig að sjálfsögðu ekki vanta. Auðunn Blöndal mætti á svæðið ásamt kærustunni sinni Írisi Björk. Með í för voru Hugi Halldórsson og Kristófer Dignus. Vöðvatröllin Arnar Grant og Ívar Guðmundsson litu að sjálfsögðu inn, rétt eins og sjónvarpskokkurinn Hrefna Rósa Sætran. Þá lék Ásgeir Kolbeinsson á als oddi og gerði athugasemdir við tækjabúnaðinn í salnum, enda mikill græjukall.

Orri Dýrason í Sigur Rós mætti einnig í veislu Steinda ásamt Lukku, eiginkonu sinni. Fyrirsætan Lilja Ingibjargar hafði gaman af frumsýningarþættinum, rétt eins og rapparinn Erpur Eyvindarson og umboðsmaðurinn Steinþór Helgi Arnsteinsson, en þeir félagar eru yfirleitt ekki langt undan í veislum sem þessum. **Vala Grand** var einnig í miklu stuði eins og systurnar Hlín Einars og Malín Brand frá Bleikt.is.

Fréttahaukarnir Helgi Seljan og Kristinn Hrafnsson voru hrókar alls fagnaðar í veislu Steinda. Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen skemmti sér vel og parið **Erna Bergmann** fatahönnuður og tónlistarmaðurinn Birgir Ísleifur ræddi við leikstjórann Ragnar Hansson, sem mætti beint af körfuboltavellinum í veisluna.

**- afb**


# ORÐ ERU ÁLÖG

Leiðarvísir að lífsgleði - **námskeið með Siggu kling**



Orð eru álög er einstakt námskeið og fyrsta sinnar tegundar með Siggu Kling. Námskeiðið er byggt á samnefndri bók þar sem þátttakendur læra að tengja sig sálinni, ná betri tökum á lífi sínu og finna leiðina að hamingjunni. Hentar fyrir alla aldurshópa.

Námskeiðið verður haldið í fræðslusal Maður Lifandi, Borgartúni 24, þriðjudaginn **12. apríl,** kl.18:00 og kostar aðeins **2.900 kr.** Að auki fá allir þátttakendur hljóðdiskinn „Þú ert frábær“

Skráning á **madurlifandi@madurlifandi.is**
Nánari upplýsingar á **www.madurlifandi.is**

maður lifandi
**www.madurlifandi.is**

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720







# Bretar bíða spenntir eftir brúðkaupi Vilhjálms og Kate

**Bretar bíða spenntir eftir brúðkaupi ársins hinn 29. apríl þegar Vilhjálmur prins gengur að eiga unnustu sína, Kate Middleton. Enska biskupakirkjan biður fyrir því að hjónin verði hvort öðru trú.**



**EKKERT VENJULEGT** Það er ekkert venjulegt við brúðkaup Vilhjálms prins og Kate Middleton en því mun meðal annars bregða fyrir í ensku sápuóperunni Eastenders. Persónurnar munu þannig halda upp á brúðkaupið upp á breskan máta í sjónvarpsþættinum sjálfum. Þá hefur Channel 5 fest kaup á leikinni mynd um samband Vilhjálms og Kate sem verður sýnd í aðdraganda brúðkaupsins.

Breska þjóðin bíður nú með öndina í hálsinum eftir því að Kate Middleton verði hennar næsta prinsessa þegar hún gengur að eiga Vilhjálm prins. Parið hefur verið sundur og saman undanfarin ár en nú er komið að stóru stundinni. Búist er við því að 600 þúsund ferðamenn leggi leið sína til Lundúna til þess eins að fylgjast með athöfninni og öllu húllumhæinu. Athöfnin og brúðkaupið verða í beinni útsendingu á RÚV og þau Bogi Ágústsson og Elísabet Brekkan munu lýsa því sem fyrir augu ber. Athöfnin stendur frá tíu að morgni föstudagsins 29. apríl til korter yfir tólf. Eftir að hafa verið gefin saman er hinum nýgiftu ekið í opnum vagni að Buckinghamhöll, þar sem Vilhjálmur og Kate munu veifa til þjóðar sinnar. Til að koma í veg fyrir tafir hefur gestum brúðkaupsins verið ráðlagt að mæta tveimur og hálfum tíma fyrir athöfnina sjálfa.

Tvö þúsund gestir eru á fyrsta gestalistanum og þar má sjá nöfn á borð við Kanye West, David Beckham, Elton John og aðrar slíkar stórstjörnur. Athygli vekur að fáum þjóðhöfðingjum er boðið, Barack Obama fékk ekki boðskort né Frakklandsforsetinn Sarkozy eða Ólafur Ragnar Grímsson. Tvö þúsund manna listinn verður síðan skorinn niður í 600 sem verður boðið í hressingu hjá Elísabetu drottningu. Aðalveislan er síðan kvöldverður í boði Karls Bretaprins en þangað fá aðeins 300 gestir boðskort. Ekkert hefur verið gefið út hvað verður á matseðlinum en fjölmiðlar gera því skóna að matseðillinn verði mjög breskur. Þá er jafnframt búist við því að brúðkaupið sjálft eigi eftir að vera vítamínsprauta í annars krepptan efnahag Bretlands og hafa tölur eins og þrír milljarðar punda verið nefndar í því samhengi. Varningur tengdur brúðkaupinu eigi eftir að rjúka út, áfengisneysla verði umtalsverð og fólk eigi eftir að gera vel við sig í mat. Búið er að setja Kate Middletondúkku á markað sem sérfræðingar spá að eigi eftir að njóta mikilla vinsælda og ekki má heldur gleyma því að sannur konungsvinur gæti keypt æskuheimili prinsessunnar sem er nú til sölu.

Bretar hafa ekki upplifað jafn spennandi tíma í konunglegum ástamálum síðan Karl Bretaprins giftist Díönu Spencer fyrir næstum þrjátíu árum en það var kallað „brúðkaup aldarinnar“ í bresku pressunni. Það markaði reyndar upphaf ákaflega dökkra tíma í sögu bresku konungsfjölskyldunnar þar sem söguþráðurinn minnti á sápuóperu frá Ameríku. Því kemur það kannski engum á óvart að forsvarsmenn ensku biskupakirkjunnar skuli nú biðja fyrir því að Vilhjálmur og Kate Middleton verði hvort öðru trú í hjónabandinu og standi við þann samning sem þau gera frammi fyrir Guði og mönnum í Westminster Abbey. Breska blaðið Telegraph fjallar um bænina á vefsíðu sinni og rifjar upp sögu svika í Buckingham seint á síðustu öld. Þannig viðurkenndi Karl Bretaprins í sjónvarpsviðtali að hann hefði haldið framhjá Díönu með núverandi eiginkonu sinni, Camillu Parker Bowles. Díana launaði honum lambið gráa og upplýsti í öðru sjónvarpsviðtali að hún hefði alltaf elskað og dáð liðsforingjann James Hewitt. Elísabetu Bretadrottningu svelgdist síðan á morgunkaffinu skömmu seinna þegar hún sá myndir af tengdadóttur sinni, Söruh Ferguson, og ástmanni hennar, John Bryan, láta vel að hvort öðru á snekkju. Sarah var þá enn gift Andrési prins.

Breska þjóðin virðist hins vegar trúa því að með þessu hjónabandi ljúki hrakfallasögu ástarinnar innan bresku krúnunnar. Og þeir forðast allar hástemmdar nafngiftir eins og brúðkaup aldarinnar. Allt kapp er lagt á að gera brúðkaupið sem glæsilegast úr garði og fjölmiðlum er gert að sýna bæði Kate og fjölskyldu hennar tilhlýðilega virðingu, enginn vill láta prinsessuna ungu upplifa Díönu-martröðina. Í gær kvartaði fjölskylda Middleton meðal annars undan áreitni frá ljósmyndurum en þeir höfðu þá setið um móður Kate þar sem hún var að versla.



### BRÚÐKAUPS-ÆÐI



Kate Middleton og Vilhjálmur prins ganga að eiga hvort annað þann 29. apríl næstkomandi. Búist er við því að hátt í 600 þúsund ferðamenn leggi leið sína til London til að fylgjast með brúðkaupinu og að efnahagur landsins verði fyrir þriggja milljarða punda vítamínssprautu með sölu á vörum tengdum brúðkaupinu. Allt kapp er lagt á að brúðkaupið verði óaðfinnanlegt og því eru hestvagnarnir og bílarnir sem notaðir eru í brúðkaupinu fægðir eftir kúnstarinnar reglum.

freyrgigja@frettabladid.is



Kynning á EasyTone fatnaði og skóm.
Útilíf Kringlan
Laugardaginn 9.apríl kl 14-16
Kíktu á okkur og sjáðu hvað EasyTone getur gert fyrir þig
• Skrefmælir fylgir öllum seldum skópörum.
• 3 daga passi í Hreyfingu fyrir alla sem máta EasyTone.
Kl. 14:00
Fjörið hefst á DansFitness tíma í boði Hreyfingar.
Allir sem dansa með fá skrefmæla frá Reebok.
Einnig verða veglegir vinningar fyrir 2 heppna aðila sem taka þátt. Dregið strax að tíma loknum.
Verðlaun eru:
• EasyTone skópar.
• Námskeið hjá Hreyfingu í DansFitness.
reebok.is
Reetone
Reebok
HREYFING
HEILSULIND
ÚTILÍF

# Karlar hræðast Kim Cattrall



**ERFITT** Kim Cattrall segir að karlmenn séu hræddir við sig og kennir annars vegar Samönthu um málið og hins vegar bókinni um fullnægingu kvenna sem hún skrifaði.

Kim Cattrall, sem er þekktust fyrir að leika Samönthu Jones í Sex and the City, viðurkennir að hlutverkið hafi virkað fráhrindandi á karlpeninginn í raunveruleikanum. Samantha kallaði ekki allt ömmu sína í þáttunum þegar kom að samskiptum kynjanna og daðraði jafnt við sér eldri og yngri menn. En í hversdagsleikanum er staðan allt önnur, karlmenn eru logandi hræddir við leikkonuna.

Cattrall ræddi málið í spjallþætti Ellenar DeGeneres og sagði að hún hefði gert sér þetta mjög erfitt fyrir. „Og ekki skánaði ástandið þegar ég skrifaði bók um fullnægingu kvenna. Karlmenn eru nefnilega þannig gerðir að þeim þarf að líða eins og þeir séu alvitrir, sérstaklega á þessu sviði." Svo skemmtilega vill til að Kim er þar að vísa í bókina Satisfaction: The Art of Female Orgasm sem hún skrifaði með fyrrverandi eiginmanni sínum, Mark Levinson.

Og stefnumótavandamálið gæti orðið enn erfiðara þegar karlarnir sjá hennar nýjustu mynd; Meet Monica Velour. Þar leikur Kim nefnilega roskna klámmyndastjörnu sem fer að fækka fötum á ný til að ná endum saman og verður að lokum ástfangin af sautján ára pilti. „Þetta er falleg saga um konu á fimmtugsaldri sem hittir ungan strák og þau þróa með sér samband."


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 11. apríl, kl. 18




Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd laugard. kl. 11–17, sunnud. kl. 12–17 og mánud. kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is









**SUNGIÐ SAMAN Á SPOT** Vinir Sjonna, Eurovision-farar Íslands, verða á Spot í Kópavogi í kvöld en þetta er fyrsti og eini dansleikurinn sem sveitin kemur fram á fyrir ferðina til Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Vinir Sjonna með dansleik í kvöld

**Sexmenningarnir í Vinum Sjonna ætla að blása til dansleiks á Spot í Kópavogi í kvöld. Þetta verða fyrstu og einu tónleikar Eurovision-faranna fyrir Þýskalandsferðina.**

Eurovision-drengirnir Hreimur Örn, Pálmi Sigurhjartarson, Matthías Matthíasson, Benedikt Brynleifsson, Gunnar Ólason og Vignir Snær eru allir önnum kafnir menn og verða því að nýta hverja einustu stund til að æfa sig. Sjálf Icesave-helgin verður undirlögð af æfingum.

„Við erum allir hver á sínu horni landsins og verðum því bara að æfa í törnum eins og um helgina. Síðan tökum við síðustu vikuna áður en við förum út og æfum eins og skepnur, því þó að þetta sé bara eitt lag er í mörg horn að líta," segir Hreimur Örn í samtali við Fréttablaðið.

Drengirnir voru bókaðir á árshátíð á laugardaginn og ákváðu í kjölfarið að hita sig aðeins upp fyrir Düsseldorf þar sem Eurovision fer fram um miðjan maí. „Jógvan og Róbert Þór, bassaleikari, verða með okkur þannig að þetta er næstum því hljómsveitin Rokk sem Sjonni stofnaði á sínum tíma. Við erum auðvitað með alvöru prógramm og gætum hæglega leikið í fjóra til fimm tíma."

Undirbúningur fyrir ferðina til Düsseldorf er í fullum gangi en í vikunni fékk Hreimur einhverjar þær bestu fréttir sem hann hefur fengið lengi. „Jónatan [Garðarsson] er búinn að hræða okkur mikið undanfarna daga og hefur látið það koma algjörlega skýrt fram að við hefðum engan tíma til að spila átján holur af golfi. En svo, eftir samningaviðræður og nokkuð þóf, fannst loks tími. Við fáum fjóran og hálfan tíma til að leika golf þriðjudaginn 3. maí og það eru nokkrir vellir sem koma til greina," segir kampakátur Hreimur Örn Heimisson, liðsmaður Vina Sjonna, íslensku Eurovision-faranna. Hreimur og Matthías eru forfallnir golffíklar og höfðu gengið með þann draum í maganum að geta spilað golf í Düsseldorf. Sá draumur virðist nú vera að rætast og segir Hreimur að þeir verði eins og barðir hundar að leik loknum. „Við munum gera allt sem okkur verður sagt að gera."

freyrgigja@frettabladid.is

# Reykti gras

Óskarsverðlaunahafinn Natalie Portman fer með hlutverk í gamanmyndinni Your Highness sem leikstýrt er af David Gordon Green, þeim sama og leikstýrði Pineapple Express.

Í nýlegu viðtali viðurkennir Portman að hún hafi sérstakt dálæti á „stoner" kvikmyndum, sem hægt væri að þýða sem hasshausa-myndir. „Ég reykti gras á háskólaárum mínum en ég hef ekki reykt í mörg ár núna. Ég er líklega orðin of gömul. Ég vildi óska að ég væri enn svöl en í raun er ég eins og gömul kona og er oftast komin í háttinn um klukkan tíu öll kvöld," sagði leikkonan í viðtali við Entertainment Weekly.


STÆRSTA PÁSKA-EGGJALEIT LANDSINS



Það er aðeins ein sneið af frábærri dagskrá á 10 ára afmælishátíð Fréttablaðsins 16. apríl í Perlunni.
**Fylgstu með!**

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


KOMDU Í BÆINN
NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN
CINTAMANI Í BANKASTRÆTI
VORIÐ ER KOMIÐ Í MIÐBÆINN.
Í DAG OPNUM VIÐ GLÆSILEGA VERSLUN
Í BANKASTRÆTI 7 MEÐ FRÁBÆRU
ÚRVALI AF ÚTIVISTARFATNAÐI FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA.
VIÐ HÖFUM OPIÐ FRÁ 08.00 TIL 20.00
BÆÐI LAUGARDAG OG SUNNUDAG.
LÍTTU INN.
VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG.
VIÐ ÞEKKJUM
TILFINNINGUNA
CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390
CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805
CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

# Doherty á leið í steininn

**Breski ólátabelgurinn Pete Doherty á yfir höfði sér fangelsisvist eftir réttarhöld yfir honum í gær. Doherty viðurkenndi fyrir dómara að hafa verið með kókaín í sínum fórum á sama tíma og kvikmyndagerðarkonan Robin Whitehead lést en grunur leikur á að hún hafi dáið úr ofneyslu. Pete hefur verið grunaður síðan í janúar á síðasta ári um að hafa verið viðriðinn andlátið en hefur alltaf neitað sök. Hann breytti hins vegar framburði sínum í gær og saksóknari í málinu spurði lögfræðing rokkarans hvort skjólstæðingur hans vissi að með þessu gæti hann lent í fangelsi.**

**Doherty hefur margoft komist í kast við lögin vegna eiturlyfjaneyslu sinnar en hann er hvað þekktastur fyrir að vera söngvari The Libertines og Babyshambles auk þess að hafa verið unnusti Kate Moss.**



**Í VONDUM MÁLUM** Doherty gæti verið á leiðinni í svartholið.

# HELGI BJÖRNS BÓKAR HÖRPUNA

**Söngvarinn Helgi Björnsson blæs til stórtónleika Í Hörpunni á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Þar munu hann og fjölmargir þekktir tónlistarmenn flytja íslenskar dægurlagaperlur.**

„Þetta verður æðislega grand,“ segir Helgi Björnsson á línunni frá Berlín. Helgi er búinn að bóka stóra salinn í Hörpunni á þjóðhátíðardaginn og þar ætlar hann að blása til glæsilegra tónleika.

„Yfirskrift tónleikanna er Íslenskar dægurperlur og við ætlum að leita víða fanga. Hugmyndin er að taka öll þessi lög sem hafa öðlast sjálfstætt líf, allt frá Brennið þið vitar til Fjöllin hafa vakað,“ segir Helgi. Söngvararnir sem koma fram með Helga eru ekki af verri endanum; Bogomil Font, Eivör Pálsdóttir, Högni Egilsson, Mugison og Ragnheiður Gröndal. Í hljómsveitinni verða trommuleikarinn Einar Valur, Valdi Kolli bassaleikari, gítarleikararnir Ómar Guðjónsson og Stefán Már Magnússon og píanóleikararnir Davíð Þór Jónsson og Kjartan Valdimarsson. Þá stýrir Roland Hartwell tólf manna strengjasveit og karlakór verður sömuleiðis á sviðinu. „Þetta er landsliðið í tónlist,“ segir Helgi kokhraustur.

Helgi segir að það sé öllum tónlistarmönnum hollt að leita aftur til upprunans og flytja lögin sem mótuðu þá. „Mér finnst eins og ég sé að loka ákveðnum hring með þessum tónleikum. Ég er búinn að vera að fást við gömlu lögin síðustu 2-3 árin með þessum reiðmannaplötum og svo Magga Eiríks plötunni. Ég hef haft bæði gaman og gott af því að horfa til baka, að skoða hver er grunnurinn undir manni sjálfum sem músíkant. Hvað mótaði mann. Þetta hafa menn líka verið að gera erlendis. Dylan hefur leitað aftur í sinn arf og Robert Plant hefur verið að taka kóver af lögum sem voru rætur hans. Ég hef gaman af þessari pælingu, hvað var okkar blús, hvar eru okkar rætur.“

> Það er smá standpína, smá þjóðarstolt. Það er ógeðslega spennandi að flytja allar þessar nostalgíuperlur.
>
> **HELGI BJÖRNSSON** TÓNLISTARMAÐUR

Aðspurður segir hann ánægjulegt að geta haldið svona tónleika í Hörpunni og ekki sé verra að gera það á þjóðhátíðardaginn. „Það er smá standpína, smá þjóðarstolt. Það er ógeðslega spennandi að flytja allar þessar nostalgíuperlur.“ hdm@frettabladid.is



**NOSTALGÍA OG ÞJÓÐARSTOLT Í HÖRPU** Helgi Björnsson og fleiri stórsöngvarar flytja íslenskar dægurlagaperlur í Hörpu á þjóðhátíðardaginn. MYND/SPESSI




Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

# Lagersala

# -70%







Andersen & Lauth Herraverslun

Laugavegi 7

# Persóna Wills Ferrell í The Office verður furðufugl

**Gamanleikarinn Steve Carell er að yfirgefa þáttina The Office. Miklar vangaveltur hafa verið um hver kemur í hans stað, en Will Ferrell mun taka að sér hlutverk yfirmanns skrifstofunnar tímabundið á næstunni.**

Will Ferrell tjáði sig í fyrsta skipti um persónu sína í gamanþáttunum The Office í viðtali við dagblaðið New York Times. Ferrell sagði að persóna sín væri furðufugl, en það ætti ekki að koma fjölmörgum aðdáendum þáttanna á óvart.

Ferrell kemur fram í fjórum þáttum í lok sjöundu þáttaraðar The Office. Í þáttunum er Michael Scott, persóna Steves Carell, að kveðja skrifstofuna, en miklar vangaveltur hafa verið um hver kemur í hans stað. Ferrell leikur tímabundinn staðgengil Carells, hinn furðulega Deangelo Vickers. Hann segist ekki hafa komið nálægt því að skapa persónu sína.

„Þegar ég tók að mér hlutverkið settist ég niður með framleiðendum þáttanna og sagði þeim hversu mikið ég elskaði handrit þáttanna og að ég treysti þeim fullkomlega til að skapa persónuna," sagði Ferrell.

Samband Michaels Scott og Deangelo Vickers verður einnig afar flókið, en Ferrell segir þá strax ná vel saman. „Þeir eru afar líkir. En svo, eins og Michaels Scott er von og vísa, byrjar hann hægt og rólega að hata Vickers vegna þess að allir byrja að sleikja hann upp. Loks rennur upp fyrir áhorfendum að ég er ekki eins góður og Michael Scott og er eiginlega algjör furðufugl. Svo rennur auðvitað upp fyrir starfsmönnum skrifstofunnar að Michael Scott var betri yfirmaður en þá óraði fyrir."

atlifannar@frettabladid.is



**FURÐUFUGLAR** Steve Carrell er að hætta í The Office og Will Ferrell tekur tímabundið við. Báðir leika þeir furðufugla. Með fullri virðingu fyrir fuglum.


SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

MEÐ ÍSLENSKU TALI

SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| YOUR HIGHNESS LÚXUS | KL. 1 - 3.20 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 2 - 3.15 – 4.15 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3 (750 kr) - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.10 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 (750 kr) | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600 kr) - 4 - 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600 kr) | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is — 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI



midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| YOUR HIGHNESS | 6, 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 2(700 kr), 4 og 6 |
| HOPP - ENS TAL | 2(700 kr), 4 og 8 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |
| RANGO - ISL TAL | 2(700 kr) |



SAMBÍÓIN

JAKE GYLLENHAAL
SOURCE CODE
„TWISTY BRAINTEASER" „ACTION-THRILLER" „INGENIOUS THRILLER" „A THRILLER AND POETRY"

Barney's Version
- EMPIRE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:10 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40VIP - 8 - 10:20 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS ísl. | 1:30-2(3D)-4(3D)-6(3D) | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NO STRINGS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BARNEY´S VERSION | kl. 8 | L |
| THE WAY BACK | kl. 10:30 | 12 |
| HOP M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | kl. 4 - 6 | 7 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5.30 - 8 - 10.15 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| HALL PASS | kl. 5.25 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |
| TANGLED-3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3.10 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LE COMTE ORY Ópera í Beini útsendingu | kl. 5 | L |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 8 - 10:40 (Sýnd sunud.kl. 5:30 - 8 - 10:20) | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 3:40 - 8:40 (Sýnd sunud. kl. 1:30 - 3:40 - 8) | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Núm.sæti | kl. 10:50(sun. kl. 10:40) | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl.1:30 (Sýnd sunud. kl. 1:40 - 3:40 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 5:50 | 16 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:20 -3:30 | L |



BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS
LAUGARDAGUR/SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:00 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 17:50, 22:10 |
| MAX OPHULS MÁNUÐUR: LE PLAISIR | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ATH 700 KR.
HOPP — SÝND KL.2 — ÍSLENSKT OG ENSKT TAL
RANGO — ATH 700 KR. — SÝND KL.2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



TILBOÐSVERÐ á fyrstu sýningar lau. og sun.!
HOPP — KL.1 SMÁRABÍÓ, KL.3 HÁSKÓLABÍÓ, KL.2 BORGARBÍÓ — MEÐ ÍSLENSKU TALI
TILBOÐSVERÐ á fyrstu sýningar lau. og sun.!
RANGO — KL.3.20 HÁSKÓLABÍÓ, KL.1 SMÁRABÍÓ, KL.2 BORGARBÍÓ — MEÐ ÍSLENSKU TALI



SPARBÍÓ
VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN


FRÁ LEIKSTJÓRA PINEAPPLE EXPRESS
DANNY McBRIDE
JAMES FRANCO
NATALIE PORTMAN
ZOOEY DESCHANEL
YOUR HIGHNESS
DREPFYNDIÐ ÆVINTÝRI ÓLÍKT ÖLLUM ÖÐRUM ÆVINTÝRUM!
KOMIN Í BÍÓ!
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ
SMS LEIKUR
BOÐSMIÐI
YOUR HIGHNESS
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL YHV Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

# sport

sport@frettabladid.is



**54%** stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta munu spila þrjá fyrstu leiki sína í undankeppni EM 2013 á Laugardalsvellinum. Fyrsti leikur liðsins verður á móti Búlgaríu á Laugardalsvellinum fimmtudaginn 19. maí. Norðmenn koma næst í heimsókn í Laugardalinn 17. september og Belgar spila síðan á Laugardalsvellinum fjórum dögum seinna.

## ÚRSLIT

### *IE-deild kvenna:*

**Keflavík-Njarðvík 61-51**

Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 17/7 fráköst, Lisa Karcic 14/16 fráköst/4 varin skot, Ingibjörg Jakobsdóttir 14, Bryndís Guðmundsdóttir 7/5 fráköst/5 stoðsendingar, Marina Caran 7/4 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 2/9 fráköst.

Njarðvík : Julia Demirer 14/14 fráköst, Shayla Fields 12/7 fráköst, Dita Liepkalne 10/13 fráköst/5 stoðsendingar, Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Auður R. Jónsdóttir 4/4 fráköst, Eyrún Líf Sigurðardóttir 3.

### *N1-deild kvenna:*

**Valur-Fram 24-20 (10-9)**

Mörk Vals (skot) : Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 5 (10), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4 (10), Rebekka Rut Skúladóttir 3 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (5), Anett Köbli 3/2 (7/4), Karólína B. Gunnarsdóttir 3 (3), Camilla Transel 1 (2), Kristín Guðmundsdóttir 1 (3), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (4).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 23 (24/4, 49%).

Hraðaupphlaupsmörk: 6 (Rebekka 2, Ragnhildur, Anna Úrsúla, Karólína, Camilla)

Fiskuð víti: 5 (Íris, Anna Úrsúla 2, Ragnhildur)

Utan vallar: 12 mínútur.

Mörk Fram (skot): Karen Knútsdóttir 8/2 (15/3), Stella Sigurðardóttir 6/3 (14/4), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2 (4), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1(2), Pavla Nevarilova 1(2, Birna Berg Haraldsdóttir 1 (2).

Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 16/2 (24/2, 40%),

Hraðaupphlaupsmörk: 1 (Ásta Birna )

Fiskuð víti: 6 (Pavla 3, Karen 2, Ásta Birna)

Utan vallar: 12 mínútur

Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Val. Næsti leikur liðanna fer fram í Safamýri á sunnudag klukkan 16.00.

### *Sænski körfuboltinn:*

**Sundsvall-Södertalje 78-63**

Jakob Örn Sigurðarson skoraði 8 stig, gaf 8 stoðsendingar og tók 4 fráköst fyrir Sundsvall. Hlynur Bæringsson skoraði 6 stig, tók 8 fráköst og gaf 4 stoðsendingar fyrir sama lið.

Staðan í undanúrslitaeinvígi liðanna er því 1-0 fyrir Sundsvall.



**SIGURKOSSINN** Keflavíkurstelpur taka hér á móti Íslandsbikarnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# TVÖFALT HJÁ KEFLAVÍK

**Keflavík er Íslandsmeistari í kvennakörfunni í fjórtánda sinn á 23 árum eftir sigur á Njarðvík í þriðja úrslitaleiknum í Keflavík í gær. Keflavík vann úrslitaeinvígið 3-0, sex af sjö leikjum úrslitakeppninnar og báða stóru titla tímabilsins.**

**KÖRFUBOLTI** Þrjú ár þykir langur tími í bið eftir þeim stóra í mekka kvennakörfunnar í Keflavík en Keflavíkurkonur eru nú Íslandsmeistarar á ný eftir 61-51 sigur á Njarðvík í Toyota-höllinni í gær í þriðja leik liðanna í úrslitaeinvígi Iceland Express-deildar kvenna.

Þetta er fjórtándi Íslandsmeistaratitill kvennaliðs Keflavíkur þrátt fyrir að það séu ekki nema 23 ár síðan að sá fyrsti kom í hús árið 1988.

Keflavík vann einvígið 3-0 og alls 6 af 7 leikjum sínum í úrslitakeppninni í ár. Keflavíkurkonur eru þar með fyrsta liðið í fjögur ár sem vinnur tvöfalt í kvennaboltanum, það er, tekur báða stóru titlana, Íslandsmótið og bikarinn, en Haukar höfðu afrekað það síðast árið 2007.

Keflavík komst í 17-2 í fyrsta leikhluta og var alltaf skrefinu á undan þrátt fyrir að Njarðvíkurliðið hafi nokkrum sinnum náð að minnka muninn niður í tvö stig. Njarðvíkurkonum tókst aldrei að komast yfir og Keflavíkurliðið fagnaði

„Tilfinningin er alltaf jafngóð," sagði Pálína Gunnlaugsdóttir eftir að Íslandsmeistaratitilinn var í höfn. „Þetta var besti leikurinn okkar í úrslitaeinvíginu og í kvöld náðum við loksins að sýna okkar besta andlit. Flestum stelpunum í okkar liði dauðlangaði í sumarfrí í kvöld," sagði Pálína.



**BIKARINN Á LOFT** Birna Valgarðsdóttir tók á móti bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Njarðvík er með hörkulið og þær hefðu alveg eins getað unnið okkur. Við vorum heppnar í fyrsta leiknum, áttum svo fínan annan leikhluta í leik númer tvö og svo vorum við bara með þetta í kvöld. Þetta leit út fyrir að vera burst í byrjun en við vissum samt alveg að Njarðvík myndi koma til baka," sagði Pálína sem átti frábæran leik, fór fyrir Keflavíkurliðinu á báðum endum vallarins og endaði með 17 stig og 7 fráköst.

„Ég var ákveðin í kvöld því mig langaði í sumarfrí. Ef við hefðum tapað í kvöld þá hefði ég þurft að fara á æfingu í fyrramálið," sagði Pálína sem var að verða Íslandsmeistari í fjórða sinn á síðustu sex árum. „Þetta er bara æðislegt og tilfinning sem er ekki hægt að lýsa," sagði Pálína.

Auk Pálínu átti Ingibjörg Jakobsdóttir góðan leik en hún kom til Keflavíkur fyrir tímabilið og var að verða Íslandsmeistari í fyrsta sinn á ferlinum. Annars var það breiddin sem landaði þessum sigri umfram allt annað og þegar úrslitaeinvígið er gert upp verður erfitt að taka einn leikmann Keflavíkurliðsins út úr þegar velja á besta leikmann úrslitakeppninnar. Marina Carin var frábær í fyrsta leik, Bryndís Guðmundsdóttir lék frábærlega í öðrum leik og svo átti Pálína stjörnuleik í gær.

Njarðvíkurliðið steig risaskref með því að komast í úrslitin í fyrsta sinn en eftir grátlegt tap í fyrsta leiknum var alltaf á brattann að sækja. Öskubusku-ævintýrið endaði því á sópi.

Eftir öll silfurverðlaunin á undanförnum árum tókst Jóni Halldóri Eðvaldssyni og stelpunum hans loksins að landa gullinu og uppskera fyrstu tvennuna í Keflavík síðan tímabilið 2003-2004.

ooj@frettabladid.is

Valur hóf úrslitaeinvígið gegn Fram vel er liðin mættust í Vodafonehöllinni í gær:

# Valsstúlkur unnu fyrstu orrustuna

**HANDBOLTI** Valsstúlkur unnu virkilega mikilvægan sigur, 24-20, í gær gegn Fram í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn. Leikurinn var jafn stóran part af leiktímanum en Valur sleit sig frá gestunum undir lokin og vann flottan sigur. Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, var hreint út sagt stórkostleg en hún varði 23 skot og lagði grunninn af sigri Vals í gær.

„Það er gríðarlega mikilvægt að byrja einvígið vel," sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals, eftir sigurinn í gær.

„Fyrsti leikurinn er alltaf mjög erfiður og mikil barátta einkennir liðin. Mistökin voru mörg í kvöld og ég bjóst svo sem alveg við því. Við klárum leikinn í kvöld á frábærri vörn og stórkostlegri markvörslu. Ég reikna með háu spennustigi allt einvígið og við verðum bara að læra að notfæra okkur það," sagði Stefán.



**BARÁTTA** Íris Ásta Pétursdóttir stöðvar hér Karen Knútsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er alltaf hundfúlt að tapa svona leik," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir tapið gegn Val í gær.

„Ég sé samt margt jákvætt eftir þennan leik sem liðið á að geta byggt á. Við vorum að spila fínan varnarleik og börðumst allan tímann, en það sem verður okkur að falli hér í kvöld eru 18 tapaðir boltar eftir tæknifeila hjá mínum leikmönnum. Í raun og veru spilum við einnig ágætan sóknarleik og náum að skapa okkur fullt af færum sem við hefðum mátt nýta betur. Við þurfum bara að skoða alla þessa hluti og jafna síðan einvígið í næsta leik á okkar heimavelli," sagði Einar.

- sáp







• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ OKKAR

## SPORT-OUTLET Á 2JA ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR OG BÝÐUR ÞVÍ TIL TILBOÐSVEISLU



**HLAUPASKÓR-DÖMU**
STÆRÐIR: 36-39
**VERÐ: 9.990 kr.**
FULLT VERÐ: 29.990 kr.



**RALLY MATCH SKÓR-HERRA**
STÆRÐIR: 41-46
**VERÐ: 4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 15.990 kr.



**HETTUPEYSA KRAKKA**
STÆRÐIR: 128-164
**VERÐ: 2.490 kr.**
FULLT VERÐ: 7.990 kr.



**STUTTERMABOLUR KRAKKA**
STÆRÐIR: 128-164
**VERÐ: 1.490 kr.**
FULLT VERÐ: 4.990 kr.



**RENND HETTUPEYSA DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 14.990 kr.



**NÆRBUXUR-DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 990 kr.**
FULLT VERÐ: 4.990 kr.

## VERÐDÆMI

| Vara | Fullt verð | Outlet-verð |
|---|---|---|
| Boundary sundbuxur | 8.990 kr. | 3.990 kr. |
| Esoteric sundbolur | 6.990 kr. | 3.990 kr. |
| v5.10 markmannshanskar | 3.490 kr. | 2.490 kr. |
| Originals Puma peysa | 17.990 kr. | 9.990 kr. |
| Puma bómullarbuxur | 6.990 kr. | 3.990 kr. |



**CRETE SKÓR-DÖMU**
STÆRÐIR: 36-42
**VERÐ: 4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 7.990/8.990 kr.

SPORT OUTLET

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**








**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** Getur unnið sinn áttunda titil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistaramótið í badminton:

## Jafnar Ragna met Elsu?

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir úr TBR getur jafnað met Elsu Nielsen á meistaramóti Íslands í badminton sem fram fer í TBR-húsunum við Gnoðarvog um helgina.

Ragna á möguleika á að verða Íslandsmeistari í einliðaleik í áttunda sinn á níu árum en Elsa Nielsen á metið eftir að hafa orðið átta sinnum Íslandsmeistari á árunum 1991 til 2000. Ragna er sigurstranglegust á mótinu en hún fær örugglega mestu keppnina frá Tinnu Helgadóttur sem hefur staðið sig með prýði í dönsku deildinni.

Helgi Jóhannesson úr TBR er með fyrstu röðun í einliðaleik karla á mótinu og því talinn líklegur til að vinna titilinn fjórða árið í röð en hann fær væntanlega mestu keppnina frá Atla bróður sínum. Úrslitin í mótinu ráðast með úrslitaleikjum á sunnudaginn. - óój



**VIKTOR OG THELMA RUT** Urðu Íslandsmeistarar á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Evrópumótið í fimleikum:

## Tvö komust inn á topp fimmtíu

**FIMLEIKAR** Íslandsmeistararnir Viktor Kristmannsson og Thelma Rut Hermannsdóttir náðu bestum árangri Íslendinga á Evrópumótinu í áhaldafimleikum í Berlín í Þýskalandi.

Viktor Kristmannsson bar af íslensku strákunum og náði 79.600 stigum í fjölþrautinni sem skilaði honum í 40. sæti. Bróðir hans, Róbert Kristmannsson, fékk 76.850 í einkunn og endaði í 54. sæti, þremur sætum á undan Ólafi Garðari Gunnarssyni.

Thelma Rut Hermannsdóttir fékk 46.900 í einkunn og endaði í 49. sæti. Hún var sex sætum á undan Dominiqua Ölmu Belányi, Embla Jóhannesdóttir lenti í 56. sæti og Jóhanna Rakel Jónasdóttir varð í 58. sætinu. - óój



**PIRRAÐIR** Fulham náði 2-2 jafntefli gegn Man. Utd fyrr í vetur en United sættir sig ekki við neitt minna en þrjú stig í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Verður Fulham áfram til vandræða fyrir Man. Utd?

**Manchester Utd tekur á móti Fulham í dag án Wayne Rooney. Fulham hefur oft reynst United erfitt í gegnum tíðina. Arsenal spilar á morgun gegn Blackpool á útivelli en Chelsea tekur á móti Wigan. Man. City og Liverpool spila á mánudag.**

**FÓTBOLTI** Manchester United getur náð tíu stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í dag takist liðinu að leggja Fulham á Old Trafford. Arsenal spilar ekki fyrr en á morgun, sem fer í taugarnar á Arsene Wenger, stjóra Arsenal, enda gæti bilið stækkað fyrir hvern leik Arsenal og sett aukapressu á hans lið.

Man. Utd verður án Waynes Rooney í dag þar sem hann er í tveggja leikja banni vegna munnsafnaðar. Það eru slæm tíðindi fyrir liðið, þar sem Rooney hefur loksins verið að finna taktinn í síðustu leikjum. Í hans stað kemur markahæsti leikmaður deildarinnar, Dimitar Berbatov, sem hefur mátt sætta sig við ansi mikla bekkjarsetu meðan Rooney og Javier Hernandez hafa spilað.

